



**DANÍEL GEIR MORITC**

*Via Via Hungaria og táragas í Búdapest*

ferðir bílar heimili

allt Í MIÐJU BLAÐSINS





**SJÁVARÚTVEGUR**

*Með salt í blóðinu*

Sérblað um sjávarútveg

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG.

SÉRBLAÐ FYLGIR
Europris
FRÁBÆR TILBOÐ!

FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

9. apríl 2008 — 96. tölublað — 8. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000

## MIÐVIKUDAGUR



### Börn frægra á svið

Afkvæmi þekktra einstaklinga slá í gegn í fyrirsætuheiminum.

FÓLK 22

### Rætur kreppunnar

„Hið ótrúlega var hvernig Seðlabankinn, undir forystu Greenspans, stóð aðgerðalaus hjá meðan fasteignabólan sótti í sig veðrið og beið þess að springa", skrifar Jeffrey Sachs.

Í DAG 16



### Léku fyrir Harold Pinter

Unnur Ösp og Björn Thors gerðu það gott með Hamskiptin í Bretlandi.

FÓLK 24



### Liverpool og Chelsea mætast

Ensku liðin Liverpool og Chelsea mætast í undanúrslitum Meistaradeildarinnar eftir dramatískt kvöld í Meistaradeildinni.

ÍÞRÓTTIR 26

### VEÐRIÐ Í DAG





**HVASST NORÐVESTAN TIL** Í dag verður hvöss norðaustanátt á Vestfjörðum og norðvestan til, annars hægari. Rigning eða slydda vestan til í fyrstu síðan úrkomulítið. Stöku skúrir eða él annars staðar.

VEÐUR 4

# Þingflokkur Samfylkingar hafnar breyttri löggæslu

**Þingflokkur Samfylkingarinnar leggst gegn hugmyndum dómsmálaráðuneytisins um uppskiptingu embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum. Þingmenn Samfylkingar telja breytingarnar óskynsamlegar.**

**STJÓRNMÁL** Þingflokkur Samfylkingarinnar hafnar hugmyndum dómsmálaráðuneytisins um skipan lög- og tollgæslumála á Suðurnesjum, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Tollalögum þarf að breyta til þess að hugmyndirnar verði að veruleika og ætlar þingflokkur Samfylkingarinnar að standa gegn því.

Þingflokkurinn fundaði um boðaðar breytingar á mánudag og varð niðurstaðan sú að hafna hugmyndunum um uppskiptingu embættisins.

Í breytingunum felst að verkefni tollgæslunnar heyri undir fjármálaráðuneyti, yfirstjórn öryggismála vegna flugverndar á Keflavíkurflugvelli undir samgönguráðuneyti en lög- og landamæragæsla undir dómsmálaráðuneyti. Jóhann R. Benediktsson, lögreglustjóri á Suðurnesjum, hefur lýst sig mótfallinn hugmyndunum líkt og undirmenn hans hjá embættinu.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins telja þingmenn Samfylkingarinnar breytingarnar óskynsamlegar og ekki í takt við tilmæli sem komið hafa frá Ríkisendurskoðun í skýrslu um ráðstafanir gegn innflutningi ólöglegra fíkniefna. Í henni segir meðal annars að móta eigi heildarstefnu til nokkurra ára í tollamálum fyrir landið allt.

Breytingarnar sem boðaðar hafa verið snúa aðeins að embættinu á Suðurnesjum, og finnst þingmönnum það til marks um ófaglegt verklag.

- mh



**STOLTUR MEÐ VEIÐINA** Þiðrik Unason á Klakki SH-510 var stoltur af þessum tveimur skötuselum við uppskipun í Reykjavíkurhöfn í gær. Skötuselurinn veiðist í vaxandi mæli hér við land vegna hlýnunar sjávar og þykir hið mesta lostæti, þótt vart geti hann talist með fallegri fiskum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kristófer Helgason:

## Var skotinn með rafbyssu

**LÖGREGLUMÁL** Kristófer Helgason, útvarpsmaður á Bylgjunni, flytur meðal annars inn rafbyssur þær sem lögreglan hefur til skoðunar með það fyrir augum að taka upp notkun þeirra hér á landi.

Kristófer, sem á KHelgason heildverslun, fór á sérstakt námskeið til að læra á tækið og virkni þess. Hluti námskeiðsins fólst í að vera skotinn með rafbyssunni: „Þetta var vont, á að vera vont en um leið og lokað var fyrir strauminn var allur sársauki fyrir bí og engin eftirköst."

- jbg/sjá síðu 30

Sænskur prófessor:

## Vill banna ísbíla

**HEILSA** Draga á úr offitu barna með því að banna ísbíla, að sögn sænsks prófessors.

„Farandsala á ís og sælgæti þar sem tónlist er notuð til að lokka börnin að bílnum tengist offituvandamálum hjá börnunum okkar," segir Bo Sjöberg, prófessor við Sahlgrensku akademíuna í Gautaborg, í viðtali við Dagens Nyheter.

- ghs

Kaupþing ræðst gegn skortstöðum erlendra spákaupmanna gegn Íslandi:

# Atlögu vogunarsjóða hrundið

**VIÐSKIPTI** Ísland og íslensk fjármálafyrirtæki hafa orðið fyrir kerfisbundnum árásum fjögurra erlendra vogunarsjóða síðustu vikur og mánuði, að sögn Sigurðar Einarssonar, starfandi stjórnarformanns Kaupþings. Allt útlit sé fyrir að atlögunni hafi verið hrundið.

„Mér sýnist að það séu einkum fjórir vogunarsjóðir sem hafa stundað þetta af miklum krafti," segir Sigurður og nefnir til sögunnar Trafalgar Funds, Cheney Capital, Landsdowne Fund og Ako Capital. Þessir aðilar og fleiri hafi tekið skortstöður í skuldatryggingum, en snúið sér svo að því að hafa kerfisbundið samband við erlenda fjölmiðla og greiningardeildir banka með neikvæðar spurningar og athugasemdir um íslenskt efnahagslíf og bankana. Við það hafi skuldatryggingaálag hækkað, til hafi orðið svokallað Íslandsálag og vogunarsjóðirnir náð fyrir vikið umtalsverðum hagnaði gegnum skortstöður sínar.

- bih / sjá Markaðinn í dag

ESEDRA



Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800
OPIÐ LAUGARDAG KL:11-16

Einstaklingstilboð nr. 2
Pizzasneið, 2 brauðstangir og gosglas
690 kr.
sbarro



Stjörnutorgi Kringlunni og Suðurlandsbr. 46
www.sbarro.is • sími 517 7750



## SPURNING DAGSINS



*Árni, lék Gore á Als oddi?*

„Já, ég var Al-sæll með hann.“

Al Gore, fyrrverandi varaforseti Bandaríkjanna, hélt erindi um loftslagsmál í Háskólabíói í gær. Árni Þór Sigurðsson alþingismaður var meðal gesta.

Fingralangur Makedóníumaður rekinn frá körfuboltaliði Stjörnunnar í Garðabæ:

# Neitaði að skila ránsfengnum

**LÖGREGLUMÁL** Körfuboltamaður frá Makedóníu sem leikið hefur hér á landi frá árinu 2005 hefur verið rekinn frá Stjörnunni í Garðabæ vegna gruns um stórfelldan þjófnað.

Lögreglan handtók manninn, sem heitir Dimitar Karadzovski, ásamt kærustu hans á mánudaginn. Dimitar er grunaður um að hafa farið ránshendi um búningsklefa í íþróttahúsi Stjörnunnar og jafnvel víðar, til dæmis í samkvæmum. Hann hefur leikið með Garðbæingum í vetur en lék þar á undan í tvö ár með Skallagrími í Borgarnesi.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins komst upp um Dimitar þegar hann hafði falið samlöndu sinni að koma fyrir hann tösku til heimalandsins. Í töskunni reyndust vera farsímar, skartgripir og þess háttar góss.



**DIMITAR KARADZOVSKI** Liðsmenn Stjörnunnar grunaði ekki Dimitar um græsku. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Leikmenn Stjörnunnar funduðu í fyrradag án Dimitars og fóru að því búnu að heimili hans. Ætlunin var að freista þess að endurheimta þýfið en Dimitar framvísaði ekki nema broti af því sem saknað var. Við svo búið gerði lögregla húsleit hjá Dimitar og mun hafa hirt þar nokkuð af meintu þýfi auk þess að handtaka leikmanninn. Kærustunni, sem leikur með körfuboltaliði í Reykjavík, var sleppt eftir yfirheyrslur. Dimitar var látinn laus í gær.

Auk þess að leika með Stjörnunni starfaði Dimitar hálfan daginn á dagheimili. Kannað er hvort hann kunni að hafi tekið hluti þar og í Borgarnesi ófrjálsri hendi. **- gar**

Yfirmaður Bílastæðasjóðs:

# Vill hækka stöðumælagjald

**SAMGÖNGUR** Framkvæmdastjóri Bílastæðasjóðs vill hækka gjald í stöðumæla í Reykjavík. Hæsta gjald fyrir bílastæði í Reykjavík er 150 krónur á klukkustund en í Kaupmannahöfn eru teknar rúmar 400 krónur fyrir sambærilegt stæði, að því er fram kemur í tilkynningu frá Umhverfissviði.

„Gjaldskrá þarf að hækka í Reykjavík og ökumenn þurfa að huga betur að umgengni sinni gagnvart gangandi og hjólandi vegfarendum,“ segir Kolbrún Jónatansdóttir framkvæmdastjóri Bílastæðasjóðs Reykjavíkurborgar, í tilkynningu á vef Reykjavíkurborgar. **- kh**

Harður árekstur á Suðurlandi:

# Maður lést í umferðarslysi

Karlmaður lést í bílslysi á Eyrarbakkavegi laust fyrir hádegi í gær.

Tildrög slyssins voru þau að jepplingi var ekið af hliðarvegi inn á Eyrarbakkaveg, í veg fyrir vörubíl á leið til suðurs. Ökumaður jepplingsins var úrskurðaður látinn á vettvangi og báru lífgunartilraunir ekki árangur. Ökumaður vörubílsins slapp ómeiddur en hlaut áfallahjálp. Ekki er unnt að greina frá nafni hins látna að svo stöddu.

Fimm hafa látist í umferðarslysum það sem af er árinu. **- kg**

Reykjavíkurflugvöllur:

# Banaslys þegar bíll féll á mann

Banaslys varð í skýli Flugfraktarinnar við Reykjavíkurflugvöll um klukkan hálfsjö í gærkvöld. Bíll, sem hafði verið lyft upp og verið var að gera við, féll ofan á mann sem lá undir honum. Ekki var vitað nánar um slysið þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi.

Þetta er í annað sinn á stuttum tíma sem banaslys verður með þessum hætti en maður lést í Hafnarfirði nýlega þegar bíll, sem hann var að gera við, féll ofan á hann. **- ghs**

## PULITZER VERÐLAUNIN

### Dylan verðlaunaður

Blaðamenn á bandaríska dagblaðinu Washington Post fengu Pulitzer-verðlaunin í sex flokkum fyrir árið 2007, meðal annars í flokknum almannaþjónusta og fréttir. New York Times fékk einnig verðlaun fyrir rannsóknablaðamennsku og upplýsandi umfjöllun. Söngvarinn Bob Dylan fékk heiðursverðlaun fyrir framlag sitt til alþýðutónlistar.

# Vill reisa jarðhýsi og bílskúr við Esjuberg

**Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík gerir ekki athugasemdir við áform Ingunnar Wernersdóttur um að reisa viðbyggingu við hið sögufræga hús Esjuberg á Þingholtsstræti 29a. Byggja á bílskúr og jarðhýsi með gufubaði og heitum potti.**

**SKIPULAGSMÁL** Fjárfestirinn Ingunn Wernersdóttir hyggst reisa viðbyggingu með niðurgröfnum kjallara og bílskúr við hús sitt á Þingholtsstræti 29a.

Samkvæmt uppdráttum arkitektastofunnar Argosar verður nýja byggingin í líkum stíl og gamla húsið sem byggt var árið 1916.

Á efri hæðinni verður bílskúr með anddyri. Þar fyrir ofan verður bílastæði með aðkomu frá Grundarstíg. Undir bílskúrnum og bílastæðinu verður stórt rými með heitum potti, gufubaði, búningsherbergjum og þvottahúsi. Innangengt verður frá báðum hæðum nýju byggingarinnar í gamla húsið.

Eins og fram kom í viðtali við Ingunni í Fréttablaðinu fyrir tveimur mánuðum þarfnaðist Þingholtsstræti 29a mikils viðhalds utan sem innan. Hún hefur hins vegar verið að láta taka húsið í gegn hátt og lágt og hyggst standsetja það sem fjölskylduhús.

Í húsinu voru lengst af höfuðstöðvar Borgarbókasafns Reykjavíkur, allt frá árinu 1952 til ársins 2000. Síðast bjó þar norski listmálarinn Odd Nerdrum, sem seldi Ingunni húsið í fyrra.

Erindi Ingunnar var tekið fyrir á síðasta fundi skipulagsfulltrúans í Reykjavík. Spurðist Argos fyrir hönd Ingunnar fyrir um það hvort henni yrði heimilað að reisa umrædda viðbyggingu. „Ekki eru gerðar athugasemdir við erindið. Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt þegar hún berst,“ segir í afgreiðslu skipulagsfulltrúa.



**ÞINGHOLTSSTRÆTI 29A** Húsið reisulega sem byggt var árið 1916 og nú er verið að endurnýja og stækka með viðbyggingu við norðurgaflinn vinstra megin á myndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þingholtsstræti 29a er sögufrægt hús og ein þeirra bygginga í miðbæ Reykjavíkur sem mestan svip setja á umhverfi sitt. Stefán Örn Stefánsson, arkitekt hjá Argos, játar því að viðbúið sé að margir muni láta sig útlit viðbyggingarinnar varða.

„Yfirbragðið verður það sama og í gamla húsinu, til dæmis verður kopar á þaki,“ segir Stefán, sem ekki væntir andstöðu við áformin. „Þetta verður nú ekki fyrir viðbygginguna að sjá. Ofanjarðar er þetta fyrst og fremst bílskúr. Þetta verður voðalega lítið áberandi en bætir fyrst og fremst aðstöðuna í húsinu.“ **gar@frettabladid.is**




**UPPDRÁTTUR** Vinstra megin á þessum uppdrætti sem Argos hefur sent skipulagsfulltrúa sést hvernig nýja viðbyggingin er hugsuð hægra megin við eldra húsið séð frá Þingholtsstræti. MYND/ARGOS

Evrópudómstóllinn:

# Bjórskattur Svía var í lagi

**SVÍÞJÓÐ Evrópudómstóllinn hefur komist að þeirri niðurstöðu að skattlagning Svía á bjór brjóti ekki gegn reglum Evrópusambandsins. Sænsk stjórnvöld hefðu því ekki þurft að breyta skattlagningu sinni eins og þau gerðu eftir að hafa fengið athugasemd frá Evrópuráðinu, að því er fram kemur á vefútgáfu Expressen.**

**Í rökstuðningi Evrópudómstólsins kemur fram það mat að skattlagningin hafi ekki fengið neytendur til að velja frekar sænskan bjór í staðinn fyrir innflutt vín sem þó voru aðalrök Evrópuráðsins. Dómstóllinn telur að verðmunurinn á einum lítra af víni og einum lítra af bjór sé svo mikill hvort sem er að neytendur hefðu varla farið að velja vín í staðinn.**

**- ghs**

Hjúkrunarfræðingar:

# Vilja samstöðu á Norðurlöndum

**VINNUMARKAÐUR** Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, FÍH, hvetur íslenska hjúkrunarfræðinga til að sýna samstöðu og sækja ekki um vinnu í Danmörku, Noregi og Svíþjóð meðan á kjarabaráttu og verkfallsaðgerðum hjúkrunarfræðinga í þessum löndum stendur. Þetta kemur fram á vefsvæði FÍH.

Stéttarfélag danskra hjúkrunarfræðinga hefur tilkynnt viðsemjendum sínum að gripið verði til aðgerða í ljósi þess að ekki hafi náðst saman um nýja samninga. Verkfallsaðgerðirnar ná til um 40 þúsund hjúkrunar- og geislafræðinga. Aðgerðir eru boðaðar í Svíþjóð frá 21. apríl og verkfall hefst í lok maí náist samkomulag ekki. **- ghs**






Tvítugur maður í þriggja vikna gæsluvarðhaldi:

# Var með þrjú kíló af amfetamíni í fölskum töskubotni

**LÖGREGLUMÁL** Íslenskur maður um tvítugt situr nú í gæsluvarðhaldi eftir að hafa gert tilraun til að smygla þremur kílóum af amfetamíni til landsins. Efnin faldi hann í fölskum töskubotni.

Það voru tollgæslan og lögreglan á Suðurnesjum sem komu upp um þessa tilraun mannsins. Hann var að koma frá París á mánudag þegar hann var stöðvaður í Leifsstöð, þar sem efnin fundust í fórum hans. Hann var úrskurðaður í þriggja vikna gæsluvarðhald í gær. Maðurinn hefur komið við sögu lögreglu áður, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Lögreglan á Suðurnesjum vinnur nú að rannsókn málsins af fullum krafti.

Lögreglan og tollgæslan á Suðurnesjum hafa í sameiningu stöðvað allmarga fíkniefnasmyglara og gert upptæk nær átta kíló af fíkniefnum það sem af er þessu ári. Sex manns sitja nú í gæsluvarðhaldi eftir að hafa verið stöðvaðir með fíkniefni í Leifsstöð. Auk piltsins sem tekinn var á mánudag situr inni Þjóðverji sem reyndi að smygla inn 23 þúsund e-töflum. Einnig þrír Pólverjar sem teknir voru fyrir skemmstu með kíló af amfetamíni, auk þess sem einn þeirra var í endurkomubanni. Loks situr inni maður í gæsluvarðhaldi vegna svokallaðs hraðsendingarmáls, þar sem lögregla og tollgæsla tóku fimm og hálft kíló af hörðum fíkniefnum. **- jss**



**AMFETAMÍN** Lögregla og tollur á Suðurnesjum hafa tekið nær átta kíló af fíkniefnum það sem af er ári.

# FASTEIGNASÝNING

## HÚSNÆÐISKAUP ERLENDIS



Í fyrsta sinn á Íslandi,
ein stærsta fasteignasýning
á norðurlöndunum.
Söluaðilar frá fjölmörgum
löndum, sýna yfir 1000
nýjar og notaðar eignir
sem eru til sölu
víðsvegar um heiminn.
Um er að ræða íbúðir,
raðhús og einbýli.
Einnig fasteignir
til fjárfestingar.

Komdu í Vetrargarðinn í Smáralind og gerðu draum þinn um heimili
í sól og hita að veruleika.

**Verið velkomin**

Framkvæmdaraðili: Fair Media International
www.fairmedia.info

BANDARÍKIN, BRASILÍA, KÝPUR, GRIKKLAND, ÍSLAND, ÍTALÍA, KARABÍSKAHAFIÐ, MAROKKÓ, PORTÚGAL, SLÓVAKÍA, SPÁNN, TÆLAND, TYRKLAND OFL.

Smáralind
Kópavogi
Næg bílastæði

**Sýningin fer fram**
**í Vetrargarðinum í Smáralind.**

lau. og sun. 12. - 13. apríl
11:00 - 18:00
Aðgangur ókeypis

**GENGIÐ 08.04.2008**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 72,43 | 72,77 |
| Sterlingspund | 143,07 | 143,77 |
| Evra | 114,09 | 114,73 |
| Dönsk króna | 15,291 | 15,381 |
| Norsk króna | 14,32 | 14,404 |
| Sænsk króna | 12,18 | 12,252 |
| Japanskt jen | 0,7087 | 0,7129 |
| SDR | 118,47 | 119,17 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
146,7342

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



**ÚRAN Í ÍRAN** Frá tilraunum í kjarnorkustöðinni í Natanz. NORDICPHOTOS/GETTY

Íranar fjölga úranskilvindum:

## Auka ótrauðir auðgun úrans

**ÍRAN, AP** Íranar eru að koma sér upp sex þúsund nýjum skilvindum til að auðga úran í kjarnorkuvinnslustöð sinni í Natanz. Mahmoud Ahmadinejad forseti tilkynnti þetta í gær. Í dag eru þrjú þúsund skilvindur í notkun í Natanz.

Viðbrögð vesturvelda hafa verið misjöfn. Frakkar kölluðu eftir að samþykktum öryggisráðs SÞ yrði fylgt eftir, en Rússar vilja leggja fram nýjar tillögur um efnahagstengsl, gegn því að Íranar hætti við.

Íranar hafa nýverið hafnað slíkum samningi og stefna að því að koma upp 54.000 skilvindum. - kóp

**VOGAR**

### Fá inni á heimasíðunni

Listamönnum í Vogum á Vatnsleysuströnd verður að ósk sinni og fá svæði á heimasíðu sveitarfélagsins til að kynna sjálfa sig.

**LEIÐRÉTTINGAR**

Þau mistök urðu við gerð fréttar af tískusýningu nema á öðru ári í fatahönnun við Listaháskóla Íslands, að hönnun Maríu Bjargar Sigurðardóttur var eignuð Ernu Bergmann.

Undir mynd af Íþróttamiðstöð Álftaness neðst á annarri síðu sérblaðs um byggingariðnað í Fréttablaðinu í gær var fyrir mistök settur texti um Ásvallalaug í Hafnarfirði.

Óvenjumörg afburðanaut ársins 2002 þykja líkleg til að bæta kúastofninn:

# Gæðanautasæði kætir bændur

**LANDBÚNAÐUR** Upplýsingar sem teknar hafa verið saman um afkvæmi nauta sem komu í heiminn árið 2002 sýna að í honum voru yfirburðanaut sem gefið hafa mjög góð afkvæmi sem eru líkleg til að stuðla að framförum íslenska kúastofnsins. Þetta segir Sveinbjörn Eyjólfsson, framkvæmdastjóri Nautastöðvar Bændasamtaka Íslands.

„Þetta eru góðar fréttir fyrir bændur en ekki síður fyrir neytendur," segir Sveinbjörn og útskýrir að á hverju ári sé tekið sæði úr um 20 til 30 efnilegum nautum. Eftir að 6.600 skammtar hafa fengist úr hverjum þeirra sé



**KÝR** Sæði gæðanauta sem komu í heiminn árið 2002 þykja líkleg til að stuðla að framförum íslenska kúastofnsins.

þeim slátrað en vandlega sé fylgst með afdrifum þeirra mjólkurkúa sem þeir gefa af sér. Venjulega komi í ljós að um sex til átta nautskálfar gefa af sér afkvæmi sem þykja líkleg til að stuðla að framförum íslenska kúastofnsins og er sæði þeirra því nýtt áfram og fá þeir heitið nautsfeður. Sæði hinna nautanna er svo hent.

Sveinbjörn segir að af hinum efnilega nautahópi sem kom upp árið 2002 fari fremstur í flokki nautið Skurður frá Stóru-Mörk í Rangárþingi eystra „Úr honum eigum við 5.500 skammta enn," segir Sveinbjörn og má því búast við þónokkuð mörgum gæðakúm undan honum í framtíðinni. - kdk

Hraðbankaþjófar enn í haldi:

## Grunur um vitorðsmenn hér

**LÖGREGLUMÁL Rökstuddur grunur leikur á að meintir hraðbankaræningjar, sem voru á ferli í höfuðborginni um páskana, hafi átt vitorðsmenn hér á landi. Gæsluvarðhald yfir þeim var framlengt í fyrradag til 18. apríl.**

**Mennirnir tveir, sem eru frá Rúmeníu og Þýskalandi, voru gripnir í Leifsstöð í lok síðasta mánaðar þar sem þeir voru á leið úr landi með milljónir íslenskra króna. Þeir voru með fjölmörg greiðslukort, sem þeir notuðu við svikin. Þeir fóru vítt og breitt um höfuðborgina og sviku milljónir út úr hraðbönkum.** - jss

# Einangrunarvistin er illskiljanlegt harðræði

**Ræðismaður Íslands í Færeyjum segir langa einangrunarvist Íslendings í fangelsi þar illskiljanlegt harðræði. Hann hefur lýst þeirri skoðun sinni við þarlend yfirvöld. Saksóknari vill dæma manninn fyrir aðild að öllu Pólstjörnumálinu.**

**DÓMSMÁL** „Ég hef rætt mál piltsins við færeysk yfirvöld og lýst þeirri skoðun að þessi langa einangrunarvist væri illskiljanlegt harðræði."

Þetta segir Eiður Guðnason, ræðismaður Íslands í Færeyjum, spurður um aðkomu hans að máli unga mannsins sem setið hefur í einangrun í fangelsi í Þórshöfn í nær hálft ár. Málið er nú fyrir dómstólum í Færeyjum. Eiður kveðst ekki hafa formlega aðkomu að málinu frekar en öðrum dómsmálum.

„Mér var til að mynda ekki tilkynnt á sínum tíma um að íslenskur ríkisborgari hefði verið handtekinn og gerði ég athugasemd við það," segir Eiður." Vandinn er hins vegar sá að lögreglumál hér eru enn í höndum Dana, þannig að færeysk yfirvöld hafa lítil áhrif á þessi mál. Þau vita hins vegar vel um skoðanir okkar á þessari löngu einangrun."



**EIÐUR GUÐNASON**

Eiður kveðst hafa rætt við danska lögfræðinginn sem er saksóknari í málinu svo og við færeyska lögmanninn sem er verjandi unga mannsins.

„Ég hef um nokkurt skeið heimsótt unga manninn vikulega," bætir hann við, „og fært honum bækur, afþreyingarefni og fleira."

Vitnaleiðslum í máli unga mannsins var fram haldið fyrir dómi í Þórshöfn í gær. Þá báru meðal annars vitni kærasta hans og fjölskylda hennar.

„Þetta hefur verið afar erfitt í dag fyrir þau öll, bæði son minn, kærustu hans, vini og fjölskyldu hennar," segir Íris Inga Svavarsdóttir, móðir mannsins. Hún segir honum verða haldið í einangrun fram á föstudag. Hún fái að hitta hann án eftirlits eftir að dómur í málinu sé genginn, fyrr ekki.

Íris Inga segir augljóst að saksóknarinn sé að reyna að koma sök í Pólstjörnumálinu í heild sinni á unga manninn. Saksóknari hafi farið í smáatriðum yfir allt málið, sýnt myndir af skútunni bak og fyrir, hvar efnin voru geymd, myndir af heildarmagni fíkniefnanna sem komu til Íslands, símunum sem Pólstjörnumennirnir voru með og svo mætti áfram telja.

Athygli hefur vakið að íslenskir lögreglumenn sem



**EINANGRUN** Íslendingurinn dvelur enn í einangrunarklefa eins og þessum. Myndin er tekin í fangelsinu í Þórshöfn. MYND/DIMMALÆTTING

rannsökuðu Pólstjörnumálið hafa ekki verið kvaddir fyrir dóminn í Færeyjum til að bera vitni. Íslenska lögreglan hefur sent umbeðin gögn til Færeyja. Í vitnaskýrslum sem teknar voru af Pólstjörnumönnunum hér heima kemur fram að Íslendingurinn í Færeyjum hafi enga aðild átt að fjármögnun né skipulagningu smyglsins, né haft vitneskju um það fyrr en í lok tímans sem smyglararnir dvöldu þar vegna bilunar í skútunni. jss@frettabladid.is

Ríkislögreglustjóri:

## Fíkniefnahundur á Seyðisfjörð

**LÖGREGLUMÁL** Yfirhundaþjálfari ríkislögreglustjóra afhenti formlega í fyrradag fíkniefnaleitarhundinn Codie til embættis lögreglustjórans á Seyðisfirði. Hundurinn hefur verið grunnþjálfaður og nú tekur embættið við honum til áframhaldandi þjálfunar hunds og hundamanns. Kaup á hundinum voru fjármögnuð með gjafafé. Hann verður notaður jöfnum höndum í þágu lög- og tollgæslu í baráttunni gegn meðferð, sölu og innflutningi á fíkniefnum. - jss

Sturla Jónsson bílstjóri:

## Boðaður í skýrslutöku

**LÖGREGLUMÁL Sturla Jónsson, talsmaður bílstjóra, hefur verið boðaður til skýrslutöku hjá lögreglunni klukkan 9 í dag. Sturla var boðaður vegna aðgerða bílstjóra síðustu daga.**

**„Það virðist vera bannað að mótmæla á Íslandi, ég get ekki séð annað," segir Sturla. Hann segir bílstjóra fráleitt hætta mótmælum.**



**STURLA JÓNSSON**

**„Nei, við ætlum að klára málið og munum fara af stað einhvern tímann á næstu dögum. Menn eru að ræða stóra stoppið," segir Sturla, en þar á hann við það að skilja fjölda trukka eftir mannlausa í umferðinni.** - kóp

**DÓMSTÓLAR**

### Dópsali fékk einn mánuð

Karlmaður var í gær dæmdur í eins mánaðar skilorðsbundið fangelsi fyrir að hafa í vörslu sinni um 114 grömm af marijúana sem lögregla fann við húsleit. Efnin voru ætluð til sölu.

HEIMS ÞORPIÐ
Háskólinn í Reykjavík er suðupottur bekkingar frá ólíkum samfélögum og menningarheimum þar sem starfa kennarar frá 23 löndum.
Tökum við umsóknum núna
Kynntu þér námið á www.hr.is
HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

**VEÐURSPÁ**



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

**VÍÐA ÚRKOMA**
Framan af morgni verður úrkomusamt á landinu vestanverðu með rigningu eða slyddu en sumstaðar snjókomu. Eftir hádegi dregur úr þessari úrkomu. Norðan til og austan má hins vegar búast við stöku snjó- eða slydduéljum í dag og allra syðst verður úrkomuloft viðloðandi til kvölds.



**Á MORGUN**
10-15 m/s norðvestan til annars mun hægari.

**FÖSTUDAGUR**
5-13 m/s, hvassast með ströndum.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 6° |
| Billund | 10° |
| Ósló | 7° |
| Stokkhólmur | 5° |
| Gautaborg | 7° |
| London | 12° |
| París | 12° |
| Frankfurt | 10° |
| Friedrichshafen | 14° |
| Berlín | 8° |
| Alicante | 19° |
| Mallorca | 17° |
| Róm | 18° |
| Eindhoven | 10° |
| Las Palmas | 21° |
| New York | 15° |
| Orlando | 27° |
| San Francisco | 14° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

## Félagsvísindadeild

MA og diplómanám í alþjóðasamskiptum
MA í blaða- og fréttamennsku.
MLIS í bókasafns- og upplýsingafræði
MA og diplómanám í bókasafns- og upplýsingafræði
MA og diplómanám í félagsfræði
MA og diplómanám í félagsráðgjöf
MA í félagsráðgjöf til starfsréttinda
MA og diplómanám í fötlunarfræði
MA í hagnýtri þjóðfræði
MA og diplómanám í kennslufræði til kennsluréttinda
MA í kynjafræði og diplómanám í hagnýtri jafnréttisfræði
MA og diplómanám í mannfræði
MA og diplómanám í náms- og starfsráðgjöf.
MA í norrænni trú (kennt á ensku)
MPA og diplómanám í opinberri stjórnsýslu
MA í stjórnmálafræði
MA og diplómanám í uppeldis- og menntunarfræði
MA í þjóðfræði
MA og diplómanám í þróunarfræði
MA og diplómanám í öldrunarfræðum

## Hugvísindadeild

Almenn bókmenntafræði (M.A., doktorsnám)
Danska (M.A., M.Paed.)
Enska (M.A., M.Paed.)
Fornleifafræði (M.A., doktorsnám)
Franska (M.A., M.Paed.)
Hagnýt ritstjórn og útgáfa (M.A.)
Hagnýt menningarmiðlun (M.A.)
Heilbrigðis- og lífsiðfræði (M.A.)
Heimspeki (M.A., M.Paed., doktorsnám)
Íslensk fræði (M.A.)
Íslensk málfræði (M.A., doktorsnám)
Íslenska (M.Paed.)
Íslenskar bókmenntir (M.A., doktorsnám)
Medieval Icelandic Studies (M.A.)
Sagnfræði (M.A., M.Paed., doktorsnám)
Spænska (M.A., M.Paed.)
Starfstengd siðfræði (diplómanám)
Tungutækni (M.A.)
Umhverfis- og náttúrusiðfræði (M.A.)
Viðskiptasiðfræði (M.A.)
Þýðingafræði (M.A.)
Þýðingar (diplómanám)
Þýska (M.A., M.Paed.)

# Taktu næsta skref!

**Kynning á meistaranámi** hjá félagsvísindadeild, guðfræðideild, hugvísindadeild, lagadeild og viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands.

Kynningin verður **í dag** 9. apríl, kl. 16-18 á Háskólatorgi.

Umsóknarfrestur í meistaranám er til og með 15. apríl.

SIGILLUM UNIVERSITATIS ISLANDIAE

HÁSKÓLI ÍSLANDS

www.hi.is

## Viðskipta- og hagfræðideild

Ms í fjármálum fyrirtækja
MS í mannauðsstjórnun
MS í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum
MS í stjórnun og stefnumótun
MS í viðskiptafræði
MAcc í reikningshaldi og endurskoðun
MBA í viðskiptafræði
-
MS í fjármálahagfræði
MS í hagfræði
MS í heilsuhagfræði

## Lagadeild

Mag.jur. í lögfræði - Almennt nám
Mag.jur í lögfræði með áherslu á:
- Evrópuréttur
- Fjármunaréttur
- Refsiréttur
- Réttarfar
- Stjórnsýsluréttur
- Umhverfis- og auðlindaréttur
- Upplýsingatækniréttur
- Verðbréfamarkaðsréttur
- Viðskipta- og skattaréttur
- Þjóðaréttur

LL.M. í auðlindarétti og alþjóðlegum umhverfisrétti

## Guðfræðideild

Guðfræði (M.A., doktorsnám)

H2 hönnun

## KJÖRKASSINN



*Vilt þú að íslenskir ráðherrar leigi þotur til ferðalaga?*

| | |
|---|---|
| Já | 32,1% |
| Nei | 67,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Munu pálmatré skjóta rótum á Íslandi á okkar tímum?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Ekki er ljóst hverjir standa að hugmyndinni um olíuhreinsunarstöð:

# Neitar að upplýsa um bakhjarl

**ATVINNUMÁL** Óljóst er hvaða olíufélag, eða félög, hefur áhuga á því að reka olíuhreinsunarstöð á Vestfjörðum. Ólafur Egilsson, annar tveggja eigenda Íslensks hátækniiðnaðar, sem unnið hefur að kynningu olíuhreinsunarstöðvar hér á landi, segist ekki geta gefið upp á þessari stundu hvaða olíufyrirtæki séu að baki hugmyndinni um olíuhreinsunarstöðina. „Við brjótum ekki trúnað,“ sagði Ólafur. Starfsmenn á upplýsingasviði rússnesku olíufélaganna LUKOIL og Gazprom Neft, olíuhluta rússneska ríkisfyrirtækisins Gazprom, neituðu því í samtali við Fréttablaðið í gær að félögin hefðu nokkuð með hugmynd um olíuhreinsunarstöð að gera. Það sama gerði Eirik Hauge, yfirmaður olíufyrirtækisins Exxon Mobil í Noregi. „Við komum ekki að þessari hugmynd með neinum hætti og höfum það ekki á stefnuskránni,“ sagði Eirik í samtali við Fréttablaðið.



**ARNARFJÖRÐUR** Íslenskur hátækniiðnaður vinnur að framgangi hugmyndar um olíuhreinsunarstöð á Vestfjörðum. FRÉTTABLAÐIÐ/BB

Fyrirtækið Katamag-Nafta, sem er dótturfyrirtæki Geostream, hefur átt í viðræðum við Íslenskan hátækniiðnað en það fyrirtæki hefur í gegnum árin starfað mikið með fyrrnefndum olíufyrirtækjum í Rússlandi.

Markmið olíuhreinsunarstöðvar er að sögn Ólafs Egilssonar að treysta undirstöður íslensks efnahagslífs, auka fjölbreytni þess og efla framleiðslu sem byggir á fullvinnslu hráefnis úr náttúrunni, það er jarðolíu. Helst er stefnt á að hafa stöðina í Arnarfirði eða á Söndum í Dýrafirði. **- mh**

Hvarf stúlku í Svíþjóð:

# Handtekinn maður neitar

**SVÍÞJÓÐ** Maður hefur verið handtekinn grunaður um aðild að hvarfi tíu ára gamallar stúlku, Englu Juncosa-Höglund, í Svíþjóð. Maðurinn er atvinnubílstjóri og gamall kunningi lögreglunnar. Hann hefur neitað aðild, að sögn sænska dagblaðsins Dagens Nyheter.

Engla hvarf á laugardaginn þegar hún var að hjóla heim til sín. Fyrir tilviljun voru myndir teknar af Englu á leiðinni og umhverfinu. Á einni myndinni sést í rauðan bíl. Hinn handtekni á rauðan Saab.

Ef Engla finnst ekki á næstunni er talið víst að hún sé látin, að sögn lögreglu. **- ghs**




Þú ert það sem þú hugsar

2 fyrir I

Síðustu tvö helgarnámskeiðin með Guðjóni Bergmann:

· 18. til 20. apríl ·
· 30. maí til 1. júní ·

~~Fullt verð: 32.900 kr.~~
Tilboðsverð, 2 fyrir 1: 16.450 kr. pr. mann

*2 fyrir 1 tilboðið gildir frá 8. til 18 .apríl.*

gbergmann.is


# Siðferðisleg skylda að leggja baráttunni lið

**Al Gore, þekktasti baráttumaður heims fyrir hnattrænum aðgerðum gegn hlýnun loftslags, segir það siðferðislega skyldu Íslendinga og annarra þjóða að gera það sem í þeirra valdi stendur til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.**

**UMHVERFISMÁL** Al Gore, fyrrverandi varaforseti Bandaríkjanna og friðarverðlaunahafi Nóbels, tjáði troðfullum stóra sal Háskólabíós í gær að þótt Íslendingar sýndu gott fordæmi með heimsforystu í nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa yrðu þeir eins og aðrar þjóðir heims að leggja meira á sig til að vinna gegn loftslagsbreytingum af völdum losunar gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið. Það væri „siðferðisleg skylda“ núlifandi kynslóðar jarðarbúa gagnvart komandi kynslóðum.

Gore kom víða við í nærri tveggja tíma löngum fyrirlestri sínum. Hann hóf mál sitt á að þakka Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, fyrir að bjóða sér hingað og fyrir áratuga gagnkvæma vináttu sem hefði hafist er þeir báðir voru óbreyttir þingmenn.

Líkt og í hinni verðlaunuðu kvikmynd og bók sinni, „Óþægilegum sannleika“, lýsti Gore margvíslegum dæmum um þær afleiðingar sem síhækkandi hlutfall koltvísýrings í lofthjúpi jarðar og gróðurhúsaáhrifin muni hafa í för með sér.

Gore sagði að í höfuðdráttum væru þrír þættir sem yllu því að hraði loftslagsbreytinga hefði verið að aukast á síðustu árum og stefndi í að aukast enn frekar, ef ekkert yrði að gert. Í fyrsta lagi ylli fólksfjölgunarsprenging síðustu áratuga ört vaxandi eftirspurn eftir matvælum sem ylli því að æ stærri hlutar frumskógarins í hitabeltinu – „lungu jarðar“ - væri eytt til að ryðja land til ræktunar og búsetu. Þessi skógareyðing veldur fjórðungi hinnar árlegu aukningar á koltvísýringslosun í heiminum. Með iðnvæðingu þróunarlandanna stóreykst líka notkun þeirra á jarðefnaeldsneyti.



**GORE Í HÁSKÓLABÍÓI** Húsfyllir var á fyrirlestrinum, sem Glitnir og Háskóli Íslands stóðu að. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í öðru lagi yllu tækniframfarir því að mannkynið gerist æ stórtækara í inngripum sínum í náttúruna, svo sem í landbúnaði, fiskveiðum, námuvinnslu og mannvirkjagerð.

Í þriðja lagi væri það hugsunarháttur fólks. Honum þyrfti að breyta. Að sínu áliti væri vænlegast til árangurs að „setja verðmiða á kolefnið“. Það er að segja að koma á kerfi þar sem allir losendur gróðurhúsalofttegunda væru látnir greiða fyrir losunina með því að vera gert að kaupa sér losunarheimildir.

Gore sagði mikið undir því komið fyrir framtíð lífs á jörðinni að þjóðir heims sameinuðust um það á loftslagsráðstefnu SÞ í Kaupmannahöfn á næsta ári að setja sér bindandi markmið um að draga svo um munar úr losuninni á komandi árum. Enginn mætti skorast undan því að taka þátt í að axla þá byrði – allra síst hans eigið land, Bandaríkin. Komandi kynslóðir muni þakka okkur fyrir það.



**VINIR** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, og Gore báru lof hvor á annan og þökkuðu fyrir áralanga vináttu.

**audunn@frettabladid.is**


Vissir þú að ...

Það tekur sex ár í háskóla að læra til ljósmóður á Íslandi.

Meirihluti íslenskra ljósmæðra hefur lært að nota nálastungur í starfi sínu.

Ljósmæður eru viðstaddar allar barnsfæðingar á Íslandi.

Starf ljósmóður er lögverndað á Íslandi.

*Við tökum vel á móti þér*

LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

www.ljosmodir.is


Fjármálaráðherra fundaði með atvinnubílstjórum:

# Breytingar ekki mögulegar fyrr en að loknu haustþingi

**MÓTMÆLI** Verði breytingar á stefnu ríkisstjórnarinnar hvað varðar olíumál og samgöngur er þeirra ekki að vænta fyrr en að loknu næsta haustþingi, segir Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra. Hann fundaði með fulltrúum atvinnubílstjóra í gær. Árni segir fundinn hafa verið góðan, bílstjórar hafi náð að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.

„Ég mun koma á fundi bílstjóra og þeirra sem vinna að þessum málum fyrir okkur svo raddir þeirra heyrist vel inni í þeirri vinnu. Í vinnu nefndanna þarf að sameina fjölmörg sjónarmið,“ segir Árni og vísar þar í þrjár nefndir sem vinna að málinu. Nefnd á vegum fjármálaráðuneytisins sem skoðar samræmingu á gjaldtöku á ökutækjum og eldsneyti út frá umhverfissjónarmiðum, nefnd um almenningssamgöngur á vegum samgönguráðuneytisins og nefnd á vegum viðskiptaráðuneytisins um landflutninga.



**ÓÁNÆGÐIR BÍLSTJÓRAR** Bílstjórar voru ekki ánægðir með þau svör sem þeir fengu hjá fjármálaráðherra.

Sturla Jónsson, talsmaður bílstjóra, segir ýmislegt gagnlegt hafa komið fram, en aðgerðir vanti. „Við getum ekkert beðið fram á haust eða enn lengur,“ segir Sturla og telur frekari aðgerðir vísar. Ráðherra segir ríkisstjórnina ekki munu funda sérstaklega um aðgerðir og kröfur bílstjóra. **- kóp**

# Mesta úrvalið




Við veljum einungis besta hráefnið í salatbarinn.
Þess vegna veljum við Holt & Gott.

Holt & Gott




OPIÐ til 20 alla daga

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
➔ flugfelag.is

Netið

Þú færð alltaf hagstæðasta verðið á **www.flugfelag.is**

Kostnaður við flug með leiguþotum kunngerður:

# 850 þúsund krónum dýrara

**STJÓRNMÁL** Flug ráðamanna með leiguþotum kostaði tæplega 850 þúsund krónum meira en hefðu þeir flogið með áætlunarflugi, samkvæmt tilkynningu sem forsætisráðuneytið gaf út í gær.

Samkvæmt henni hefði kostnaður við áætlunarflug, hótel og öryggismál við Búkarestförina verið um 3,7 milljónir króna ef farið hefði verið með áætlunarflugi. Leiga á þotu frá flugfélaginu IceJet kostaði 4,2 milljónir króna. Fimm vinnudagar spöruðust við að fara þessa leið, sem verðlagðir eru á um 200 þúsund krónur og dagpeningar á um 100 þúsund krónur.



**ÞOTA ICEJET** Dornier-vélin sem Geir H. Haarde og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir flugu með til Búkarest. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ráðherrar flugu til Svíþjóðar með flugvél frá flugfélaginu Erni og nam leigan á henni 2.680.000 krónum, en kostnaður með áætlunarflugi hefði verið 1.106.000 krónur samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu. Þá eru 360 þúsund krónur sagðast hafa sparast með færri nóttum á hóteli og sparnaði í dagpeningum og vinnudögum. Samanlagður kostnaðarauki miðað við áætlunarflug er því tæplega 850 þúsund krónur.

Gréta Ingþórsdóttir, aðstoðarmaður forsætisráðherra, segir að ráðuneytið hafi orðið að gefa kostnaðinn upp samkvæmt upplýsingalögum. Forsætisráðherra mun fljúga með áætlunarflugi í ferð til N-Ameríku sem hann fer í apríl, að því er kemur fram í tilkynningunni. **- kóp**

# Aukin pólitísk samskipti við Afríkuríki

**Íslendingar hafa vanmetið stjórnmálalegt mikilvægi Afríkuríkja og horft um of á aðstoð við þau, að mati utanríkisráðherra. Þessu á að breyta. Svavar Gestsson sendiherra verður sérstakur fulltrúi Íslands í Afríku næstu mánuði.**

**ALÞINGI** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra færði rök fyrir nauðsyn þess að Ísland reki virka utanríkisstefnu í umræðum um utanríkismál á Alþingi í gær. Hún sagði stundum látið að því liggja að Ísland ætti helst ekki að kveðja sér hljóðs á alþjóðavettvangi og ætti þar takmarkað erindi. „Enn heyrist að Íslandi farnist best að taka aðeins þátt þegar um þröngt skilgreinda sérhagsmuni er að ræða. Þetta sjónarmið kann að hafa átt við hér áður fyrr, en ekki í dag,“ sagði Ingibjörg.

Hún sagði utanríkisstefnu landsins byggja á þríþættum styrkleika landsins; reynslu á sviði sjálfbærrar nýtingar sjávarauðlinda, þekkingu af nýtingu endurnýjanlegrar orku og merkra sögulegra áfanga í jafnréttisbaráttu kvenna og sterkrar ímyndar íslenskra kvenna. Ingibjörg rakti nokkur helstu viðfangsefnin á sviði utanríkismála og staldraði meðal annars við Afríku. Sagði hún unnið að heildstæðri framkvæmdaáætlun um málefni álfunnar sem taka mundi til stjórnmálasamskipta auk þróunarsamstarfs og friðarþróunar. „Það er álit mitt að við höfum að vissu leyti vanmetið stjórnmálalegt mikilvægi Afríkuríkja og einblínt um of á aðstoðarþáttinn í samskiptum okkar við þau.“ Ingibjörg sagði Ísland hafa fengið áheyrnaraðild að Afríkusambandinu og til að fylgja því eftir og efla enn frekar samstarf við samtökin og einstök Afríkuríki yrði Svavar Gestsson, sendiherra í Kaupmannahöfn, sérstakur fulltrúi Íslands gagnvart Afríkusambandinu, með aðsetur í Addis Ababa í Eþíópíu. Mun hann gegna því verki samhliða störfum sínum í Kaupmannahöfn. Gat hún þess að vera hans þar myndi gagnast framboðinu til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Í sérstökum kafla um framboðið sagði Ingibjörg að á annað hundrað ríki hefðu veitt skriflegt vilyrði um stuðning.

Ingibjörg sagði mikið hafa verið unnið í því augnamiði að flétta mannréttindaáherslur inn í stefnu og aðgerðir Íslands á ólíkum málaflokkum alþjóðamála, enda varði átakamál samtímans oftast



**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR** Utanríkisráðherra flutti ræðu um utanríkis- og alþjóðamál á Alþingi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

mannréttindi. Kvaðst hún nefna þetta þar sem heyrst hefðu háværar kröfur frá fámennum hópi um að Ísland ætti að ganga lengra heldur en önnur lönd í Evrópu og slíta stjórnmálasambandi við ríki sem gagnrýnd væru fyrir mannréttindabrot. „Slík viðbrögð skila ekki endilega árangri en leiða augljóslega til áhrifaleysis, í einskis þágu. Þolendur mannréttindabrota um víða veröld eru engu bættari,“ sagði hún og bætti við að Ísland ætti ekki að slíta stjórnmálasambandi, heldur beita því í þágu friðsamlegrar lausnar deilumála. **bjorn@frettabladid.is**

## RÉTTMÆT GAGNRÝNI Á SAMRÁÐSLEYSI

Gagnrýni á að utanríkisráðherra hafi ekki fundað með utanríkismálanefnd í aðdraganda leiðtogafundar Atlantshafsbandalagsins í Búkarest í síðustu viku er réttmæt, að mati Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur. „Að sjálfsögðu hefði átt að halda fund með utanríkismálanefnd og fara yfir málin,“ sagði Ingibjörg á Alþingi í gær. Hún sagði að svo hefði háttað til að þingið hefði verið í fríi til 30. mars og aðeins starfað í tvo daga eftir páskaleyfi áður en fundurinn ytra hófst. Því hefði ekki gefist rúm til að hafa eðlilegt samráð við utanríkismálanefnd.

## SAMRÁÐ UM ÞJÓÐARÖRYGGISMÁL

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að koma á fót vettvangi fyrir samráð formanna stjórnmálaflokkanna á Alþingi um þjóðaröryggismál. Er gert ráð fyrir að þeir hittist vor og haust og ræði um stöðu og þróun mála varðandi þjóðaröryggi og hættumat, stöðu mála innan alþjóðastofnana og samráð við helstu samstarfsríki. Með þessu er yfirlýsing ríkisstjórnarinnar úr stjórnarsáttmálanum komin til framkvæmda. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra upplýsti þetta í ræðu sinni um utanríkismál á Alþingi í gær.

## Steingrímur J. efast um innistæður

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, sagði margt í ræðu utanríkisráðherra og stefnu Íslands í utanríkismálum hljóma mjög vel. En best væri að horfa á stefnuna eins og hún birtist og velta fyrir sér hvort innistæður væru fyrir fögru orðunum. Komst hann að því að svo væri ekki.

Steingrímur gagnrýndi skort á samráði við utanríkismálanefnd áður en oddvitar stjórnarflokkanna héldu á leiðtogafund Nató og þátttöku Íslands í aðgerðunum í Afganistan. Lýsti hann jafnframt áhyggjum af loftlagsbreytingum og sagði íslensk stjórnvöld draga lappirnar gagnvart þeirri vá. Árni Þór Sigurðsson, þingmaður VG, ítrekaði þá afstöðu



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**

flokks síns að Ísland ætti að segja sig úr Nató. Magnús Stefánsson, þingmaður Framsóknarflokksins, og Kristinn H. Gunnarsson, þingflokksformaður Frjálslynda flokksins, lýstu báðir nokkurri ánægju með utanríkisstefnuna. Fagnaði Magnús þeim sinnaskiptum sem greinilega hefðu orðið í röðum Samfylkingarþingmanna því þeir hefðu í tíð fyrri ríkisstjórnar gagnrýnt fjárframlög til utanríkisþjónustunnar en ekki væri annað að sjá en að nú ætti að efla hana.

Kristinn var sama sinnis en sagði mikilvægt að leita leiða til að lágmarka kostnað. Harmaði hann líka hve treglega gengi að koma á samráði ráðherra og utanríkismálanefndar.

Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld

Fjármálakvöld Landsbankans

Landsbankinn kynnir „Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld“, röð fjármálanámskeiða fyrir almenning. Á námskeiðunum fjalla sérfræðingar bankans um þætti sem lúta að fjármálum heimilanna, fjárfestingartækifærum og skattamálum. Fjármálakvöldin hefjast kl. 20 og eru öllum opin án endurgjalds. Í boði eru kaffi og veitingar.

Dagskrá fjármálakvölda

| | | |
|---|---|---|
| 24. jan. | Höfðabakki | Fjármál heimilisins |
| 7. feb. | Akranes | Fjárfestingartækifærin |
| 21. feb. | Laugavegur 77 | Skattamál |
| 6. mars | Mjódd | Skattamál |
| 27. mars | Vesturbær | Fjárfestingartækifærin |
| 3. apríl | Ísafjörður | Fjármál heimilisins |
| 10. apríl | Fjarðargata, Hafnarfj. | Fjárfestingartækifærin |

Fjárfestingartækifærin
Sérfræðingar frá Landsbankanum fara yfir hvar fjárfestingartækifærin liggja, hvert stefnir á hlutabréfamarkaði, hvert krónan er að fara og hvað er á döfinni í vaxtamálum.

Skráning á fjármálakvöldin fer fram á **landsbanki.is** eða í Ráðgjafa- og þjónustuveri í síma 410 4000.

Nánari upplýsingar á **www.landsbanki.is**

2008

Landsbankinn

ÍSLENSKA SIA.IS LBI 41905 04.2008



# Við **Obsługujemy Polaków** á Íslandi

**SPRON** vill laga þjónustu sína að þörfum allra sem búa á Íslandi.



- Þess vegna er **heimasíða SPRON nú líka á pólsku** - spron.is
- Þess vegna er **heimabanki SPRON aðgengilegur á pólsku** - spron.is
- Þess vegna er nýr **pólskumælandi viðskiptastjóri** kominn til starfa í SPRON Ármúla 13a

**SPRON** chce dostosować swoje usługi do potrzeb wszystkich mieszkających na Islandii.



- Dlatego **strona internetowa SPRON** jest także po polsku - spron.is
- Dlatego **bank personalny SPRON** jest po polsku - spron.is
- Dlatego **polskojezyczny pracownik obsługi** rozpoczął pracę w SPRON na Ármúli 13a

**Oferta**

**Zapoznaj się ze Złotą Ofertą SPRON na spron.is lub skontaktuj się z Agatą Marią Knasiak - pracownikiem obsługi w SPRON na Ármúli 13a, lub telefonicznie pod numerem 550 1764***

**Agata Maria Knasiak**
*viðskiptastjóri í SPRON*
*Sími 550 1764, Ármúla 13a.*

**Agata Maria Knasiak**,
*pracownik obsługi w SPRON*
*Telefon 550 1764 , Ármúla 13a.*

spron

*Według zasad SPRON

ARGUS 08-0165



**ÚTAF!** Japanski mótorhjólaökuþórinn Noriyuki Haga sést hér í loftköstum ásamt Yamaha-hjóli sínu eftir útafakstur í Superbike-meistaramótskeppni í Cheste við Valencia á Spáni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kjaraviðræður SFR stéttarfélags í almannaþjónustu:

# Vill sérstaka jafnlaunagreiðslu

**VINNUMARKAÐUR** SFR stéttarfélag í almannaþjónustu krefst þess að lágmarkslaun SFR-félaga verði ekki undir 200 þúsund krónum á mánuði og að sérstök jafnlaunagreiðsla verði tekin upp, að bættur verði réttur starfsmanna vegna veikinda og slysa, að sí- og endurmenntunarúrræði verði styrkt og að orlofsréttur verði bættur, svo að nokkur atriði séu nefnd.



ÁRNI ST. JÓNSSON

Þetta kom fram á fyrsta fundi samninganefndar SFR og samninganefndar ríkisins sem haldinn var nýlega.

„Það er markmið SFR að ríkið greiði félagsmönnum SFR sömu laun fyrir störf sín og greidd eru á almennum markaði fyrir sambærileg störf,“ segir í kröfugerð SFR. „Í því felst krafa um að réttlæti ríki á vinnumarkaði á Íslandi.“

Næsti samningafundur verður haldinn mánudaginn 14. apríl. - ghs



**LANDFESTAR LEYSTAR** Baldur var seldur í tvígang á tveimur vikum. Ríkið seldi ferjuna á tæpar 40 milljónir en kaupandinn á tæpar 100 milljónir. Þegar ríkið seldi lá fyrir að virði skipsins væri á milli 70 og 80 milljónir.






# Seldu Baldur á helmingi matsvirðis

**Ríkið seldi ferjuna Baldur á 37,8 milljónir þó fyrir hafi legið að virði hennar næmi 70-80 milljónum króna. Þingmaður furðar sig á þessu og segir að ríkiseign hafi verið ráðstafað með óeðlilegum hætti.**

**STJÓRNMÁL** Þó að Vegagerðin hafi metið Breiðafjarðarferjuna Baldur á 70-80 milljónir króna var ákveðið í fjármálaráðuneytinu að selja hana fyrir 37,8 milljónir.

Verðmatið, sem Einar Hermannsson skipaverkfræðingur vann fyrir Vegagerðina, lá fyrir í desember 2005. Nokkrum vikum síðar var skipið selt úr ríkiseigu.

Fjármálaráðuneytið annaðist söluna og seldi Sæferðum ehf. skipið en fyrirtækið hafði haft það á leigu. Ríkið auglýsti ekki Baldur til sölu eða leitaði tilboða heldur seldi Sæferðum beinni sölu.

Tveimur vikum eftir að Sæferðir keyptu Baldur seldi fyrirtækið skipið til útlanda fyrir tæpar 100 milljónir. Samkvæmt sérstökum samningi rann hluti ágóðans til ríkisins, tæpar sautján milljónir króna, en eftir stóð söluhagnaður fyrirtækisins – um 45 milljónir króna.

Í svari samgönguráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar, þingmanns Frjálslynda flokksins, kemur fram að verðmat upp á 70-80 milljónir hafi legið fyrir í desember 2005. Kristinn furðar sig á vinnubrögðunum í kringum sölu Baldurs og telur þau óeðlileg. „Menn eru ekki að ráðstafa eigum ríkissjóðs með eðlilegum hætti,“ segir Kristinn. „Það á að selja eignir ríkissjóðs á matsverði. Ef vikið er frá því á að útskýra það. Það hefur ekki verið gert.“

Kristinn bíður enn svara fjármálaráðuneytisins við fleiri spurningum um málið en segir að næst á dagskrá sé að grennslast fyrir um skýringar á því að söluverðið var miklu lægra en matsverðið. „Mér finnst yfirbragðið vera að menn hafi vitandi vits selt á þessu verði og fært eigið fé inn í Sæferðir. Það er óeðlilegt að menn telji sér skylt að styrkja ákveðna þjónustu en ef þeir ætla að gera það verða þeir að hafa allt uppi á borðinu.“



KRISTINN H. GUNNARSSON

Kristni finnst líklegt að vitneskja um áframsölu Sæferða á Baldri hafi legið fyrir innan ríkisins. Í því ljósi sé söluverðið furðulegt. „Þeir fá á milli 40 og 50 milljónir í hagnað fyrir að eiga skipið í tvær vikur. Mér sýnist að þetta hafi allt legið fyrir og spyr; ef ríkið vissi að hægt væri að selja skipið á 100 milljónir af hverju var það selt á tæpar 40 milljónir?“ bjorn@frettabladid.is




Lögregla höfuðborgarsvæðis:

## Tók hundruð LSD-skammta

**LÖGREGLUMÁL** Nokkurt magn fíkniefna fannst við húsleit í vesturbæ Reykjavíkur síðdegis í gær. Talið er að um sé að ræða 200 grömm af marijúana, 40 grömm af amfetamíni og 300 skammta af LSD.

Karlmaður um fertugt og kona á þrítugsaldri voru handtekin vegna rannsóknar málsins. Húsleitin var framkvæmd að undangengnum dómsúrskurði.

Í kjölfar þessa var farið í hús annars staðar á höfuðborgarsvæðinu en þar fundust neysluskammtar af fíkniefnum sömu tegundar og áður var getið. - jss

Yfirmaður herafla Bandaríkjanna í Írak í yfirheyrslum þingnefnda:

# Vill stöðva fækkun í herliðinu

**BANDARÍKIN, AP** David Petraeus, æðsti hershöfðingi Bandaríkjahers í Írak, mælti í gær með því að hætt yrði við þá fækkun í herliðinu sem boðuð hefur verið í sumar. Hann lýsti með þessu ugg um að ástand öryggismála í landinu kynni að fara úr böndunum ef liðsfækkunaráformin gengu eftir og endurspegla áhyggjur hans þá auknu hörku sem hlaupið hefur í átök milli ólíkra hópa Íraka að undanförnu.

Petraeus sagðist telja ráðlegast að fáir ef nokkrir hermenn fengju að fara heim umfram það sem þegar hefur verið ákveðið fyrir lok forsetatíðar George W. Bush forseta í janúar næstkomandi.



**DAVID PETRAEUS** Hefur áhyggjur af að frekari liðsfækkun geri ástandið verra. NORDICPHOTOS/AFP

Hershöfðinginn mælti með 45 daga „tímabili mats og íhugunar“ þegar liðsaukinn sem Bush sendi til Íraks í fyrra hefur horfið aftur heim í júlí í sumar. Hann sagðist ekki vilja bindandi áætlun um liðsfækkun eftir lok þessa 45 daga tímabils.

„Við lok þessa tímabils munum við hefja ferli mats á aðstæðum á vettvangi og, eftir því sem aðstæður leyfa, gera tillögur að frekari liðsfækkun,“ tjáði hann þingheimi, þar á meðal forsetaefnunum John McCain, Hillary Clinton og Barack Obama, sem notuðu tækifærið til að vekja athygli á muninum á Íraksstefnu sinni. - aa

Rannsókn á lokastigi:

## Börðu dreng með kúbeini

**LÖGREGLUMÁL Ungur maður var látinn laus síðdegis í gær eftir yfirheyrslur hjá lögreglunni á Selfossi. Hann hafði verið handtekinn ásamt tveimur öðrum piltum á svipuðum aldri í fyrradag í tengslum við líkamsárás á ungan dreng á hjólabrettasvæði á Selfossi á sunnudagskvöld.**

**Við rannsókn málsins kom fram að kúbeini var beitt í árásinni. Það er í vörslu lögreglunnar og rannsóknin á lokastigi. Sá sem fyrir árásinni varð er óbrotinn en bólginn í andliti eftir hnefahöggin og aumur í baki eftir kúbeinið.** - jss



**ÁSAKANIR** Tendai Biti, talsmaður stjórnarandstöðuflokksins Lýðræðisfylkingarinnar, á blaðamannafundi í Harare. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ástandið í Simbabve:

## Saka stjórnarliða um ofbeldi

**SIMBABVE, AP Talsmenn stjórnarandstöðunnar í Simbabve sökuðu í gær stjórnarflokk Roberts Mugabe forseta um að standa fyrir ofbeldisöldu í afskekktum sveitahéruðum landsins í því skyni að hræða íbúana til að „kjósa rétt“ í síðari umferð forsetakosninga sem líklegt þykir að efnt verði til.**

**Þessar ásakanir komu fram um leið og fregnir bárust af því að útsendarar stjórnarflokksins hefðu efnt til nýrrar herferðar til að flæma burt þá fáu hvítu bændur sem eftir eru í landinu.**

**Mugabe hefur svo gott sem viðurkennt að hafa ekki unnið kosningarnar 29. mars. Opinber úrslit hafa enn ekki verið birt.** - aa

Dauði Díönu og Dodis:

## Al Fayed heldur í samsæristrú

**BRETLAND, AP** Mohamed Al Fayed heldur enn í þá kenningu sína að breskir leyniþjónustumenn hafi átt þátt í dauða Díönu prinsessu og sonar síns Dodis, að því er talsmaður hans greindi frá í gær.

Kviðdómur dánardómstóls úrskurðaði á mánudag að ábyrgðarlaus hegðun bílstjórans og ljósmyndara sem eltu parið hefði valdið dauða þess.

„Það er hugsanlegt að MI6 hafi átt hlut að máli,“ sagði talsmaðurinn Katharine Witty í sjónvarpsviðtali.

Dánardómstjórinn hafði tjáð kviðdómnum að lögmenn Fayeds hefðu ekki lagt fram eitt einasta sönnunargagn sem benti til að leyniþjónustan MI6 hefði með nokkrum hætti tengst banaslysinu í París 31. ágúst 1997. - aa

Rústirnar í Álasundi:

## Fjórða líkið fundið

**NOREGUR Búið er að staðsetja lík fjórða mannsins sem saknað er í rústum hússins í Álasundi í Noregi sem hrundi er bjarg féll á það í síðasta mánuði. Verður reynt að ná honum út á næstunni. Fimm manna var saknað í húsinu og á því aðeins eftir að finna einn, að sögn fréttavefjar norska dagblaðsins VG.**

**„Við höfum góða von um að finna þann síðasta líka,“ segir Anders Jölstad, yfirmaður upplýsingamála.**

**Ekki er enn búið að bera kennsl á líkin þrjú sem þegar er búið að ná út úr rústunum og er ekki vitað hvenær því verður lokið.** - ghs







Þótt þú hafir fjárfest í prentara eða fjölnotatæki þýðir það ekki að fjárútlátum sé lokið. Í framhaldi af tækjakaupunum stendurðu oft frammi fyrir miklum og óvæntum viðbótarkostnaði og þegar á heildina er litið hefur upphaflegt verð tækisins hækkað til muna. Þessi faldi kostnaður getur stofnað í hættu því ráðstöfunarfé sem áætlað var í upphafi. Með Kyocera prenturum og fjölnotatækjum er fyrirtækið þitt í góðum höndum. Vegna okkar einstöku Ecosys tækni hafa prentararnir okkar og fjölnotatæki sérstöðu í langri endingu sem er stór þáttur í að gera þau áreiðanleg og hagstæð í verði. Okkar búnaður framleiðir minni úrgang en önnur tæki sem hefur í för með sér lægri rekstrarkostnað. Sveigðu frá fölskum gylliboðum. Veldu Kyocera.

Penninn – tækni
Suðurlandsbraut 4 Reykjavík

Penninn - auðveldar vinnuna

KYOCERA
KYOCERA á Íslandi – www.kyocera.is

# Hárfín snerpa

Enn á ný hafa hönnuðir Mercedes-Benz lagt línurnar þegar kemur að aksturseiginleikum. Hárfín snerpa eru fyrstu orðin sem koma upp í hugann. Þegar þú ekur nýjum C-Class viltu helst ekki að ökuferðin taki enda, svo einstök er upplifunin.

**Komdu, sjáðu og reynsluaktu Mercedes-Benz C-Class.**

ASKJA · Laugavegi 170 · 105 Reykjavík · Sími 590 2100 · www.askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Mercedes-Benz






Vélmennið Skundar sem nemendur og starfsmenn tölvunarfræðideildar HR hönnuðu í sameiningu.



ÖFLUGASTA TÖLVUNARFRÆÐIDEILD LANDSINS!

Tölvunarfræðideild Háskólans í Reykjavík skapar og miðlar þekkingu í tölvunarfræði, kerfisfræði, stærðfræði, hugbúnaðarverkfræði og skyldum greinum.

Útskrifaðir nemendur eru afar eftirsóttur starfskraftur hjá fyrirtækjum og stofnunum á fjölmörgum sviðum, frá hugbúnaðargerð til fjármálaþjónustu.

Tölvunarfræðingar fást við allt frá hagnýtum verkefnum til fræðilegra rannsókna, frá tölvuumsjón til smíði flókinna hugbúnaðarkerfa, frá hönnun til stjórnunar.

Við bjóðum nýja nemendur til náms og starfa við öflugustu tölvunarfræðideild landsins, þar sem þeir geta búið sig undir fjölbreytt, krefjandi og vel launuð störf í upplýsingatækni og hátækniiðnaði framtíðarinnar.

Umsóknarfrestur er til 30. maí
Kynntu þér námið á www.hr.is/td

FRAMTÍÐIN ER HR

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY


Síminn prófaði nýtt 3G kerfi:

# Í beinni frá hálendinu

**TÆKNI** Vaskir starfsmenn Símans og Sensa gengu upp á Hvannadalshnúk um síðastliðna helgi með það að markmiði að prófa sambandið við nýja 3G senda sem settir hafa verið upp á Háöxl, rétt undir Vatnajökli og Háfelli, sem er rétt austan Víkur í Mýrdal.

Gengið var í blíðskaparveðri og gekk allt að óskum. Nokkrum sinnum á leiðinni var staldrað við og hringt í fjölskyldumeðlimi sem fylgdust með göngunni sem var í beinni útsendingu á netinu í gegnum 3G netkort í fartölvu. - kg



**HVANNADALSHNÚKUR KLIFINN** Starfsmenn Símans og Sensa í blíðunni uppi á Hvannadalshnúk.



**VILJA TRYGGINGAR** Framhaldsskólakennarar náðu jafnstöðu um aldamótin en tókst ekki að halda henni. Núna vilja þeir tryggingar til að halda jafnstöðunni. Hér sjást nemendur í menntaskólanum Hraðbraut.

# Launamunurinn í tveggja stafa tölu

**Framhaldsskólakennarar telja að þeir hafi dregist aftur úr í launaþróun miðað við hefðbundna viðmiðunarhópa síðustu ár. Þeir óttast að launamunurinn sé kominn í tveggja stafa tölu.**

**VINNUÞRÓUN** Framhaldsskólakennarar telja að þeir hafi dregist aftur úr í launaþróun síðustu árin miðað við Bandalag háskólamanna, BHM, sem heild og það þó að framhaldsskólarnir séu í sama launakerfi og mörg önnur stéttarfélög opinberra starfsmanna.

Aðalheiður Steingrímsdóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara, segir að tekið hafi verið upp sams konar launakerfi í framhaldsskólunum og viðgengst í mörgum opinberum stofnunum en þrátt fyrir það skili kjarasamningurinn framhaldsskólakennurum lakari launaþróun en öðrum.

„Bilið heldur áfram að breikka. Við höfum tölur um þetta frá því um mitt síðasta ár og þá var munurinn um sjö prósent. Eftir það hefur bilið haldið áfram að breikka og við óttumst að launamunurinn sé nú kominn í tveggja stafa tölu. Við erum mjög ósátt við þróunina,“ segir hún.

Aðalheiður bendir á að framhaldsskólakennarar séu ekki að kvarta undan því að hafa ekki fengið umsamda launaþróun eða að kjarasamningnum þeirra hafi verið fylgt heldur sé það þjóðfélagsþróunin, launaskrið og launaþróun umfram umsamdar kjarabætur sem ekki hafi borist inn í framhaldsskólana. „Við höfum setið eftir og hljótum að horfa mjög til þess í komandi kjarasamningum að við þurfum leiðréttingu,“ segir hún.

Kjarasamningur framhaldsskólakennara rennur út um næstu mánaðamót. Samninganefnd framhaldsskólakennara hefur hitt samninganefnd ríkisins og kynnt áherslur sínar. Aðalheiður segir að áhersla sé lögð á að ná „jafnstöðu í launum á við hefðbundnar viðmiðunarstéttir. Við höfðum jafnstöðu í launum, náðum henni um síðustu aldamót að undangengnu harðvítugu verkfalli og héldum henni í eitt ár. Síðan hefur bilið breikkað,“ segir hún.

„Grundvallaratriði er að ná aftur jafnstöðu og halda henni. Þá erum við að tala um einhvers konar tryggingar þannig að launaþróunin í framhaldsskólunum haldist til frambúðar á sama stigi og gengur og gerist í öðrum opinberum stofnunum. Svo er launamunurinn milli opinbera markaðarins og almenna markaðarins 20-30 prósent og auðvitað hljóta allir opinberir starfsmenn að horfa á það.“

Grunnskólakennarar eru með lausa samninga 1. júní. Samningaviðræður eru í fullum gangi.

ghs@frettabladid.is



**NÁ JAFNSTÖÐU** Aðalheiður Steingrímsdóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara, segir að áhersla sé lögð á að ná „jafnstöðu í launum á við hefðbundnar viðmiðunarstéttir“ og halda henni.

> Þá erum við að tala um einhvers konar tryggingar þannig að launaþróunin í framhaldsskólunum haldist til frambúðar á sama stigi og gengur og gerist.
>
> **AÐALHEIÐUR STEINGRÍMSDÓTTIR,** FORMAÐUR FÉLAGS FRAMHALDSSKÓLAKENNARA.

Aðalfundur Straums banka:

## Sex milljarða arður greiddur

**VIÐSKIPTI** Stjórn Straums fjárfestingarbanka ætlar að leggja til að 5,6 milljarða króna arður verði greiddur til hluthafa á komandi aðalfundi félagsins. Fundurinn verður haldinn 15. þessa mánaðar.

Stærstu hluthafarnir í bankanum eru Samson Global Holdings, sem er í eigu Björgólfsfeðga en skráð í Lúxemborg. Fyrir næststærsta hlutnum er skráður Landsbankinn í Lúxemborg, svo Landsbanki Íslands hér heima og loks Straumur sjálfur.

Í fundarboði er lagt til að samþykktum bankans verði breytt þannig að allir hluthafar megi tala á hluthafafundi. - ikh

Skrifað undir samning um göng frá Ísafirði til Bolungarvíkur:

# Óshlíðargöng verða að veruleika

**SAMGÖNGUR** Fulltrúar Vegagerðarinnar, Íslenskra aðalverktaka og Marti Contractors frá Sviss skrifuðu í gær undir samninga um gerð jarðganga undir Óshlíð. Línuhönnun hf./Geotek mun hafa eftirlit með framkvæmdunum.

Verktaki mun fljótlega koma sér upp vinnubúðum og hefja hreinsun frá gangamunna. Sprengingar hefjast í sumar og samkvæmt útboði á verkinu að vera lokið að fullu 15. júlí 2010. Um er að ræða 5,1 kílómetra löng göng ásamt 310 metra löngum vegskála og gerð um þriggja kílómetra langra vega og byggingu tveggja steinsteyptra brúa yfir Hnífsdalsá og Ósá.

Tilboð verkkaupa hljóðaði upp á tæpan þrjá og hálfan milljarð, eða um 88 prósent af áætluðum verktakakostnaði.



GRÍMUR ATLASON

Grímur Atlason, bæjarstjóri Bolungarvíkur, segir að jarðgöngin muni gerbreyta samgöngum á svæðinu. Mikil umferð sé um Óshlíðina og hún muni aukast til muna með tilkomu ganganna. „Þetta tengir byggðirnar saman og gerir þær auðveldar að einu atvinnusvæði. Þó svo sé í dag eru menn alltaf með áhyggjur af færð og geta orðið tepptir. Samgöngur hafa hamlað frekari samvinnu á svæðinu,“ segir Grímur.

„Við fögnum því að losna við stóran hluta af hættunni, þó að Eyrarhlíðin verði áfram hætta.“ - kóp



**FYRIRHUGUÐ JARÐGÖNG** Framkvæmdir hefjast í sumar og á þeim að vera lokið sumarið 2010.



**ÁGÚST OG LÝÐUR GUÐMUNDSSYNIR** Talsverðar hreyfingar voru í síðustu viku yfir erlenda hluthafa Existu. MARKAÐURINN/GVA

Sviptingar í hópi fjárfesta:

## Útlendingar tíðir gestir Existu

**VIÐSKIPTI** **Sviptingar voru í hópi erlendra fjárfesta á lista yfir tuttugu stærstu hluthafa Existu í síðustu viku.**

**Danske Bank, sem keypt hefur í kauphallarfélögum á borð við FL Group, SPRON og fleirum, hefur verið tíður gestur í hluthafahópi Existu í gegnum tíðina. Félagið var í hópi tíu stærstu hluthafa í byrjun síðustu viku, hvarf af lista um stundarsakir en birtist jafnskjótt aftur í vikulokin.**

**Í síðustu viku voru nýir á lista 10 stærstu Singer & Friedlander með 2,2 prósent og bandaríski bankinn Citigroup, með 0,44 prósent. Breski bankinn var horfinn af lista á mánudag.** - jab



**GEIMGLEÐI** Yi So-yeon, fyrsti geimfarinn frá Suður-Kóreu, og rússneski geimskipstjórinn Sergei Volkov á spjalli fyrir geimskotið í Baikonur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Geimskot frá Baikonur:

## Fyrsta geimferð S-Kóreumanns

**KASAKSTAN, AP** Þegar Soyuzgeimflaugin hóf sig til lofts frá geimferðastöð Rússa í Baikonur í Kasakstan í gær fögnuðu Suður-Kóreumenn fyrstu geimferð landa síns og það leið yfir móður hins stolta nýja geimfara.

Geimskotið tókst að því er virtist óaðfinnanlega og Soyuzfarið var komið á sporbaug um tíu mínútum síðar. Um borð eru leiðangursstjórinn Sergei Volkov, rússneskur landi hans Oleg Kononenko og hin 29 ára gamla Yi So-yeon, líftæknifræðingur frá Suður-Kóreu. Ferðinni er heitið í Alþjóðlegu geimstöðina. - aa

**SVEITARSTJÓRNARMÁL**

**Staðardagskrá samþykkt**

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar hefur samþykkt Staðardagskrá 21. Um er að ræða framtíðarstefnumótun til ársins 2010, en aðalskipulag sveitarfélagsins gildir til sama tíma.


# Hvað berð ÞÚ úr býtum?



Bættur hagur lífeyrisþega er leiðarljósið við breytingar á lögum um almannatryggingar.
Frá og með **1. apríl 2008** eru áhrifin eftirfarandi:

- **Greiðslur eru ekki lengur skertar vegna tekna maka**
- **Frítekjumark vegna fjármagnstekna verður 90.000 kr. á ári**
- **Vasapeningar til einstaklinga á dvalar- og hjúkrunarheimilum hækka**
- **Skerðing ellilífeyris vegna tekna lækkar úr 30% í 25% og frítekjumark hækkar**
- **Allir greiðsluflokkar lífeyristrygginga hækka um 4% frá 1. febrúar 2008. Inneign vegna hækkunarinnar var greidd út 1. apríl 2008**

Misjafnt er hversu miklar breytingar verða á kjörum hvers og eins enda eru aðstæður lífeyrisþega mjög mismunandi. Framundan eru frekari breytingar **1. júlí 2008** og **1. janúar 2009**.

TRYGGINGASTOFNUN

**Hafðu samband** **Veldu þá leið sem hentar best** – *fyrir þig!*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| > Þú finnur ýtarlegar upplýsingar á www.tr.is | > Þjónustufulltrúar svara þér í síma 560 4460 | > Sendu okkur fyrirspurn á netfangið tr@tr.is | > Þjónustumiðstöð á Laugavegi 114, sími 560 4400 | > Netsamtal – beint samband í gegnum www.tr.is | > Umboðsmenn TR á landsbyggðinni veita upplýsingar |



**MÓÐURÁST** Gíraffamæðgin nudda saman nefjum í dýragarðinum í Hannover í Þýskalandi í gær. Gíraffakálfurinn fæddist 16. febrúar og er nú þegar orðinn hálfur þriðji metri á hæð. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Frumvarp um aðgerðir gegn peningaþvætti kveður á um eftirlit Neytendastofu:

# Eftirlitsskylda nái til bílasala

**STJÓRNMÁL** Í nýju frumvarpi viðskiptaráðherra um breytingar á lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka er mælst til þess að, auk Fjármálaeftirlitsins, verði Neytendastofu falið eftirlit með framkvæmd laganna.

Verður Neytendastofu einkum falið að hafa eftirlit með og upplýsa um lagalegar skyldur einstaklinga og fyrirtækja sem selja hluti, sem greitt er fyrir með reiðufé, að fjárhæð fimmtán þúsund evrur (1.700 þúsund krónur á núgildandi gengi) eða meira. Er þar einkum átt við seljendur dýrrar vöru á borð við eðalsteina, málma og listmuna, samkvæmt núgildandi lögum. Þar við bætist eftirlit með seljendum skartgripa og seljendum nýrra og notaðra bíla.

Frumvarpið er lagt fram til að mæta athugasemdum alþjóðlegrar eftirlitsnefndar [FATF] um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Í úttekt haustið 2006 kom fram að Ísland hafði einungis uppfyllt hluta tilmæla FATF um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Hefur Ísland skuldbundið sig til að samræma löggjöf og starfsreglur að tillögum FATF. **- bþs**



**TIL SÖLU** Eftirlit Neytendastofu með lögum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nær til bílasala, samkvæmt frumvarpi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Vegamálastjóri brátt ráðinn:

# Tíu sækjast eftir starfinu

**SAMGÖNGUR** Frestur til að sækja um stöðu vegamálastjóra er runninn út og sóttu alls tíu um stöðuna.

Þeir eru: Auður Þóra Árnadóttir forstöðumaður, Árni Freyr Stefánsson umferðarverkfræðingur, Bjarki Jóhannesson sviðsstjóri, Eiríkur Bjarnason verkfræðingur, Guðrún Þóra Garðarsdóttir verkfræðingur, Gunnar Gunnarsson aðstoðarvegamálastjóri, Gunnar Linnet forstöðumaður, Hreinn Haraldsson framkvæmdastjóri, Jón Helgason framkvæmdastjóri og Jón Sævar Jónsson framkvæmdastjóri. **- kóp**

www.volkswagen.is




| Polo | Golf | Passat | Touran | Tiguan |
|---|---|---|---|---|
| 4,5 | 5,0 | 5,8 | 5,9 | 6,9 |
| l/100 km | l/100 km | l/100 km | l/100 km | l/100 km |

Eyðsla, miðað við TDI® vél frá Volkswagen í blönduðum akstri.

Prófaðu að spara
Komdu og reynsluaktu Volkswagen með sparneytinni bensín- eða dísilvél.

Volkswagen – kolefnisjafnaður útblástur

Lyfta bræddi úr sér:

# Ellefu inni í sex manna lyftu

**LÖGREGLUMÁL Ellefu manns sem höfðu troðið sér inn í sex manna lyftu í sjúkrastofnun í borginni festust um stundarsakir inni þegar mótorinn í lyftunni brann yfir, á föstudaginn var.**

**Fólkið tróð sér inn í lyftuna og ýtti á viðeigandi hnapp. Lyftuhurðin lokaðist en lyftan færðist ekki úr stað. Þess í stað brann lyftumótorinn yfir og rafmagnið sló út. Lyftuhurðin opnaðist þó fljótlega og fólkið komst út.** **- kg**

## SKÓLAMÁL

### Gengið frá samningsformi

Gengið hefur verið frá ráðningarsamningsformi fyrir þá kennara og starfsmenn Iðnskólans í Reykjavík sem vilja halda áfram í starfi hjá sameinuðum skóla Iðnskólans í Reykjavík og Fjöltækniskólans.

Náttúruverndarsamtök stofnuð á ný á Vestfjörðum um liðna helgi:

# Samtökin verða málsvari náttúrunnar

**UMHVERFISMÁL** Náttúruverndarsamtök Vestfjarða voru stofnuð á Ísafirði á laugardaginn og var Bryndís Friðgeirsdóttir, fyrrverandi bæjarfulltrúi á Ísafirði, kjörin formaður þeirra. Hátt í hundrað manns voru viðstaddir fundinn, þar á meðal Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra.



**SIGRÍÐUR RAGNARSDÓTTIR.**

Í ályktun stofnfundar var skorað á stjórnvöld og vestfirska sveitarstjórnarmenn að standa vörð um vestfirska náttúru og nýta hana á hóflegan og skynsamlegan máta. Þá er hvatt til rannsókna á vistkerfi og verndun náttúruverðmæta.

Sigríður Ragnarsdóttir, sem situr í stjórn samtakanna, segir að helstu verkefni þeirra verði að skrá náttúruminjar á svæðinu, og vonast hún til að fjárheimildir fáist fyrir stöðugildi til þess.

Sigríður segir samtökin ekki stofnuð til höfuðs hugmyndum um olíuhreinsunarstöð á Vestfjörðum. „Nei, alls ekki eingöngu. Náttúran er mjög rík hluti af tilverunni hér vestra og samtökin verða málsvari náttúrunnar á svæðinu."

Náttúrusamtökin byggja á gömlum grunni því árið 1971 voru stofnuð Vestfirzk náttúruverndarsamtök í Flókalundi. Samtökin voru mjög virk í um fimmtán ár, gáfu út tímaritið Kaldbak og áttu stóran þátt í friðun Hornstranda, en lognuðust síðan út af. **- kóp**



**AF HORNSTRÖNDUM** Forveri nýju samtakanna átti stóran þátt í friðun Hornstranda.

Hraðamælingar í Garðabæ:

## 65 prósent keyrðu of hratt

**LÖGREGLUMÁL Um 65 prósent ökumanna óku yfir leyfilegum hraða á Ásabraut í Garðabæ fyrir hádegi í gær. Fylgst var með ökutækjum sem var ekið Ásabraut í vesturátt í eina klukkustund og voru brot 20 ökumanna mynduð. 31 ökutæki fór þessa akstursleið á þessari klukkustund.**

**Þrjátíu kílómetra hámarkshraði er á Ásabraut en meðalhraði hinna brotlegu var 46 kílómetrar á klukkustund. Sex óku á 50 kílómetra hraða eða meira, en sá sem hraðast ók mældist á 64 kílómetra hraða. Allir hinna brotlegu verða sektaðir.** - kg

Forvarnadagur framhaldsskólanna fer fram í fyrsta sinn í dag:

# Fólk skemmti sér og fræðist

**FORVARNIR** Mikið verður um dýrðir í flestum framhaldsskólum landsins í dag en þá er í fyrsta sinn staðið fyrir sameiginlegum forvarnadegi framhaldsskólanna.

Lilja Dögg Jónsdóttir, formaður forvarnanefndar SÍF (Sambands íslenskra framhaldsskólanema), segir ekki verra ef hægt sé að skemmta sér um leið og vakin er athygli á þessu brýna málefni: „Forvarnarnefnd SÍF var stofnuð í nóvember síðastliðnum með það að markmiði að halda uppi gagnvirku og skemmtilegu forvarnastarfi í framhaldsskólum landsins. Forvarnir hafa lengi verið virkar í grunnskólum en vilja detta niður þegar komið er upp í framhaldsskóla. Við viljum stuðla að því að fræðslan komi að mestu frá jafningjum og það er hvatinn að þessum degi.“



LILJA DÖGG JÓNSDÓTTIR

Forvarnadagurinn mun að mestu fara fram á kennslutíma og er skipulagning í höndum nemendafélaganna. Skólunum er þannig í sjálfsvald sett hvernig dagskránni er háttað, til dæmis mun Kvennó, skóli Lilju Daggar, halda áheitadag til styrktar Götusmiðjunni, í Flensborg verður haldinn íþróttadagur og Framhaldsskólinn á Laugum ætlar að fara í meðmælagöngu frá skólanum og að Goðafossi. „Maður verður var við það að fólk tengir ekki endilega forvarnir við eitthvað skemmtilegt og jákvætt. Þessu viljum við breyta. Forvarnir eru af hinu góða og við viljum að fólk skemmti sér um leið og það fræðist,“ segir Lilja Dögg og hvetur sem flesta til að taka þátt. - kg

Umferðaróhapp í Bökkunum:

## Lögregla lýsir eftir vitnum

**LÖGREGLUMÁL** Lýst er eftir vitnum að umferðaróhappi sem varð á mótum Stekkjarbakka og Höfðabakka í Reykjavík þann 25. mars síðastliðinn um klukkan 17.30. Lentu þar saman grá fólksbifreið af gerðinni MMC Galant sem ekið var austur Stekkjarbakka og silfurgrá fólksbifreið, líklega af gerðinni Subaru Station, sem ekið var norður Höfðabakka.

Ökumaður silfurgráu bifreiðarinnar ók á brott af vettvangi. Þeir vegfarendur sem kunna að hafa orðið vitni að óhappinu eru beðnir um að hafa samband við lögreglu í síma 444 1000. - kg


ALVÖRU SJÁLFSKIPTINGAR
ÖFLUGAR EN HLJÓÐLÁTAR DÍSILVÉLAR
EYÐSLUGRANNAR VÉLAR
MINNI LOSUN ÚT Í UMHVERFIÐ
KOLEFNISJAFNAÐIR Í EITT ÁR
HAGKVÆMIR Í REKSTRI OG VIÐHALDI
UPPFYLLA STRÖNGUSTU ÖRYGGISSTAÐLA
SVEIGJANLEGIR SÖLUMENN

Sparneytni

Polo er einn af fjölmörgum sparneytnum bílum frá Volkswagen

**Ef sparneytni væri skrásett vörumerki, væri það að sjálfsögðu í eigu Volkswagen**

Það er ekki hægt að fá einkaleyfi á orðinu sparneytni. Jafnvel þótt við hjá Volkswagen höfum í raun fundið upp það hugtak. Jafnvel þótt hönnuðir okkar séu á hverjum degi að finna upp leiðir til að auka sparneytnina enn frekar – til dæmis með nýju kraftmiklu TDI dísilvélunum. Og við þurfum ekkert einkaleyfi á sparneytni. Fólk veit að við erum venjulega fyrstir með tækninýjungarnar þannig að þegar þú kaupir Volkswagen þá færðu einfaldlega meira fyrir peningana.

**Tilboðsverð á Polo**

**22.790 kr. á mánuði**

Tilboðsverð á Polo Comfortline 1,4 bensín 1.950.000 kr. Fullt verð 2.110.000 krónur. Mánaðarleg afborgun miðast við gengistryggðan bílasamning til 84 mánaða og 30% útborgun (585.000 kr.). Árleg hlutfallstala kostnaðar er 10,12%.

Das Auto.

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi
HEKLA


FERÐAÞJÓNUSTAN

### Árni kjörinn formaður SAF

Árni Gunnarsson, forstjóri Flugfélags Íslands, tók við formennsku í Samtökum ferðaþjónustunnar hinn 3. apríl.

LÖGREGLUFRÉTTIR

### Úraræningjar ófundnir

Lögregla leitar enn tveggja manna sem grunaðir eru um að hafa stolið armbandsúrum fyrir milljónir króna í verslun Hermanns Jónssonar úrsmiðs við Ingólfstorg í lok síðasta mánaðar.

REYKJAVÍK

### Vilja byggja á flugvellinum

Þyrluþjónustan annars vegar og Norðurflug hins vegar hafa hvort fyrir sig óskað eftir því við borgaryfirvöld að fá að byggja flugskýli á Reykjavíkurflugvelli. Þyrluþjónustan vill einnig heimild fyrir þjónustubyggingu.

Framkvæmdir eru hafnar við uppbyggingu Heimskautsgerðis á Raufarhöfn:

# Fornum dvergum ætlaður staður

**RAUFARHÖFN** Framkvæmdir eru hafnar við uppbyggingu Heimskautsgerðis á Raufarhöfn. Í Heimskautsgerðinu, sem verður norðan og ofan við Raufarhöfn á hæð sem heitir Melrakkaás, á að vera sólúr og völuspá.

Heimskautsgerðið verður hlaðið úr grjóti og gætu stærstu steinarnir vegið allt að sex tonn. Heimskautsgerðið myndar hring sem er 54 metrar í þvermál. Inngönguhlið verða fjögur ásamt tólf metra háum bendisteini í miðjunni.

Tryggvi Finnsson, forstjóri Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga, segir að árinu verði skipt í 72 vikur. Utan við Heimskautsgerðið verði 72 viksteinar þar sem fornum dvergum úr Völuspá séu ætlaðir staðir. „Þetta getur orðið hliðstætt við stjörnumerki,“ segir hann.

Hugmynd er um að fá táknræna steina frá sem flestum stöðum í heiminum, til dæmis frá Skandinavíu og Síberíu, til að mynda dvergahringinn. Suðri, Austri, Norðri og Vestri verða þó fengnir hver úr sínum landsfjórðungi eftir fornri skiptingu Íslands.

Samhliða uppbyggingu og starfrækslu Heimskautsgerðisins tekur Álfasteinn að sér að vera með starfsemi í verksmiðjuhúsi SR Mjöls á Raufarhöfn en húsið hefur staðið autt í nokkur ár. Tryggvi segir að mikil vinna bíði við að sníða til grjót í gerðið.

Kostnaður við uppbyggingu Heimskautsgerðisins er talinn nema nokkrum tugum milljóna króna. Þegar hefur fengist 20 milljóna króna fjárveiting frá ríkinu í verkefnið. Stefnt er að því að verkefnið skapi 20-30 störf á svæðinu, bæði í gerðinu og hjá Álfasteini. - ghs



**HEIMSKAUTSGERÐI Á RAUFARHÖFN** Framkvæmdir eru hafnar við uppbyggingu Heimskautsgerðis á Melrakkaási við Raufarhöfn. Gert er ráð fyrir að Álfasteinn verði með starfsemi í verksmiðju SR Mjöls. Myndin sýnir módel af Heimskautsgerðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR EINKASAFNI

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Al Gore segir það siðferðilega skyldu jarðarbúa að leggja baráttunni gegn hlýnun jarðar lið.

## Að hafa vaðið fyrir neðan sig

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Al Gore flutti fyrirlestur sinn í Háskólabíói í gær. Fyrirlesturinn var að uppistöðu sá sami og Gore flytur í hinni verðlaunuðu kvikmynd sinni, Óþægilegum sannleika.

Al Gore er stjórnmálamaður og atvinnufyrirlesari. Hann dansar um sviðið og bregður upp myndum sem sumar eru sláandi. Hlutirnir ganga hratt fyrir sig, dregin er upp skýr mynd og hún er dökk.

Þessi aðferð Als Gore hefur verið gagnrýnd. Sumir halda því einnig fram að ekki byggi allt sem hann segir á traustum upplýsingum. Hinir virðast þó mun fleiri sem hafa trú á því að sú mynd sem Al Gore dregur upp af framtíð lífs á jörðinni með síhækkandi hlutfalli koltvísýrings í lofthjúpi jarðar, sé í samræmi við niðurstöður virtra rannsókna. Í síðarnefnda hópnum eru flestir fræðimenn sem tjá sig um málið en í þeim fyrrnefnda einkum stjórnmálamenn og ýmsir pistlahöfundar og álitsgjafar.

Loftslag á jörðinni hefur hlýnað hratt undanfarin ár, ört hraðari bráðnun jökla er einnig staðreynd og afleiðingarnar eru ekki með öllu fyrirsjáanlegar. Ljóst er líka að mannfólkið ber að minnsta kosti að einhverju leyti ábyrgð á hlýnun jarðar, þótt menn greini á um að hversu miklum hluta.

Viðbrögð við þessu verða að vera á hnattrænum grunni, enginn getur skorast undan. Stjórnvöld í hverju landi verða að taka ábyrgð, sambönd ríkja og svo auðvitað hver og einn íbúi þessarar jarðar.

Engan þarf að undra að margföldun mannkyns á fáum áratugum, ásamt tæknibyltingu sem kúvent hefur bæði atvinnuháttum og samgöngum, valdi breytingum á jörðinni. Engan þarf heldur að undra að nauðsynlegt geti verið í ljósi þessa að staldra við og leita nýrra leiða.

Ljóst er að þeir íbúar jarðarinnar sem búa við velmegun geta með breyttum lífsvenjum dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda án þess að tapa lífsgæðum svo nokkru nemi eða leggja efnahagskerfi í rúst. Það er því erfitt að sjá hvaða tilgangi það þjónar að reyna að gera Al Gore að loddara, jafnvel þótt sú mynd sem hann dregur kunni að vera eitthvað ýkt því ljóst er að hún getur orðið að raunveruleika, sé ekkert að gert, þótt fresturinn sé hugsanlega lengri en Gore vill vera láta.

Al Gore hélt því fram í fyrirlestri sínum í gær að það væri siðferðileg afstaða að leggja sitt af mörkum til að draga úr hlýnun jarðar, ekki pólitísk. Á sama hátt og það er siðferðileg afstaða, en ekki pólitísk, að fólk eigi jafnan rétt óháð kynþætti eða kynferði.

Komandi kynslóðir hljóta að eiga það skilið að við sem nú byggjum þessa jörð tökum þessa siðferðilegu afstöðu og leggjum okkar af mörkum til þess að jörðin verði byggileg niðjum okkar. Margt er ófyrirséð en betra er að hafa vaðið fyrir neðan sig í þessum efnum sem öðrum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björgvin Guðmundsson og Björn Ingi Hrafnson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871





Vor í Kaupmannahöfn!

Come2 Scandinavia er með tvær íbúðir í miðborg Kaupmannahafnar. Einungis 15mín gangur að Ráðhústorgi. Þetta er frábær og ódýr lausn fyrir hópa og fjölskyldur sem vilja hafa það gott yfir helgi eða viku í Köben. Erum einnig með góð verð á bílaleigubílum.

**Nánari upplýsingar á www.come2scandinavia.com**

COME 2 SCANDINAVIA

**Sími:** +45 3325 6425 • **Netfang:** info@come2scandinavia.com

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Traustir vinir

Íslenskir ráðamenn eru ekki mikið fyrir að raupa af vinfengi sínu við erlend fyrirmenni. Kemur það því iðulega skemmtilega á óvart þegar fréttist að slíku sambandi, til dæmis þegar Al Gore upplýsti á blaðamannafundi á Bessastöðum að hann og Ólafur Ragnar hefðu verið nánir vinir í áratugi. Það vissu ekki margir. Skemmst er líka að minnast traustra vináttubanda Davíðs Oddssonar og George Bush Bandaríkjaforseta, sem voru víst helsta ástæðan fyrir því að Bandaríkjaher dvaldi hér á landi jafn lengi og hann gerði. Já, vin sínum skal maður vinur vera, eins og segir í Hávamálum.



### Óvild yfir Atlantsála

Þeir Bush og Gore tókust á í víðfrægum forsetakosningum árið 2000, þar sem sá fyrrnefndi hafði betur eftir mikið stapp. Frægara er en þurfi að nefna að litlir kærleikar voru á milli Davíðs og Ólafs Ragnars þegar þeir flugust á í stjórnmálum á sínum tíma. Kannski helgaðist óvild þeirra í garð hvors annars einmitt af vinskap þeirra við erkifjendurna bandarísku. Hvað segir ekki annað spakmæli úr Hávamálum: En óvinar síns skyli engi maður vinar vinur vera.

### Ólesinn

Bjarni Harðarson, þingmaður Framsóknarflokksins, ræddi skýrslu utanríkisráðherra um utanríkismál á Alþingi í gær. Var hann henni sammála í flestum atriðum. Athygli vakti hins vegar að Bjarni tók fram að minnsta kosti í tvígang að hann hafði ekki lesið skýrsluna til hlítar. Er ekki hægt að gera þá kröfu til þingmanna að þeir lesi skýrslur sem þeir eru að tala um í þinginu?

bergsteinn@frettabladid.is

## Rætur kreppunnar

Örvæntingarfullar tilraunir Seðlabanka Bandaríkjanna til að halda amerísku hagkerfi á floti eru stórmerkilegar fyrir að minnsta kosti tvær ástæður. Í fyrsta lagi að þar til nýlega var það viðtekin skoðun að Bandaríkin kæmust hjá kreppu. Nú blasir hún við. Í öðru lagi virðast aðgerðir Seðlabankans ekki bera árangur. Þvert á móti harðnar enn á dalnum.

Fjármálakreppan í Bandaríkjunum er að miklu leyti tilkomin af völdum Seðlabankans. Höfuðábyrgð ber enginn annar en Alan Greenspan, fyrrverandi seðlabankastjóri, sem skildi eftirmann sinn, Ben Bernanke, eftir í bobba. En Bernanke var í ábyrgðarstöðu innan Seðlabankans í stjórnartíð Greenspan og kom heldur ekki auga á vaxandi vandamál í stefnu bankans.



JEFFREY SACHS

**Í DAG** | Fjármálakreppa í Bandaríkjunum

### Upphaf vandans

Fjármálakreppan í dag á rætur að rekja til ársins 2001, þegar netbólan sprakk og hryðjuverkamenn létu til skarar skríða í New York. Það var þá sem Seðlabankinn skrúfaði frá peningaflæðinu til að hindra að hægði á hjólum efnahagslífsins. Fé var dælt í bandarískt hagkerfi og stýrivextir lækkaðir úr 3,5 prósentum árið 2001 niður í aðeins eitt prósent. Þessum vöxtum var haldið of lágum of lengi.

Þessar aðgerðir Seðlabankans gera lántökur auðveldari og ódýrari gegnum allt hagkerfið. Þær geta einnig veikt gjaldmiðilinn og ýtt undir verðbólgu. Allt þetta gerðist í Bandaríkjunum.

Athyglisvert var að nýju lántökurnar voru aðallega bundnar við fasteignir. Það á vissulega yfirleitt við að lágir stýrivextir ýta undir húsnæðiskaup, en í þetta sinn, eins og fregnir eru orðið, tóku viðskipta- og fjárfestingarbankar að bjóða upp á nýjar leiðir til að lána fólki með lélegt lánstraust. Seðlabankinn hafði ekki eftirlit með þessari vafasömu iðju. Svo til allir gátu fengið húsnæðislán, með litlili eða jafnvel engri útborgun, og vaxtagreiðslum var frestað um mörg ár fram í tímann.

Aukin eftirspurn leiddi til hækkana á fasteignaverði. Bankar töldu því óhætt að lána til fólks með lélegt lánstraust. Ef það lenti í vanskilum væri jú hægt að gera eignarnám í húsi sem væri orðið verðmætara en áður. Þannig hljóðaði kenningin að minnsta kosti. Auðvitað gilti hún aðeins svo lengi sem húsnæðisverð hélt áfram að hækka. Þegar hámarkinu væri náð og verðið lækkaði yrði minna svigrúm fyrir lánveitingar og bankarnir þurftu að gera eignarnám í húseignum þar sem verðmæti nam ekki skuldum.

Hið ótrúlega var hvernig Seðlabankinn, undir forystu Greenspans, stóð aðgerðalaus hjá meðan fasteignabólan sótti í sig veðrið og beið þess að springa. Fasteignabólan náði hámarki á árunum 2006 og 2007. Uppgjör bankanna fylltu háar upphæðir af áhættusömum húsnæðislánum, sem var pakkað í svo flóknar umbúðir að erfitt var að leggja mat á áhættuna. Bankarnir fóru að draga úr lánum og vanskil jukust. Fasteignaverð náði hámarki þegar hægðist á lánveitingum og í kjölfarið fór verðið að lækka. Fasteignabólan sprakk síðastliðið haust og bankar sem lánað höfðu mikið fé til fasteignakaupa töpuðu háum fjárhæðum og reið það sumum að fullu, til dæmis Bear Stearns.

### Situr við sinn keip

Frá því í haust hefur Seðlabankinn verið að lækka stýrivexti í þeim tilgangi að bægja frá kreppu og aðstoða banka í slæmri stöðu. En í þetta sinn er féð ekki notað til húsbygginga heldur í vörur og erlenda gjaldmiðla.

Stefna Seðlabankans kyndir nú undir verðbólgunni í stað þess að draga úr henni. Verð á olíu, matvælum og gulli hefur rokið upp í sögulegar hæðir en dollarinn hrunið í sögulegar lægðir. Evran kostar nú um 1,60 dollara en kostaði 0,90 dollara í janúar 2002. Í örvæntingarfullri tilraun til að bægja kreppunni frá heldur Seðlabankinn hins vegar áfram að dæla fé í hagkerfið og knýr þannig verðbólguna áfram.

Seðlabankinn getur ekki úr þessu komið í veg fyrir hnignun í bandarísku efnahagslífi, að minnsta kosti til skamms tíma en jafnvel lengur. Óbreytt peningastefna mun ekki koma í veg fyrir hrun heldur gæti hún hrint af stað kostnaðarverðbólgu – verðbólgu og samdrætti í efnahagslífi. Seðlabankinn ætti að reyna að koma í veg fyrir lausafjárskort, halda verðbólgu í skefjum og forðast að seilast í vasa skattgreiðenda til að bjarga bönkum úr klípu sem þeir komu sér í með glæfraskap.

Áhrifanna af þessum atburðum mun gæta að einhverju leyti um allan heim. Það eru hins vegar ágætar líkur á að niðursveiflan í Bandaríkjunum verði bundin við Ameríku. Skaðinn sem heimsbyggðin verður fyrir þarf að mínu mati ekki að vera mikill.

*Höfundur er hagfræðiprófessor og forstjóri Earth Institute við Kólumbíuháskóla í Bandaríkjunum. ©Project Syndicate, 2008. (Millifyrirsagnir eru Fréttablaðsins.)*

## Enn um Vatnsmýri

**UMRÆÐAN**

Skipulagsmál



JÓN GUNNARSSON

Það var fagnaðarefni að heyra af samkomulagi samgönguráðherra og borgaryfirvalda um að hefja skuli byggingu á samgöngumiðstöð í Vatnsmýri. Eins og áður hefur komið fram hjá mér tel ég mikilvægt að slíkri framkvæmd verði hraðað, þannig að nokkur hundruð þúsund farþegar sem um flugvöllinn fara á hverju ári, fái boðlega þjónustu og að þau fyrirtæki sem hana veita geti skapað starfsemi sinni og starfsfólki sómasamlega aðstöðu. Í mínum huga er engum blöðum um það að fletta að þetta er eitt mikilvægasta skrefið í að tryggja áframhaldandi rekstur Reykjavíkurflugvallar á núverandi stað um ókomna framtíð.

Á sama tíma og ég fagna þessum áfanga vil ég þó lýsa efasemdum mínum um að miðstöð fyrir almenningsvagna, hópferða- og leigubíla þurfi að setja niður á sama stað. Þó vissulega sé gott landnæði í Vatnsmýri eru takmörk fyrir því hversu öflugum umferðarmannvirkjum verður hægt að koma fyrir á svæðinu. Ég fæ ekki séð nauðsyn þess að miðstöð hópferðabíla og almenningsvagna sé nauðsynleg í sama húsnæði og flugstöð. Það þarf eingöngu að tryggja gott aðgengi þessara þjónustuaðila og tíðar áætlanir almenningsvagna við svæðið. Miklu nær væri að byggja aðstöðu fyrir hópferðabíla í jaðarbyggð borgarinnar og losa okkur þannig við umferð þessara stóru tækja í gegnum alla borgina.

Þær framkvæmdir sem þegar eru í gangi og fyrirhugaðar eru munu auka umferðarþunga á svæðinu gríðarlega. Það mikið að ég hef miklar efasemdir um réttlætingu þeirra allra. Reikna má með að umferð um 4.000 manna bætist á svæðið á næsta ári með tilkomu Háskóla Reykjavíkur. Þá hefur nefnd sem skipuð var af heilbrigðisráðherra skýrt frá niðurstöðu sinni um að staðsetja skuli nýtt sjúkrahús í Vatnsmýrinni. Enga skýrslu sem styður þá niðurstöðu hef ég reyndar séð enn, þrátt fyrir fyrirspurnir, og þannig vantar enn þann rökstuðning fyrir málinu sem ég vil sjá. Ég hef haft efasemdir um þessa byggingu og staðsetningu hennar á þessum stað. Mér finnst liggja nær að staðsetja hana þannig að umferðarmannvirki sem fyrir eru séu nýtt í gagnstæða átt við megin umferðarþunga á álagstímum. Því markmiði sé ég fyrir mér að mætti ná með því að velja þessu mannvirki staðsetningu á Vífilsstöðum. Önnur góð rök liggja því einnig til grundvallar.

*Höfundur er alþingismaður.*

bfo.is
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf bfo@bfo.is
NISSAN SUBARU HONDA ISUZU OPEL
SMIÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · SÍMI: 567 7360

VILTU VERÐA RIDDARI GÖTUNNAR?
VERTU KLÁR FYRIR SUMARIÐ!
BÓKLEGT BIFHJÓLANÁMSKEIÐ Á NETINU!
www.ekill.is



ekill
www.ekill.is • upplýsingar í síma 894 5985

allt heimili
Alla fimmtudaga




Daníel Geir fór í saklausa árshátíðarferð sem endaði með miklum látum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Lenti í miðju mótmæla

***Daníel Geir Moritc kennaranemi hefur víða komið enda ferðalangur mikill. Ein af ferðum Daníels tók óvænta stefnu í Búdapest.***

„Ég fór í árshátíðarferð með Byggingafélagi námsmanna til Búdapest. Á sama tíma var þar verið að fagna fimmtíu ára afmæli byltingar sem gerð var gegn Sovétríkjunum," segir Daníel.

Efnt hafði verið til mikilla hátíðarhalda vegna afmælisins að hans sögn, en hópur manna greip þá tækifærið til að mótmæla þáverandi ríkisstjórn landsins vegna lyga forsetans um fjárhagsstöðu landsins.

„Við vorum í sakleysi okkar á leiðinni niður í bæ að taka þátt í skrúðgöngu. Sungum þar með fólkinu Via Via Hungaria og vorum í dúndrandi stemningu. Settumst úti á veitingastað og nutum veðurblíðunnar. Skyndilega fórum við að finna einkennilega lykt og fólk kom hlaupandi í áttina að okkur. Við spáðum ekkert í þetta fyrr en þjónninn kom, bankaði í borðið okkar og bað okkur um að koma inn," útskýrir Daníel.

Þar sem Daníel og félagar hans litu út um gluggann á staðnum sáu þeir hvar fleiri hundruð manns flúðu undan táragasi lögreglurnar. Forvitnin yfirtók þó smám saman skynsemi félaganna, sem fundu sig knúna til að kíkja út. Þeir komust þó ekki langt þar sem lögreglan var fljót að stöðva ferð þeirra.

„Búið var að loka fjölmörgum götum. Við fórum einhverja krókaleið og komum inn í stóran almenningsgarð og lentum þar í miðju mótmælanna. Við fylgdumst með í vissri fjarlægð og áður en við vissum urðu lætin svo rosaleg að við urðum að flýja undan lögreglunni," rifjar Daníel upp. Eftir þetta ákváðu félagarnir að snúa aftur upp á hótel, þar sem þeir kveiktu á fréttunum í sjónvarpinu til að sjá hvað væri á seyði.

„Í fréttum var sagt frá því að einn mótmælandi hefði slasast en við trúðum því varla þar sem við sáum lögregluna lemja mun fleiri. Það var samt viss upplifun að lenda í þessu og sjá alvöru mótmæli, ólíkt bílflautinu á Íslandi," segir Daníel með bros á vör.

*mikael@frettabladid.is*


BÍLKÓ
Þjónustumiðstöð bílsins
- Hjólbarðaþjónusta
- Smurþjónusta
- Alþrif og teflon
- Bón
- Djúphreinsun
- Mössun
- Dekkjahótel
- Rafgeymar
- Perur
- Rúðuþurkur
- Bremsuklossar
- Sækjum og sendum
- Flestar stærðir dekkja á lager
- Bílkó þjónusta

Bón og þvottur
Láttu okkur um þrifin
SÆKJUM & SENDUM



BÍLKÓ Smiðjuvegi 34 |Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

**Bensíndælan** hræðir marga frá því að dæla sjálfir á bílinn. Sá ótti er óþarfur því hægt er að spara þónokkrar krónur á sjálfsafgreiðslunni.

# Umhverfisvæn orka alls staðar

***Þegar ferðast er með húsbíl eða hjólhýsi getur það heft frelsi ferðalangsins að þurfa að leggja bílnum á stæði með rafmagnstenglum. Nýr efnarafall sem framleiðir sjálfur orku gefur ferðalöngum aukið frelsi.***



Guðlaugur Jónasson, annar eigenda Fjarorku ehf. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Efoy-efnarafallinn framleiðir raforku úr metanóli svo engar leiðslur og tengla þarf til.
Guðlaugur Jónasson er annar eigenda Fjarorku ehf. en þar fást þessir efnarafalar frá Efoy.

„Tækið er algerlega sjálfvirkt. Það vaktar rafgeyma í húsbílum og hjólhýsum og jafnvel í sumarbústöðum og þegar orka fer að minnka fer efnarafallinn í gang. Hann framleiðir rafmagn úr etanólinu og hleður geymana aftur upp. Síðan slekkur hann á sér og sofnar þangað til hann þarf að fara aftur í gang,“ útskýrir Guðlaugur.

Orkan frá efnarafalnum er umhverfisvæn en örlítð vatn drýpur frá tækinu þegar það vinnur og hiti sem hægt er að nýta til upphitunar. Guðlaugur segir algengt að rafallinn sé notaður til viðbótar við sólarrafhlöður því bæði er sólin lágt á lofti hér á Íslandi og oft skýjað en að auki getur tækið unnið á nóttunni þegar engrar sólar nýtur.

„Það er líka kostur við þetta að á milli ferðalaga eða þegar fólk lætur bílana í geymslu yfir veturinn er tækið á vakt og bíllinn er þá hlaðinn og tilbúinn þegar leggja á af stað í næstu ferð.“

Guðlaugur segir það verða algengara að fólk fái sér efnarafal í sumarbústaði auk sólarrafhlaðna því oft sé mjög kostnaðarsamt að fá rafmagn lagt í bústaði. Einnig hugsi fólk um náttúruna.

„Fólk er líka farið að hugsa meira á umhverfisvænum nótum, þetta er græn orka, hættulaus og mengunarlaus. En aðalatriðið er frelsið að vera með rafmagn hvar sem er og hvenær sem er. Með rafalinn ertu algerlega frjáls og óháður með þitt rafmagn. Svona tæki er mikið notað af Vegagerðinni, Landsvirkjun og fleirum sem þurfa að knýja búnað fjarri byggð.“

*heida@frettabladid.is*



Metanólið er selt á brúsum en rafallinn notar það til að framleiða raforku.

Efoy-efnarafallinn er hljóðlátur og umhverfisvænn.



9-X BioHybrid fyrir framtíðina hjá Saab.

# Saab fær verðlaun

***Hugmyndabíllinn Saab 9-X BioHybrid fær viðurkenningu.***

Nýjasti hugmyndabíll Saab-bílaframleiðandans var valinn besti hugmyndabíllinn á bílasýningunni í Genf í mars síðastliðnum. Bíllinn, sem kallast 9-X BioHybrid, er þá annar bíllinn frá Saab sem fær þessa viðurkenningu en árið 2006 var Saab Areo X valinn besti hugmyndabíllinn.

Það sem 9-X BioHybrid stendur fyrir er hugmynd Saab um eftir hverju ungir viðskiptavinir fyrirtækisins sækjast í framtíðinni. Áræðið útlit, hátækni í samskiptum, öryggi og léttleiki. Allt þetta sameinist í sportlegum bíl sem gaman er að aka. Stjórnandi hönnunarteymisins var stoltur af árangrinum og sagði hópinn í skýjunum yfir verðlaununum.

Sænska bílafyrirtækið Saab var upphaflega stofnað árið 1930 til að framleiða flugvélar. Eftir seinni heimsstyrjöldina sneri það sér að bílaframleiðslu og rekur nú yfir fimmtíu söluumboð um allan heim.

*- rat*

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

Allt á einum stað
SUMARDEKK
HEILSÁRSDEKK
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
BREMSUKLOSSAR
ALLT Á EINUM STAÐ
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

VINNUVÉLANÁMSKEIÐ
Næsta námskeið hefst
11. apríl n.k.
Staðsetning í Mjódd
www.ovs.is
Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.
Eco Driving
UPPLÝSINGAR OG INNRITUN Í SÍMA 588-1414

Aukin ökuréttind - Meirapróf
Nýlegir kennslubílar
ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD
Næsta námskeið hefst
9.apríl
Upplýsingar og innritun í síma 567 0300

Bremsuhlutir
í alla jeppa
og pickupa
Diskar
Klossar
Dælur
Borðar
Ísetningarþjónusta
FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000
PRENTSNIÐ EHF.

FJAÐRIR OG GORMAR
Í FLESTAR GERÐIR
JEPPA
Japan/U.S.A.
FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

vísir.is
„...ég sá það á vísi“



**Kaffiboð** er upplífgandi að halda reglulega fyrir vini og fjölskyldu. Gerðu þér dagamun og notaðu sparistellið.

# Hlúð að aleigunni

***Þegar birtir og hlýnar gefast tækifæri til tiltektar og viðhalds í húsunum heima. Stundum eru handtökin óljós og þá gott að njóta liðsinnis fagfólks sem ástandsskoðar húseignir áður en hafist er handa.***



Davíð Karl Andrésson segir vanta upp á að Íslendingar láti ástandsskoða fasteignir sínar með reglulegu millibili, eins og þeir gera hiklaust við bifreiðir sínar með góðum árangri. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Með ástandsskoðun er fasteign yfirfarin með tilliti til viðhalds, farið yfir hvað þarf að gera strax og hvað má geyma þar til seinna,“ segir Davíð Karl Andrésson, húsasmíðameistari hjá Arði ehf.

„Ástandsskoðun fasteigna nýtist þeim sem hyggja á viðhald og endurbætur, en einnig þeim sem eru að kaupa fasteignir svo finna megi leynda galla og ófyrirsjáanlegt og aðkallandi viðhald. Slík útköll eru vaxandi hérlendis, en þess má geta að í Svíþjóð er skylt samkvæmt lögum að fá skoðunarmann til að yfirfara íbúðarhúsnæði áður en kaup fara fram. Þá skoðar hann íbúðarhúsnæðið vandlega og metur kostnaðarhliðina ef eitthvað þarf að lagfæra, en í samræmi við hans úttekt verður seljandi annaðhvort að lækka verðið sem því nemur eða greiða viðhaldskostnað og viðgerðir úr eigin vasa,“ segir Davíð Karl og minnir á að um aleigu fólks sé að ræða þegar kemur að fasteignum.

„Fólk lætur hiklaust ástandsskoða bíla sína, en trassar að gera hið sama við húsnæði sitt. Gott er að ástandsskoða húseignir á þriggja ára fresti, en með ástandsskoðun er átt við að finna vandamál, orsakir og lausnir. Sumt getur fólk svo lagfært sjálft á meðan annar vandi kallar á úrlausnir fagmanna,“ segir Davíð Karl, sem segir lekavandamál alvarlegasta vanda húseigenda.

„Vatnsskemmdir geta verið svo leyndar og ekki alltaf augljóst hvaðan vatn kemur né hvað það er að skemma. Stundum smitar vatn í gegnum veggi, en einnig glugga, og oft er þak orðið lélegt án þess að eigandinn verði þess var. Við komum og finnum rót vandans, skilum skýrslum um ástand eigna, og gerum kostnaðaráætlun viðgerða, ef fólk kýs,“ segir Davíð Karl, en eftir hans þjónustu kalla húseigendur og húsfélög í stórum stíl til að meta útveggi, gler, tréverk, glugga og þak, ásamt fleiru.

„Endingartími glerja miðast við tuttugu ár, en þakklæðningar endast að jafnaði í þrjátíu ár. Við athugum aldur og metum endingu, en skoðum einnig hurðir og glugga; hvort viður sé farinn að þorna eða þéttni að minnka.“

Sjá nánar á www.matfasteigna.is.

*thordis@frettabladid.is*



Fyrir breytingarnar var lítið vinnuherbergi í horninu.



Eftir breytingar. Fjölskyldan náði að borða jólamatinn í nýja eldhúsinu.

MYND/GULLI HELGA

# Gulli Helga breytir

***Gunnlaugur Helgason stýrir þáttunum Hæðin þar sem íbúðir eru innréttaðar. Stutt er síðan hann sjálfur stóð í framkvæmdum.***

„Ég er nú alltaf að hengja upp eina og eina hillu fyrir konuna en stærsta breytingin var þegar ég færði eldhúsið yfir í stofuna,“ segir Gulli.

Gamla eldhúsinu var breytt í sjónvarpsherbergi, gólf voru endurnýjuð og ný innrétting sett upp. Fjölskyldan bjó í húsinu meðan á framkvæmdum stóð en þær tóku tvo og hálfan mánuð og kláruðust fyrir jólin.

„Þetta kláraðist þrjátíu sekúndum fyrir jól og ég fékk svo upp í kok að ég hef ekki hreyft litlaputta síðan. Ég vara fólk við því að taka of stóra bita í einu þegar breyta á heimilinu,“ segir Gulli hlæjandi en hann sá að mestu sjálfur um framkvæmdirnar.



Gulli stýrir þessa dagana þáttunum Hæðin.

„Við keyptum okkur hús sem er sjö ára verkefni og ætlum að taka það í gegn í einingum. Nú erum við að klára að velja allt inn fyrir næsta skref. En fólk á ekki að breyta einu né neinu fyrr en það er búið að ákveða og helst útfæra allt áður en það byrjar að rústa heimilinu sem það býr í.“ *- rat*




**Sebrahesta** gætir þú rekist á í spennandi safaríferðum, þá helst á sléttunum í austanverðri Afríku. Sebrahestar eiga það til að ráðast á fólk.



## Lónsöræfi í máli og myndum

Í KVÖLD VERÐUR HÆGT AÐ FRÆÐAST UM LÓNSÖRÆFI HJÁ FERÐAFÉLAGI ÍSLANDS.

Ferðafélag Íslands stendur í kvöld fyrir myndakvöldi þar sem sýndar verða myndir frá Lónsöræfum.

Leifur Þorsteinsson hefur umsjón með kvöldinu og mun ásamt því að sýna myndirnar miðla af fróðleik sínum um svæðið.



Lónsöræfin eru ein af náttúruperlum landsins og sífellt fleiri ferðamenn leggja leið sína þangað.

Myndakvöldið fer fram í húsakynnum Ferðafélagsins í Mörkinni 6 og hefst klukkan átta. Aðgangseyrir er 600 krónur.



GISTING Í HÖRPUHÚSI
Kaupmannahöfn
http://surprizetravel.is/gistingdk.html
Nánari upplýsingar í síma 822-3890

**Fuerteventura**
**3. eða 17. júní**
**frá kr. 44.990**

**Frábært sértilboð**
**Aparthotel Dunas Alisios**



***Mjög takmarkaður fjöldi íbúða í boði!***
Heimsferðir bjóða frábært sértilboð til Fuerteventura, sem hefur svo sannarlega slegið í gegn hjá Íslendingum. Njóttu lífsins á þessum vinsæla sumarleyfisstað við góðan aðbúnað. Að sjálfsögðu nýtur þú traustrar þjónustu fararstjóra Heimsferða allan tímann. Dunas Alisios íbúðahótelið í Correlejo er vel staðsett og örstutt frá strönd og í stuttu göngufæri frá iðandi mannlífinu, veitingastöðum, verslunum og börum. Á hótelinu er góð sólbaðsaðstaða, útisundlaug, barnasundlaug og leikaðstaða fyrir börnin, s.s. barnaklúbbur og skemmtidagskrá, en einnig er sundlaugarbar, billiardborð, tennisvöllur og skvass.

Verð kr. **44.990**
Netverð á mann, m.v. 2 saman í íbúð á Dunas Alisios í viku. Aukavika kr. 10.000. **Sértilboð 3. júní í 2 vikur eða 17. júní í 1 eða 2 vikur.**

Verð kr. **54.990**
Netverð á mann, m.v. 2 saman í íbúð á Dunas Alisios í viku. Aukavika kr. 10.000. **Sértilboð 3. júní í 2 vikur eða 17. júní í 1 eða 2 vikur.**

Heimsferðir
Ferðaskrifstofa
**Skógarhlíð 18 • sími 595 1000**
**Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is**
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



Bad Orb er friðsæll bær og lífið allt í föstum skorðum nema þegar um 20 lúðrasveitir gera innrás annað hvert ár.



„Við spilum á sundlaugarbakka og skellum okkur svo í sund á eftir," lýsir Guðrún Björg.

# Tekið sem rokkstjörnum

***Þótt meðlimir lúðrasveitarinnar Svansins leggi sig alla fram á vortónleikunum í Ráðhúsi Reykjavíkur í kvöld er óvíst að þeim verði tekið sem rokkstjörnum eins og í þýska bænum Bad Orb. Guðrún Björg Ingimundardóttir kann að lýsa því.***



Guðrún er á fjórða starfsári með lúðrasveitinni Svaninum og hefur farið með henni í nokkur ferðalög. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Bad Orb er smábær í Suður-Þýskalandi. Þar eru 60 prósent íbúanna yfir 65 ára aldri og aðalverslanirnar eru apótek. Þarna eru yndisleg kaffihús en engir skemmtistaðir og allt ofboðslega friðsælt, litlir garðar, krúttlegar ísbúðir og lífið í allt öðru tempói en hjá okkur. Í Bad Orb eru haldin lúðrasveitamót í september annað hvert ár og þangað koma um 20 lúðrasveitir alls staðar að. Við í Svaninum vekjum samt ávallt athygli, kannski af því við komum fljúgandi en hinar sveitirnar eru frá meginlandinu. Að minnsta kosti er okkur alltaf tekið eins og stórum poppstjörnum. Tveir menn sem eru par og reka bensínstöðina í þorpinu eru okkar menn á svæðinu. Þeir heita Christoph og Christof og stjana við okkur, sýna okkur allt og eru duglegir að koma okkur á framfæri."

Guðrún segir mótin ávallt haldin í risastóru tjaldi með endalausum langborðum, bar og sviði. Þar marseri sveitirnar inn ein af annarri. „Þegar við Íslendingarnir göngum inn þá ætlar allt um koll að keyra. Það er dansað uppi á borðum, klappað og öskrað og ég veit ekki hvað og hvað. Við veljum líka alltaf dálítið hress og skemmtileg lög, hinir eru kannski meira í hefðbundnum mörsum en við komum með James Bond-lög, Stuðmannalög og önnur sem hleypa fjöri í mannskapinn. Mótið stendur frá fimmtudegi til mánudags, það er spilamennska á torgum og götuhornum úti um allan bæ og alltaf eitthvað um að vera í tjaldinu á kvöldin, Týrólaband að spila, dansiböll og fjör. Ekki spillir veðrið. Við höfum alltaf verið í glampandi sól og allt að 30 stiga hita. Margir líta á þetta sem byrjunina á októberfest. Svona forskot á sæluna."

Meðlimir Svansins eru á aldrinum 16 til 55 ára að sögn Guðrúnar Bjargar sem byrjaði að spila með árið 2003. Hún segir um 30 starfandi í sveitinni. „Svo erum við með fólk á sporbaug í kring sem kemur inn í þegar þarf," segir hún kankvís og kemur því að í lokin að vortónleikarnir séu í Ráðhúsi Reykjavíkur í kvöld kl. 20. Þar sé aðgangur ókeypis og öllum heimill.

gun@frettabladid.is






Sjónarhornin eru mörg og perlurnar í landinu leynast víða.

## Hvað er bak við hólinn?

***Námskeið sem nefnist Hvað er bak við hólinn? er á döfinni hjá Ferðamálaskólanum í Kópavogi.***

Á námskeiðinu Hvað er bak við hólinn? verður fjallað um væntingar og óskir ferðamanna sem sækja landið heim. Þjálfun í leiðsögn og upplýsingagjöf til ferðamanna verður meðal efnis og því velt upp hvað ferðamenn vilja helst sjá og hverju þeir vilja kynnast hjá landi og þjóð.

Kynning verður á helstu ferðamannastöðum en líka vakin athygli á fjölbreytileika Íslands því skoðunarverðar perlurnar leynast víða, jafnvel bak við næsta hól.

Kennari á námskeiðinu er Hildur Jónsdóttir en það verður haldið á morgun, hinn 10. apríl, frá kl. 17-20 eða eftir samkomulagi. - gun

## Tölvur



Óskum eftir notuðum tölvum A.S.A.P. !!!

BMS-Tölvulausnir Suðurlandsbraut 8, Sími 565 -7080

## Vélar og verkfæri



Til sölu ónotaðar rafstöðvar 16 - 20kw í hljóðeinangruðum kassa. Upplýsingar í síma 5657390 milli kl 8:00 og 18:00

## Til bygginga

Mótaborð (dokar) 1.675 kr/m2, mótatimbur 1x6 og 2x4, 135 kr og 195 kr/m, H-20 I-bitar 1.135 kr/m, allt verð með vsk. Kíktu á ulfurinn.is eða s. 840-7273, Halldór.

Dokaplötur óskast keyptar. Uppl. í s. 892 4624.

Vinnupallaefni til sölu (notað einu sinni), 60 m 3 hæðir. Til sýnis í Barmahlíð 7, 105 R. Tilboð, s. 8963143.

## Verslun

amor

Egg í miklu úrvali frá kr. 590.-

Tilboð á DVD Frábært úrval af nýjum titlum.

WET

Full búð af nýjum vörum

• INTIMO •

Örugglega besta rakgelið!

Skúlagata 40a s. 562 2433
Dalvegur 16a s. 562 2445
www.amor.is

Stærri limur betri limur

Loksins er komin á markað vara sem getur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is

bathmate.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ævar Friðriksson. Kenni allan daginn. Toyota Avensis 2006. Tek í akstursmat og hjálpa við endurtökupróf. S. 863 7493 og 557 2493.

# HEILSA

## Baðstaðir

**Nýtt - Nýtt - Nýtt !**
**Japanska baðið og veitingastaðurinn Gullinský**
**Líkamsskrúbbun - pottur (frítt) - Power nudd - gómsætur matur. Verð kr. 5500. Detox = úthreinsun ofl.**
**Íslenskur matur og kökur á hlaðborði allan daginn.**
**Heimatilbúið og bakað. Opið frá 10-18 alla virka daga.**
**Skúlagata 40 (gengið inn frá Barónsstíg) S. 823 8280.**

## Heilsuvörur




5-7 kíló á 9 dögum. Komdu þér af stað með hreinsiprógrami frá Aloe Vera. S. 6978928

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Whole body massage Telepone 862 0283.

Nudd! Heilnudd, íþróttanudd. Nudd gegn vöðvabólgu. Ódýrt og gott Uppl. í síma 690 8876. (ekki erótískt)

Whole body massage Telepone 841 8529.

Nudd nudd nudd heilnudd. Uppl. í s. 616 6469.

# HEIMILIÐ

## Heimilistæki

Tæpl. 1ára Ariston-No Frost ísskápur/frysti, stál lítur, 187 cm hár til sölu v. flutninga. V. 45.000 s. 6934758

## Dýrahald



Stóru hundagerðin komin aftur. Lengd 340 Breidd 200 Hæð 175 cm verð 42,000 kr. www.liba.is



Labradorhvolpar til sölu, ættb.færðir hjá H.R.F.Í, tilb. til afh. um miðjan maí. Nánari uppl. í s. 822 2118 & 822 0383einnig á www.labbapabbi.dyraland.is



**Týnd kisa**
Depill sem er hvítur og gulbrúnn hvarf frá Njörvasundi. Hann er með bjöllu, bláa ól og grænt nafnspjaldi. Þeir sem verða hans varir vinsamlegast hafið samband í 849 3584.

Chihuahua hvolpar til sölu. Upplýsingar gefur Björk í síma 895 6035 eða á dyraland.is/dyr/66395/

Er með fjóra dísu unga , til sölu 10 þús. stk. S. 699 8469 & 421 5978.

Gullfallegir hreinræktaðir Papilon hvolpar til sölu. Uppl. í s. 690 8091.

Gullfallegir ljósir Chihuahua hvolpar til sölu. Uppl. í s. 863 4028.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðalög

Íbúð til leigu í Barcelona. Uppl. www.ibudbcn.blogspot.com og ibud.bcn@gmail.com

## Gisting

Til leigu á Spáni allan ársins hring, Barcelona, Costa Brava, Menorca, Valladolid. Uppl. í s. 899 5863 www.helenjonsson.ws

## Hestamennska



Reiðbuxur úr leðri. Brúnar og svartar. Dömu kr. 23.500,- Herra kr. 23.950,- Tito.is - Súðarvogi 6 - S. 861 7388.

Til sölu 6 hesta hús í Hlíðaþúfum í Hafnarfirði. Uppl. í s. 898 6401 / 565 4901

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Mjög falleg 3 herb. íbúð til leigu í Hfn. S. 565 1045 & 898 7725 & 865 4052.

Kjallaraíbúð með húsgögnum,1svefnherb.+ 2 fullbúin aukaherb. í sameign. Internet,þvottavél,sjónvörp.sólpallur, 150þ.+ trygging.s:8922176

58 fm 2 herb. íbúð í 108 Rvk. til leigu yfir sumarið. 90 þ. á mán. S. 898 8879.

Rúmgóð geymsla í risi til leigu er staðsett í 101 Rvk. Uppl. í s. 695 1730.

Til leigu stór 2 herb. íbúð á sv. 109 Rvk. Leiga 125 þ. á mán. Trygging óskast. Uppl. í s. 844 6368.

Ný 109 fm 4 herb. íbúð í Norðlingaholti pnr. 110. Laus strax. Leiga 155 þ. á mán. Hússj. og hiti innifalið. Trygging óskast. S. 659 7822.

95 fm 3-4 herb. íbá 2 hæð til leigu í 105 Rvk. Þvottahús & geymsla. V. 150 þ. á mán. S. 861 6760.

**Uppl. e. kl. 18.**
Til leigu lítið herb. á sv. 105. Með sameig. eldh. og baðh. Uppl. í s. 895 1441.

Til leigu er lítið hús í Hnífsdal. Húsið er fullbúið húsbúnaði og húsgögnum og leigist ýmist viku eða helgarleigu. Þó kemur til greina að leigja mánaðarleigu fyrir apríl og maí. Uppl. gefur Erna Stefánsdóttir í s. 844 1259. Geymið auglýsinguna

## Húsnæði óskast

1-2ja herb. íbúð óskast til leigu. Greiðslugeta 80-110 þ. á mán. S. 690 6188.

Óska eftir 2 herb. íb. í Hfj. Skilvísum gr. heitið. Greiðslug. 80-110 þ. Reglusemi. Uppl. í s. 844 7778.

Einstaklingur óskast eftir lítilli íbúð, frá næstkomandi mánaðarmótum eða fyrr. Er með langtíma leigu í huga. Öruggar + tryggar mánaðar greiðslur. Beingreiðslur ef óskað er. Uppl. í S. 692 4880.

Par óskar eftir 3 herb. íbúð á höfuðb.sv. Greiðslug. 100-120 þús. Uppl. í s. 868 0094 og 844 5500.

## Atvinnuhúsnæði



Til leigu 60m2 atv-lager húsnæði á Malarhöfða í Rvk góð lofthæð uppl. 8966621

Til leigu skrifstofu pláss á höfðanum. Stærð getur verið 80fm, 117fm, eða 180 fm. Laust strax. Verð 1400.- pr. fm. Uppl. gefur Björn 843 6061 eða mail. bjorn@icecharter.com

## Sumarbústaðir



Sumarbústaðir til leigu (30 mín frá RVK). Heitur pottur og gasgrill. Nánari upplýsingar í síma 898 6107 eða www.nupar.is.



**Gestahús til sölu**
Til sölu 25 fm heilsárshús tvö herb./forst. /bað, mjög vandað og hentar vel íslenskum aðstæðum. Húsið er fullbúið að utan og tilbúið til afhendingar. Panilklætt að innan, með raflögnum en án gólfefna og baðinnréttingar. Tilvalið fyrir þann sem vill stækka sumarhúsið sitt. Húsið er til sýnis að Cuxhavengötu 1 Hafnarfirði. Upplýsingar í síma 820 0051.

## Geymsluhúsnæði




Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

JOLLI

**Söluturninn Jolli Hafnarfirði.**
Söluturninn Jolli óskar eftir áreiðanlegu og stundvísu fólki í vinnu. Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastarf. Ef þig langar til að vinna á skemmtilegum og líflegum vinnustað þá gæti þetta verið rétta vinnan fyrir þig. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Umsóknareyðublöð á staðnum.

aktu taktu

**Aktu Taktu Skúlagötu**
Leitar að þér. Kvöld- og helgarvinna í boði. Skemmtileg vinna á skemmtilegum vinnustað. Góð laun í boði fyrir gott fólk. Allir hvattir til að sækja um. Umsóknir á aktutaktu.is

Faglagnir

**Pípulagnir**
Faglagnir ehf. óska eftir að ráða vana pípulagningamenn. Góð verkefnastaða. Uppl. í síma 824 0240, Steinar.

**Eldhús - Vaktavinna**
**Leitum að aðstoðarmanni við kokkatörf, viljum ráða mann með reynslu af eldhússtörfum. Umsóknir á www.kringlukrain.is & í s. 893 2323.**

**Búr ehf - Vaktstjóri**
**Búr ehf óskar eftir að ráða vaktstjóra með lyftararéttindi. Vaktavinna. Framtíðarstarf. Ekki yngri en 25 ára. Góð Íslenskukunnátta skilyrði. Einnig leitum við af sumarstarfsfólki.**
**Upplýsingar í síma 896 2836 á skrifstofutíma. Umsóknir einnig á staðnum, Bæjarflöt 2, Grafarvogi.**

V&V VÖRUBÍLA OG VINNUVÉLAVERKSTÆÐIÐ

Vörubíla- & Vinnuvélav.st ehf Óskum eftir að ráða til framtíðarstarfa sem fyrst: Bifvélavirkja/vélvirkja eða manni vönum viðgerðum vinnuvéla með meirapróf. Uppl í s. 5884970 Guðmundur

**Viltu vinna vaktavinnu?**
**Viltu vinna með skóla ?**
**Hlöllabátar Þórðarhöfða óska eftir duglegu fólki í vaktavinnu. Hentar vel með skóla, mikið að gera. Íslenskukunnátta skilyrði.**
**Hlöllabátar Þórðarhöfða. S. 892 9846.**

**Helgarvinna**
**Starfsfólk óskast í NK Kaffi Kringlunni laugardaga og sunnudaga.**
**Uppl. á staðnum og í s. 568 9040 & 693 9091.**

**Bókari - hlutastarf**
**Óska að ráð bókara í fjárhagsbókhald við vsk uppgjör, afstemmingar, launabókhald og fl. Hlutastarf með möguleika á fullu starfi.**
**Vinsamlega sendið umsókn á netfangið: airhotel@simnet.is**

**Seltjarnarnesbær**
**Umsjón með mötuneyti - afleysing í 4 vikur.**
**Starfsmaður óskast til að hafa umsjón með mötuneyti aldraðra hjá Seltjarnarnesbæ. Starfið felst í móttöku matar og afgreiðslu, frágangi og að útbúa meðlæti með kaffi. Einnig að sjá um innkaup. Vinnutími er frá 11:30 - 16:30 virka daga. Ráðið er tímabundið í starfið í 4 vikur. Starfsmaður þarf að geta hafið störf sem fyrst.**
**Nánari upplýsingar veitir Þóra Einarsdóttir í símum 595 9147 eða 822 9110.**

**Ísbar/Booztbar, Kringlunni.**
**Óskum eftir að ráða í eftirfarandi starf. Dagvinna á tímabilinu 8.30-16.30, heilsdags eða hálfsdags starf. Góð laun í boði fyrir réttan aðila.**
**Einungis traust og heiðarlegt fólk kemur til greina. Uppl. í s. 898 7924, Kristinn eða senda umsókn á cyrus@simnet.is**

miðlun

**Miðlun ehf** óskar að ráða spyrla til að annast gagnaöflun vegna spurningakannana á kvöldin og um helgar. Lámarksaldur er 18 ár en við leitum ekki síður af fullorðnu fólki með fjölbreytta reynslu að baki. Viðkomandi þarf að hafa góða og skýra framsögn í síma og geta unnið 2-3 kvöld/helgar í viku.

**Þeir sem hafa áhuga sendið tölvupóst til eva@midlun.is (Reykjavík) og andrea@midlun.is (Akureyri).**

## TIL SÖLU

VR PÍPULAGNIR

898 1598

482 2444

Alhliða pípulagningaþjónusta

Reynir Valgeirsson
Pípulagningameistari
Valgeir Reynisson

**Til sölu í Kringlunni**

Lítil verslun með eigin innflutning, góður hagnaður.

Fyrirspurnir sendist á **Fréttablaðið Skaftahlíð 24** eða í tölvupósti á **smaar@frett.is** merkt **"Verslun - Kringlan"**

**Verslunarinnréttingar**

Verslunarinnréttingar fyrir fatnað úr burstuðu stáli og hvítuplexigleri til sölu.
Mjög flottar. Passa í ca. 70-100 fm pláss
Einnig til sölu borð - sýruþvegið gler og burstað stál.

**Upplýsingar í síma 897 7917.**

**SUMARSTARFSFÓLK VIÐ HÖFUM VINNUNA FYRIR ÞIG!**

**Ef þú vilt vinna með fólki og fyrir fólk þá skaltu tala við okkur.**

**Um er að ræða fjölbreytt störf í þágu eldri borgara sem búa í þjónustuíbúðum í Félagsmiðstöðinni Norðurbrún.**

**Hér er unnið alla daga vikunnar og hægt að sveigja vinnutímann að þínum þörfum.**

**Bæði er um 100% störf og hlutastörf.**

**Hafið samband og við munum taka vel á móti þér. Nánari upplýsingar veitir Berglind í síma 411-2760**

**Borgarafl**

**Borgarafl óskar eftir járnsmiðum og trésmiðum í tímabundið verkefni.**

**Upplýsingar í síma 660 1701 & 660 1704.**



**American style Nýbýlavegi**

Vantar þig góða vinnu í föstu vaktavinnukerfi? Erum með störf í sal 100% vaktavinnu í sal. Mjög góð íslenskukunnátta áskilin. Skemmtilegt vinnuumhverfi, samkeppnishæf laun og frábært folk. Komdu að vinna fyrir rótgróinn vinnustað og sæktu um á americanstyle.is



**Þjónustustöð**

N1 óskar eftir öflugum og áreiðanlegum starfsmanni til starfa á þjónustustöð félagsins í Fossvogi. Um er að ræða almenna afgreiðslu og þjónustu við viðskiptavini. Nánari upplýsingar um starfið veitir Helga Kristmundsdóttir í síma 554 2512 eða 660 3255. Áhugasamir geta einnig sótt um á www.n1.is

Potrzebni doswiadczeni pracownicy do prac zwiazanych z betonem obróbka metali oraz konstrukcjami stalowymi. Tel. 868 2487.

Byggingarfyrirtæki óskar eftir verkstjóra og smiðum. Mikil vinna framundan. Uppl. í s. 893 0174 & 864 7414.

**Bráðvantar trésmið!**

Handlaginn mann eða smið vantar til starfa við húsaviðgerðir o.fl. Einnig vantar múrara eða mann vanan flísalögnum. Framtíðarvinna. Góð laun fyrir réttan aðila. S. 616 1569.

Duglegt fólk vantar í eldhús í miðbæ Rvk. Hressilegt umhverfi. Upp. s: 866-7629

Óska eftir vönum manni í málningavinnu. Uppl. í s. 821 7673.

**Smiðir óskast**

Fjölþætt vinna úti og inni. Þarf að vinna sjálfstætt. Uppl. í s. 894 2523.

Óskum eftir dugmiklu starfsfólki á þjónustustöðvar okkar á Akureyri, Egilsstöðum og í Reykjavík. Íslenskukunnátta nauðsynleg. Umsóknir skal senda á elin@dekkjahollin.is eða koma á staðinn. Dekkjahöllin S.462 3002.

**Leiguliðar Fossaleyni**

Skrifstofa Leiguliða auglýsa lausar íbúðir til afhendingar fljótlega. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn. www.leigulidar.is eða 517 3440.

**Hvar eru smiðirnir?**

Vantar smiðir, sveinn eða meistara til starfa. Vantar iðnaðarmenn sem kunna að lesa úr teikingum, taka rétt mál og nota þau. Góða íslensku kunnáttu krafist, enska kostur ekki skilda. Næg verkefni næstu 5 árin. Umsókn á www.Leigulidar.is eða 517 3440

## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**

**Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.**

**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.**

Starfsfólk frá Lettlandi: smiðir, verkamenn, bilstjórar, velamenn, fiskvinnslufólk o.fl. S. 8457158

23 ára kk. óskar eftir vinnu. Vanur á 4 öxla gröfu og hjólaskóflu. Er með CE ökuréttindi. Uppl. í s. 692 3404.

32 ára Pólsk kona óskar eftir atvinnu á höfuðborgarsvæðinu allt kemur til greina ég tala ágæta ensku og er að læra íslenskuna sími 8667851

## TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



Kerru stolið! Vegleg fundarlaun. Auðkenni. Uppl. í s. 892 4624.

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)




## NÁMSKEIÐ

**Gestalt samtalsmeðferð**

Hvar / hver ert þú ?
Sjálfsstyrking !
Þekkir þú kvíða ? Þarftu að tala um erfiða hluti ?
Félagsfælni ? Nýtt val ?

**Skoðaðu www.talasaman.is**
**Sími 844 0599 / 848 0905**

# Skipti á stór-Reykjavíkursvæði

Til sölu raðhús í Arnarsíðu 10c á Akureyri. Skipti á íbúð, hæð eða húsi á stór-Reykjavíkursvæðinu.
Lýsing : Húsið er 2 hæðir, 7 herbergi, íbúð 187,5m² + bílskúr 42 m² + geymsla 14 m²
Samtals 243 m². Húsið er laust í júní.

**Upplýsingar : emelia@byggd.is og pesi@simnet.is**

**Byggd.is**

## NÁMSKEIÐ

**VINNUEFTIRLITIÐ**
Bildshöfða 16 – 110 Reykjavík – Sími 550 4600 – Fax 550 4610
Netfang: vinnueftirlit@ver.is – Heimasíða: www.ver.is

### NÁMSKEIÐ UM NOTKUN SPRENGIEFNA

Dagana 31. mars - 4. apríl 2008 verður haldið námskeið í Reykjavík um meðferð sprengiefna ef næg þátttaka fæst.

Námskeiðið er ætlað þeim sem öðlast vilja réttindi til að fara með sprengiefni og annast sprengivinnu samkvæmt reglugerð nr. 684/1999 um sprengiefni.

Námskeiðsgjald er kr. 60.400:-. Skrá skal þátttöku og greiða staðfestingargjald, kr. 30.200:- í síðasta lagi 19. mars 2008.

**Athugið að fjöldi þátttakanda er takmarkaður.**

Skráning og nánari upplýsingar hjá Vinnueftirlitinu, Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík, sími 550 4600.

## TILKYNNINGAR

**Frá Orlofsnefnd húsmæðra í Reykjavík**

Nokkur sæti eru laus í eftirtaldar sumarferðir hjá okkur:

| | |
|---|---|
| Austurland | 18. - 21. júní. |
| Vesturlan | 23.- 27 júní. |
| Danmörk | 6. - 12. júní. |
| Skotland | 26 júní. - 1. júlí. |

Nánari upplýsingar á skrifstofunni Hverfisgötu 69, mánud. þriðjud. og miðvikudaga kl. 16:30 - 18:00 í síma 5512617 eða 8642617.

**Stjórnin**

## ATVINNA

**Stofnun og rekstur smáfyrirtækja**

# Átt þú viðskiptahugmynd?

Námskeið í

**Stofnun og rekstri smáfyrirtækja**

hefst *12. apríl* n.k.

Nánari upplýsingar og skráning hjá ***Nýsköpunarmiðstöð Íslands*** í síma **522 9000** og á vefsíðu okkar ***www.nmi.is***.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Impra frumkvöðlar og sprotar

**Baader-maður óskast**

Á frystitogarann Hrafn Gk 111
Upplýsingar í síma 892-7094 eða 892 2502.

ÞORBJÖRN
Hafnargötu 12 · 240 Grindavík



## ÖGURHVARF - TIL LEIGU



Gott 520 fm verslunarrými með mikilli lofthæð. Rýmið er að mestu einn salur og er steinteppi á gólfum. Húsið er vel staðsett og mjög sýnilegt í vaxandi þjónustuhverfi og hefur því mikið auglýsingagildi.

## BÆJARLIND - TIL LEIGU



Vel innréttað 425 fm skrifstofuhúsnæði á 2. hæð í næsta nágrenni við Smáralindina í Kópavogi. Húsnæðið getur losnað fljótlega.

## SKÚTUVOGUR - TIL LEIGU

Frum



Gott ca 160 fm skrifstofuhúsnæði á 2. hæð, skiptist í fjórar skrifstofur, eldhús, og snyrtingu. Tölvulagnir í stokkum. Dúkur á gólfi. Laust strax.

hof fasteignasala

**564 6464**
**Síðumúla 24 • 108 Reykjavík**
hof@hofid.is • www.hofid.is
**Guðm. Björn Steinþórsson**
lögg. fasteignasali

1908 2008
Hafnarfjörður hundrað ára

## ÞJÓNUSTUHÚS

Fasteignafélag Hafnafjarðar óskar eftir tilboði í smíði og afhendingu á 56 m2 þjónustuhúsi á Víðistaðatúni samkvæmt teikningu frá Teiknistofunni TRÖÐ. Verklok 5. júní 2008.

Opnun tilboða 16. apri n.k. kl 11:00 hjá Fasteignafélagi Hafnarfjarðar, Strandgötu 11, 3. hæð.

Útboðsgögn liggja frammi í Þjónustuveri Hafnarfjarðar, Strandgötu 6, 1. hæð, 220 Hafnarfirði.

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐAR SÍMI 585 5500
WWW.HAFNARFJORDUR.IS

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

# Vegagerðin er ekki í eltingarleik

**UMRÆÐAN**
Hvíldartími atvinnubílstjóra


G. PÉTUR MATTHÍASSON

Vegagerðin hundeltir engan og síst af öllu flutningabílstjóra. Vegagerðin sinnir hins vegar lögbundnu hlutverki sínu um að hafa eftirlit með því að aksturs- og hvíldartími sé virtur. Í mótmælum flutningabílstjóra hafa komið fram sjónarmið hjá sumum sem ekki eiga við nein rök að styðjast. Hvað sem líður háu eldsneytisverði er betra að hafa staðreyndir á hreinu. Bílstjórar eru ekki sektaðir nema þeir hafi brotið reglurnar og það gerir mikill minnihluti þeirra. Flestum hefur gengið vel að fara eftir reglunum sl. ár.

Reglur þær um aksturs- og hvíldartíma sem nú eru gagnrýndar hafa verið í gildi síðan árið 2000, þeim var lítillega breytt árið 2006. Samkvæmt þeim gildir sú meginregla flestra launamanna að þeir eiga rétt á 11 tíma hvíld á sólarhring en þó mega ökumenn tvisvar í viku stytta þann hvíldartíma niður í 9 tíma.

Varðandi akstursímann sérstaklega þá skulu menn á hverjum samfelldum 4,5 tímum í akstri taka sér 45 mínútna hvíld. Henni má skipta í þrennt og taka hvenær sem er á þessum 4,5 tímum. Menn mega í allt keyra í níu tíma á sólarhring og þá er ekki verið að tala um þann tíma sem það tekur að lesta bílinn. Einungis þann tíma sem bílstjórinn er að keyra bílinn. Tvo daga í viku má lengja þennan tíma í 10 tíma.

Það þarf enginn að stöðva á Holtavörðuheiðinni og horfa niður á Brú. Fari maður úr Reykjavík og norður, telst einungis sá tími þegar ekið er. Fullnægja má hvíldinni með 15 mínútna stoppi í Borgarnesi og hálftíma í nefndri Brú, svo dæmi sé tekið. Þá hefst annað 4,5 tíma tímabil og því varla snúið að aka áfram hvort heldur er á Ísafjörð eða Akureyri.

*Í mótmælum flutningabílstjóra hafa komið fram sjónarmið hjá sumum sem ekki eiga við nein rök að styðjast. Hvað sem líður háu eldsneytisverði er betra að hafa staðreyndir á hreinu.*

Vegagerðin hefur ekki farið eftir stífasta bókstaf reglnanna enda felst ákveðið svigrúm í sektarreglugerð samgönguráðherra.

Á vegum landsins er fjöldi staða þar sem hægt er að stöðva bílinn og hvílast. Þeir sem hafa atvinnu af því að keyra um vegina hljóta að þekkja til þessara staða. Þótt ekki séu sjoppur á þeim öllum eru aðrar leiðir færar.

Eflaust má bæta þjónustu á áningarstöðum verulega en það er önnur og stærri spurning sem Vegagerðin svarar ekki því í það þyrfti þá að leggja mikið fé. Það er Alþingis að taka ákvörðun um það.

Rétt er að hafa í huga að reglurnar um hvíldar- og akstursíma eru settar til að auka umferðaröryggi í flutningum, til að tryggja jafna samkeppnisstöðu fyrirtækja í þessum rekstri og koma á samræmdri vinnulöggjöf ökumanna.

*Höfundur er upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar.*

# Miðborgin okkar

**UMRÆÐAN**
Miðborgin


ODDNÝ STURLUDÓTTIR

Öryggistilfinning er margslungið fyrirbæri. Kannanir sýna að íbúar upplifa sig óörugga á svæðum sem þeir þekkja lítið. Það hljómar nokkuð rökrétt og því er eðlilegt að þeir sem búa fjærst miðborginni upplifi öryggisleysi í miðborg Reykjavíkur.

Það hefur tekið langan tíma að byggja upp kraftmikla og lifandi miðborg. Ímynd hennar byggir að þó nokkru leyti á umfjöllun um hana, í fjölmiðlum og úr munni þeirra sem hæst eru settir.

Það er mikið ábyrgðarstarf að vera borgarstjóri. Borgarstjóri nær athygli fólks auðveldlega og margir hlustuðu á hann í fréttum í síðustu viku þar sem hann lýsti því yfir að miðborgin væri hættuleg. Þetta sagði borgarstjórinn sem ætti núna að stappa stálinu í fólk, blása í hvetjandi lúðra og snúa vörn í sókn. En í stað þess fælir hann fólk frá, gesti og viðskiptavini. Miðborgin þrífst á því mannlífi sem hefur skapast undanfarin áratug, með menningarstofnunum, menningarviðburðum, með kaffihúsum og krám, með verslunum. Því megum við ekki fórna með gáleysislegum yfirlýsingum.

Ásýnd miðborgarinnar er ekki góð um þessar mundir, um það deilir enginn. Átak gegn veggjakroti með fegrun og hreinsun og samstillt átak í skipulagsmálum eru ákaflega mikilvægir þræðir í marglitum vefnaði borgarbragsins. Virðing borgaranna og vellíðan helst í hendur við þá þræði. Eitt af verkefnum borgaryfirvalda er að hafa úrræði fyrir fíkla og utangarðsmenn, í samstarfi við velferðar- og heilbrigðisyfirvöld sem og lögreglu. Áherslan ætti að vera á sýnilega löggæslu, vandaða stjórnsýslu og að virða kraft, töfra og sérstöðu miðborgarinnar.

Það var ábyrgðarlaust af borgarstjóra að lýsa því yfir að miðborgin væri hættuleg, það er vafasöm alhæfing. Borgarstjórinn á ekki að tala miðborgina okkar niður. Það er mikil hætta fólgin í því. Í kvöld ætlar Samfylkingin að blása til opinnar hugmyndasmiðju um miðborgina á Hallveigarstíg 1 með þátttöku íbúa, verslunareigenda, listafólks og annarra áhugasamra um mannlíf, menningu – hreina, fallega og örugga miðborg. Borgarstjóri er hjartanlega velkominn.

*Höfundur er borgarfulltrúi.*




Nám samhliða starfi
- styrktu stöðu þína á vinnumarkaði

**Kynningarfundur verður haldinn í húsi Endurmenntunar 17. apríl kl. 17:00**

NÁM SAMHLIÐA STARFI

Rekstrar- og viðskiptanám
Mannauðsstjórnun
Þjónustustjórnun
Gæðastjórnun
Verkefnastjórnun - leiðtogaþjálfun

Nýtt Leiðsögunám á háskólastigi
Nýtt Markaðssamskipti - stefnumörkun og framkvæmd
Nýtt Þekkingarmiðuð þjónustustjórnun
Nýtt Nám í verðbréfaviðskiptum

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning:
sími 525 4444
endurmenntun.is

H:N markaðssamskipti / SÍA

**CYNTHIA NIXON LEIKKONA 42 ÁRA.**

*„Ég held að konur vilji alveg gifta sig. Hins vegar efast ég um að þær gifti sig sama hvað í dag.“*

***Cynthia Nixon sló í gegn sem hin harðsvíraða Miranda í þáttunum Beðmál í borginni fyrir nokkrum árum.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 9. APRÍL 1981

## Drottningin Hekla gaus á ný

Gosið í Heklu árið 1981 stóð stutt yfir og er talið vera framhald á gosi sem hófst árið áður. Eldfjallið Hekla er 1.488 m hár eldhryggur og eitt virkasta og þekktasta eldfjall á Íslandi. Fjallið er sunnanlands, í Rangárvallasýslu, og sést víða að. Hekla er fremur ungt eldfjall og núverandi meginhluti hennar talinn vera yngri en 2.500 til 7.000 ára gamall. Fjallið sker sig frá öðrum íslenskum eldfjöllum að því leyti að kvikuhólf hennar er mun dýpra en í öðrum fjöllum landsins og er á um ellefu kílómetra dýpi í jarðskorpunni.



Einhver mestu hamfaragos á Íslandi áttu sér stað í Heklu fyrir 7.000, 4.500 og 2.900 árum. Þá var gosvirkni í Heklu öðruvísi. Lengra leið á milli gosa og sprengivirkni þeirra var mun meiri, en eingöngu kom upp kísilrík gjóska og að öllum líkindum runnu engin hraun í þessum gosum. Ummerki um þessi gos má finna í formi gjóskulaga sem dreifðust yfir stóran hluta landsins, einkum í norðurátt. Einnig var sprengigos. Gjóskufallið frá því gosi lagði meðal ananrs byggð í Þjórsárdal í eyði.

### MERKISATBURÐIR

**1940** Þjóðverjar ráðast inn í Danmörku og Noreg.

**1963** Mikið norðanrok og hörkufrost skellur á. Sextán sjómenn farast þennan dag og hinn næsta.

**1967** Fyrsta Boeing 737-flugvélin flýgur jómfrúarflug sitt.

**1991** Georgía lýsir yfir sjálfstæði frá gömlu Sovétríkjunum.

**1992** Manuel Noriega, fyrrverandi einræðisherra í Panama, er dæmdur fyrir átta glæpi.

**1999** Ibrahim Baré Maïnassara, forseti Nígeríu, er ráðinn af dögum.

**2002** Elísabet drottningarmóðir er borin til grafar frá Westminster Abbey. Múgur og margmenni fylgdi drottningarmóðurinni til hinnar hinstu hvílu.



## 80 ára afmæli

Á miðvikudaginn 9. apríl verður heiðurskonan

**Þorbjörg Jóhannesdóttir**

áttræð. Í tilefni dagsins tekur Þorbjörg á móti gestum í sal safnaðarheimilis Fríkirkjunnar að Laufaásvegi 13 á milli 18.00 og 20.00.



*Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,*

**Elín Rósa Finnbogadóttir**

Rauðagerði 39,

verður jarðsungin frá Bústaðakirkju föstudaginn 11. apríl kl. 13.00.

**Kristján Sigurgeir Guðmundsson**
**Finnbogi G. Kristjánsson** **Gunnhild Ólafsdóttir**
**Guðrún Þ. Kristjánsdóttir** **Birgir Óskarsson**
**Elín Rósa Finnbogadóttir** **Steingrímur Waltersson**
**Kristján Guðmundur Birgisson**
**Kristbjörg Steingrímsdóttir**
**Finnbogi Steingrímsson**
**Ólafur Jón Einarsson**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Geir Gunnarsson**

fyrrverandi alþingismaður,

verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 11. apríl kl. 11.00.

**Ásta Lúðvíksdóttir**
**Gunnar Geirsson** **Guðfinna Kristjánsdóttir**
**Lúðvík Geirsson** **Hanna Björk Lárusdóttir**
**Hörður Geirsson** **Jóhanna S. Ásgeirsdóttir**
**Ásdís Geirsdóttir** **Jón Páll Vignisson**
**Þórdís Geirsdóttir** **Guðbrandur Sigurbergsson**
**og barnabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Einar Guðlaugsson**

Húnabraut 30, Blönduósi,

lést 2. apríl. Útförin fer fram í Blönduóskirkju föstudaginn 11. apríl kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hins látna er bent á orgelsjóð Blönduósskirkju.

**Ingibjörg Þ. Jónsdóttir**
**Skarphéðinn H. Einarsson** **Sigrún Kristófersdóttir**
**Jón Karl Einarsson** **Ágústa Helgadóttir**
**Kári Húnfjörð Einarsson** **Ingunn Þorláksdóttir**
**Magdalena Rakel Einarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**HUGUR Í UNGU FÓLKI** Gunnar segir mikilvægt að ungt fólk sem er að gera góða hluti sé einnig sýnilegt. Hann segist einnig vona að forvarnadagurinn verði hefð í framhaldsskólum landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL

MENNTASKÓLINN Á LAUGUM: FORVARNADAGUR HALDINN Í FYRSTA SINN

# Meðmæli við Goðafoss

Samband íslenskra framhaldsskólanema, SÍF, var stofnað í fyrrahaust. Sambandið er hagsmunafélag framhaldsskólanema og eru flestir framhaldsskólar landsins meðlimir. Í dag er í fyrsta sinn haldinn forvarnadagur sambandsins sem verður fagnað með óvenjulegum hætti á Laugum.

„Hverju nemendafélagi var í sjálfvald sett hvernig dagskrá færi fram þennan dag í sínum skóla,“ segir Gunnar Sigfússon, forseti nemendafélags framhaldsskólans á Laugum. „Okkur fannst þá tilvalið að fara í mótmælagöngu því það er þónokkuð sterk upplifun. Síðan ákváðum við að það væri náttúrlega gáfulegra og flottara að fara í meðmælagöngu,“ segir Gunnar sem mun ásamt skólafélögum, starfsfólki skólans og kennurum, ganga fjögurra klukkustunda leið frá skólanum yfir Fljótsheiði að Goðafossi í dag. Ekki til að mótmæla heldur til að mæla með. „Við ætlum að hafa táknræna athöfn við Goðafoss, þar sem við mælum með kærleika, friði, rétt-læti, heilbrigði, menntun, samkennd og von. Síðan ætlum við að henda í fossinn steinum sem tákna hið andstæða og þar með losa okkur við það slæma. Þetta er eins konar spegill á söguna við þennan foss,“ segir Gunnar. Upphaflega hugmyndin að forvarnadeginum kom frá SÍF. Að sögn Gunnars er markmiðið að gera sýnilegt það góða sem ungt fólk í framhaldsskólum landsins stendur fyrir. „Við höfum orðið þónokkuð vör við neikvæða umfjöllun til dæmis í fjölmiðlum þar sem ungt fólk er mikið bendlað við óheilbrigt líferni. Þess vegna langaði okkur að sýna líka það fólk sem minna fer fyrir og er meirihluti framhaldsskólanema. Nefnilega hugsandi fólk með heilbrigðar skoðanir,“ segir Gunnar sem vonast til þess að gangan verði að árlegum viðburði. Hann segir fjölbreytta dagskrá fara fram í dag víða um land. Ýmist fyrirlestrar og önnur fræðsla til að vekja áhuga og athygli á forvörnum og jákvæðu starfi framhaldsskólanema. Gunnar segir nemendafélagið hafi fengið góðar móttökur varðandi hugmyndina og á Laugum ríki almenn bjartsýni varðandi daginn. „Ungt fólk í dag er mjög misjafnt eins og mannfólkið flest. Og það eru skiptar skoðanir á því hvernig líferni unglingar lifi í dag. Hins vegar held ég að rosalega margir framhaldsskólanemar séu meðvitaðir um andlegt og líkamlegt heilbrigði,“ segir Gunnar sem er sjálfur á öðru ári á íþróttabraut, en vill ekki gefa neitt út um það hvað hann ætlar að leggja fyrir sig í framtíðinni. Hann segir Laugaskóla bjóða nemendum góðar aðstæður til heilbrigðs lífs og að nemendur séu að sjálfsögðu uppteknir af heilsunni. „Hér er frábær aðstaða til íþróttaiðkunar, tuttugu og fimm metra sundlaug, frjálsíþróttavöllur, íþróttasalur og lyftingasalur sem er ókeypis fyrir alla nemendur,“segir Gunnar sem hlakkar mikið til meðmælagöngunnar sem hefst klukkan 15.00 í dag að framhaldsskólanum á Laugum.

**rh@frettabladid.is**



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Inga Hjartardóttir**

Gnoðarvogi 22,

sem lést þann 2. apríl sl. verður jarðsungin frá Langholtskirkju í dag, fimmtudaginn 10. apríl, kl. 13.00.

**Jens Gíslason**
**Ingveldur Gísladóttir**
**Ragna B. Gísladóttir**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Bjarni Pétursson**

Hjallabraut 15, Hafnarfirði,

lést af slysförum laugardaginn 5. apríl. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Þórunn S. Kristinsdóttir**
**Bjarni Þór Bjarnason** **Þórunn Guðmundsdóttir**
**Kristinn Ásgeir Bjarnason** **Helga Lára Kristinsdóttir**
**Berglind Bjarnadóttir** **Jón Andrés Valberg**
**Gústaf Bjarni og Emil Gauti Valberg**

## AFMÆLI


**Yoanna House fyrirsæta** er 28 ára.


**Guðni Ágústsson þingmaður** er 59 ára.


**Jenna Jameson klámleikkona** er 34 ára.


**Dennis Quaid leikari** er 54 ára.

**NAFNIÐ MITT:** BRIMRÚN HRÖNN HAFSTEINSDÓTTIR

# Ber brimsalt nafn

Brimrún Hrönn Hafsteinsdóttir segir nafn sitt hafa sterkar taugar til hafsins.

„Hún mamma heyrði þetta nafn útundan sér og fannst það svo fallegt að hún ákvað að nota það á mig. Ég er ekki skírð í höfuðið á neinum í fjölskyldunni þannig að ég er sú eina í fjölskyldunni,“ útskýrir Brimrún og bætir við meiri fróðleik.

„Brim og Rún eru samnefnarar yfir sjó og einnig Hrönn. Svo má ekki gleyma að ég er Hafsteinsdóttir þannig að segja má að nafnið mitt sé brimsalt.“

Faðir Brimrúnar var eitt sinn sjómaður og það gæti hugsanlega haft áhrif á valið. Brimrún hefur alla tíð verið kölluð af vinum og vandamönnum Bimma. Brimrún segist þekkja til tveggja annarra Brimrúna hér á landi og í þeirra fjölskyldum er nafnið notað aftur og aftur. „Sem krakki slapp ég alveg við að vera uppnefnd,“ segir hún og bætir við að henni þyki virkilega vænt um nafnið sitt og sé stolt af því.


**BRIMRÚN** er stolt af því að bera nafn sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


**ÍSLAND Í VASANN** Ferðahandbókin nýtur mikilla vinsælda bæði meðal íslenskra og erlendra ferðamanna.

# Á ferð um Ísland komin út

Átjánda árið í röð gefur Útgáfufélagið Heimur út ferðahandbókina Á ferð um Ísland. Bókin, sem er 240 blaðsíður, hefur aldrei verið stærri og er gefin út á þremur tungumálum; íslensku, þýsku og ensku.

Enska útgáfan Around Iceland hefur komið út samfellt í 33 ár en þýska útgáfan Rund um Island kemur nú út í ellefta sinn. Ritinu er dreift í 100.000 eintökum á alla helstu ferðamannastaði landsins, sem eru um fimm hundruð talsins. Í bókinni er umfjöllun um hvern landshluta og þjónustulistar sem eru uppfærðir árlega í samstarfi við heimamenn, ásamt kortum þar sem gististaðir, tjaldsvæði og sundlaugar eru númeruð á svæðum utan þéttbýlis. Sambærileg kort eru einnig frá helstu þéttbýlisstöðum landsins. Þá er að finna hálendiskafla með hálendiskorti og þjónustulistum í bókinni. Fremst í bókinni er síðan að finna ýmsan fróðleik um land og þjóð, það helsta sem er á döfinni í sumar, afþreyingu og margt fleira.

Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá útgáfufélaginu Heimi. Þar segir einnig að bókin njóti mikilla vinsælda og er vitnað í könnun meðal erlendra ferðamanna sem gerð var síðastliðið sumar. Þar kemur fram að meira en þriðjungur þeirra notaði bækurnar og tæp fimmtíu prósent þýskumælandi ferðamanna notuðu Rund um Island.

Fjöldi fallegra ljósmynda, meðal annars eftir Pál Stefánsson ljósmyndara, prýðir bókina. Þessar myndir er einnig hægt að kaupa á heimasíðunni www.heimur.is. Bækurnar standa undir kostnaði með auglýsingasölu sem gerir það kleift að dreifa bókunum ókeypis. Bækurnar eru einnig birtar í vefútgáfu á www.heimur.is/world. Ritstjóri bókanna er Ottó Schopka.

# Rauðar fjaðrir Landsbankans

Landsbankinn styrkir landssöfnun Lionshreyfingarinnar á Íslandi, Rauðu fjöðrina, um eina milljón króna. Í landssöfnuninni í ár var markmiðið að safna fé til kaupa og þjálfunar á leiðsöguhundum fyrir blinda og sjónskerta.

Framlag Landsbankans gerir það meðal annars að verkum að allt söfnunarfé frá almenningi og fyrirtækjum rennur beint til málefnisins.

Landssöfnun Lionshreyfingarinnar stóð yfir dagana 3.-6. apríl um land allt. Þetta er í níunda sinn sem Lionshreyfingin stendur fyrir landssöfnun með því að selja Rauðu fjöðrina. Fyrsta landssöfnunin fór fram árið 1972 en þá rann allt söfnunarfé til stofnunar augnlækningadeildar Landakots. Í síðustu söfnun árið 2004 var safnað fyrir langveikum börnum undir kjörorðunum „Léttum þeim lífið“.

Landsbankinn var fjárgæsluaðili landssöfnunar Lionshreyfingarinnar í ár.


**FRAMLAG LANDSBANKANS** Viggó Ásgeirsson, markaðsstjóri Landsbankans, færir Guðmundi Rafnari Valtýssyni, fulltrúa Lionshreyfingarinnar á Íslandi, framlag Landsbankans í landssöfnunina.

---



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ragnhildur Sigurðardóttir**
frá Eyvindarhólum, búsett í Kanada,

er látin. Útförin hefur farið fram, þökkum auðsýnda samúð.

**Ingrid Pedersen**
**Dýrfinna Jónsdóttir** — **Garðar Einarsson**
**Kristjana Garðarsdóttir** — **Guðjón Gunnarsson**
**Sigurfinnur Garðarsson** — **Ester Hafdís Ásbjörnsdóttir**
**og barnabarnabörn.**

---



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Guðjón Sigurðsson**
Kleppsvegi 64, áður til heimilis að Stóragerði 12,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Skjóli 27. mars. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu fimmtudaginn 10. apríl kl. 15.00.

**Logi Guðjónsson**
**Björn Guðjónsson** — **Guðbjörg Gunnarsdóttir**
**Gylfi Már, Oddný Þóra og Guðjón Örn.**

---



*Eiginkona mín og móðir mín,*

**Hanna Frímannsdóttir**
Bárugata 5, Reykjavík,

andaðist á Landspítalanum miðvikudaginn 2. apríl. Hönnu verður sungin sálumessa í Kristskirkju Landakoti föstudaginn 11. apríl og hefst hún kl. 13.00.

**Heiðar R. Ástvaldsson**
**Ástvaldur S. Heiðarsson**

---



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Haukur Hauksson**

varð bráðkvaddur á heimili sínu, Stuðlaseli 3, Reykjavík.

**Jóna Margrét Hauksdóttir**
**Alda Ósk Hauksdóttir**
**Einar Haukur Hauksson**
**tengdabörn og barnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**

---



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Guðlaugur Stefán Jakobsson**
Víðilundi 20, Akureyri,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, föstudaginn 4. apríl.

**Þorgerður J. Guðlaugsdóttir**
**Valgerður K. Guðlaugsdóttir** — **Kristján Davíðsson**
**og afabörnin.**

---



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Berta Guðbjörg Rafnsdóttir**
til heimilis að Hvammsgötu 20, Vogum,

varð bráðkvödd á heimili sínu mánudaginn 31. mars. Hún verður jarðsungin frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 11. apríl kl. 15.00.

**Eggert N. Bjarnason**
**Haraldur Dean Nelson** — **Guðrún Hulda Gunnarsdóttir**
**barnabörn, systkini og aðrir aðstandendur.**

---



*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, stjúpmóður, tengdamóður, dóttur og systur,*

**Önnu Jónsdóttur**
Vallargötu 18, Vestmannaeyjum,

sem lést 25. mars.

**Karl Björnsson**
**Björn Ívar Karlsson**
**Katla Snorradóttir** — **Hreinn Pétursson**
**Berglind Karlsdóttir**
**Elfa Karlsdóttir**
**Jón S. Óskarsson** — **Hrefna Sighvatsdóttir**
**Orri Jónsson** — **Hulda Birgisdóttir**
**Már Jónsson** — **Margrét Jónsdóttir**
**Jóhanna Magnúsdóttir** — **Steingrímur Benediktsson**
**Guðmunda Magnúsdóttir** — **Ólafur Bragason**
**Hrafnhildur Magnúsdóttir** — **Guðmundur Hárlaugsson**

---



*Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför eigimanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Sigurðar Pálssonar**
fyrrverandi sveitarstjóra, Laufskógum 31, Hveragerði.

Guð blessi ykkur öll.

**Sigrún Sigfúsdóttir**
**Ingvar Sigurðsson**
**Sævar Sigurðsson** — **Fay Robina Castell**
**Sigmar Sigurðsson** — **Jónína Dagmar Ásgeirsdóttir**
**afa- og langafabörn.**














## STUÐ MILLI STRÍÐA Trúin flytur fjöll en ekki búslóðir

FREYR GÍGJA GUNNARSSON VILL VERA STEINALDARMAÐUR



Þegar maðurinn skreið niður úr trjánum og hóf að stunda búskap hafði hann í huga lítinn og snotran helli með hentugt eldstæði og nóg af steinum til að smíða sér eldhúsáhöld og vopn. Steinaldarmaðurinn vildi nefnilega helst ekki þurfa að skilja eftir sig mikil verðmæti ef villidýr eða ribbaldaflokkar gerðu árás og tækju yfir nýja heimilið.

Steinaldarmaðurinn breytti síðan um stíl og lagði stund á hirðingjafræði. Þótti betra að vera á sífelldum þönum um sléttturnar með lítið tjald á bakinu og vopn til að verjast. Þegar hann hafði fengið sig fullsaddan af þessum eilífu göngutúrum kom hann sér fyrir á fallegum stað þar sem nóg var af æti og ekki var verra ef rennandi vatn var í nágrenninu. Mannskepnunni datt það ekki í hug að flytja heldur bjó kynslóð eftir kynslóð á sama staðnum.

En einhver snillingurinn fékk þá flugu í hausinn að best væri nú ef allir byggju á sama blettinum. Þá væri nefnilega hægt að nýta mannskapinn til að byggja stórar hallir eða pýramída fyrir goðumlíka einvalda. Og þrátt fyrir harðræði og kúgun, jafnvel ofsóknir, leiddi enginn hugann að því að flytja. Betra væri að vera brenndur á báli en að þurfa að setja allt niður í gamla kassa og setjast að í fjarlægri borg.

Þessi þekking fornmannsins virðist hins vegar hafa skolast til með tímanum. Því nútímamanninum þykir fátt jafn skemmtilegt og að pína sína nánustu með stöðugum flutningum, tilfærslum og umbreytingum. Hann stendur í þeirri trú að flutningar séu skemmtilegir, þeir endurveki gömul vinasambönd og styrki fjölskylduböndin. En um leið og nútímamaðurinn lyftir fyrsta bókakassanum, gengur niður fjórar hæðir með bókasafnið og svo upp tvær áttar hann sig strax á því að þrátt fyrir að trúin flytji fjöll þá flytur hún ekki búslóðir.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





JÓNAS INGIMUNDARSON Kemur fram ásamt Auði Gunnarsdóttur á síðustu Háskólatónleikum annarinnar.

# Jónas og Auður í hádeginu

Síðustu Háskólatónleikar annarinnar fara fram í Norræna húsinu í dag kl. 12.30. Þar koma fram þau Auður Gunnarsdóttir sópransöngkona og Jónas Ingimundarson píanóleikari og flytja tónlist eftir Jónas sjálfan, Atla Heimi Sveinsson og Jón Ásgeirsson. Einnig flytja þau útsetningar Þorkels Sigurbjörnssonar á íslenskum þjóðlögum. Miðaverð á tónleikana er 1.000 krónur, eldri borgarar og öryrkjar fá miðann á 500 krónur, en nemendur Háskóla Íslands fá frítt inn. - vþ

# Pabbastrákur í Króatíu

**Nú stendur fyrir dyrum í Gavella-leikhúsinu í Zagreb í Króatíu frumsýning hinn 11. apríl á leikritinu Pabbastrák eftir Hávar Sigurjónsson. Leikstjóri er Franca Percovic. Gavella-leikhúsið er annað af tveimur stærstu leikhúsum Króatíu, með um fjörutíu fastráðna leikara og þrjú leiksvið. Fjöldi uppfærslna er um fimmtán á ári. Verkefnaval leikhússins virðist mjög fjölbreytt, klassísk leikrit og nútímaleikrit, óperur og söngleikir.**



LEIKLIST Hávar Sigurjónsson leikskáld og leikstjóri

**Pabbastrákur var frumsýnt í Þjóðleikhúsinu í september 2003 í leikstjórn Hilmars Jónssonar og var valið sem framlag Íslands 2004 á leiklistartvíæringinn í Wiesbaden sem helgaður er nýrri leikritun í Evrópu. Leikritið vakti þar talsverða athygli og hefur verið kynnt víða síðan og þýtt á þýsku, ensku og dönsku, auk króatísku. Verkið var meðal annars kynnt á leiklistarhátíð í Motovun í Króatíu í júlí 2006 og varð það kveikjan að þeirri uppfærslu sem nú stendur fyrir dyrum í Gavella-leikhúsinu í Zagreb. Þess má reyndar einnig geta að í mars sl. var verkið flutt í króatíska ríkisútvarpinu í sjálfstæðri uppfærslu. - pbb**

## LEIÐRÉTTING

Leikfélag Reykjavíkur hefur óskað eftir að gera athugasemd við gagnrýni sem birtist hér á menningarsíðunni á mánudag. Verk Line Knutzon sem frumsýnt var á Litla sviði á laugardag heitir Gítarleikararnir en ekki Gítaristarnir eins og það var kallað. Þá vill Leikfélagið ítreka að ljóðin sem sungin eru í sýningunni við ný lög Björns Jörundar eru eftir Knutzon og þýdd af Sigurði Hróarssyni. Þær ljósmyndir sem hafa birst úr sýningunni hér í blaðinu að undanförnu eru eftir Grím Bjarnason. Er beðist velvirðingar á rangri nafngift verksins í leikdómi. - pbb

# Vel heppnað Hreindýraland

Kvikmynda- og myndbandslistahátíðin 700IS Hreindýraland fór fram á Egilsstöðum og fleiri stöðum á Austurlandi dagana 29. mars til 5. apríl. Um 600 manns mættu á hátíðina í ár, sem hófst með formlegri opnun í menningarsetrinu Sláturhúsinu á Egilsstöðum. Á opnuninni var meðal annars boðið upp á tónlistargjörninginn Hanaegg, sem er samstarfsverkefni Þuríðar Jónsdóttur, Ólafar Nordal og Ásgerðar Júníusdóttur. Jafnframt var sýnt graffiti-verk með vídeóinnsetningu, en höfundar þess eru Sigrún Lýðsdóttir og Tom Goulden. Við sama tækifæri var formlega opnuð sýning á þeim tæplega sjötíu verkum sem voru valin úr fjölda innsendra kvikmynda- og myndbandsverka. Verðlaun voru veitt á opnuninni en þau hlutu Þjóðverjinn Max Hattler fyrir verk hátíðarinnar og Þórður Grímsson fyrir hið íslenska verk hátíðarinnar.

Mikið var um að vera vikuna sem hátíðin stóð yfir og má þar nefna rússneska kvikmyndadagskrá, sýningar á Skriðuklaustri, á Hreindýraslóð og í Menningarmiðstöð Hornafjarðar. Lokahóf hátíðarinnar var haldið á Eiðum en það var einnig uppskeruhátíð listnema frá LHÍ í Reykjavík, Vesteralen í Noregi, Arizona í Bandaríkjunum og Manchester á Englandi auk nemenda frá framhaldsskólum á Austurlandi. Listnemarnir höfðu eytt viku saman á Eiðum þar sem þeir tóku þátt í fjölbreyttu og krefjandi námskeiði í boði hátíðarinnar. Yfirskrift námskeiðsins var „leikur á mynd“ og lauk námskeiðinu með sýningu á verkum nemendanna sem öll voru tekin upp á Austurlandi.

Hátíðin spannaði þannig mun breiðara svið listgreina en titill hennar gefur til kynna. Ekki leikur nokkur vafi á að hún hefur náð að skipa sér í flokk með framsæknustu listahátíðum landsins. - vþ



SAMBLAND LISTGREINA Verk Sigrúnar Lýðsdóttur og Tom Goulden sem var unnið sérstaklega fyrir 700IS Hreindýraland.


VOR / SUMAR 2008

TREK

2008 árgerðirnar eru komnar - Full búð af hjólum fyrir alla fjölskylduna

vistvænasti ferðamátinn
er hagkvæmasti kosturinn!

Hjólað í vinnuna

Engin mengun ● Njóttu umhverfisins á nýjan hátt
Engin eldsneytiskostnaður ● Hreyfing fyrir alla fjölskylduna
Lágmarks viðhaldskostnaður ● Eykur úthald og þol
Frábær líkamsrækt og fitubrennsla ● Verndaðu náttúruna



TREK 820 fjallahjól
Stell: Cromoly stál
Dempari: RST 191 C6, 63mm
Gírar: 21, keðjuhlíf
Stærðir herra: 16", 18", 19.5", 21", 22.5"
Stærðir dömu: 16", 19.5"
Litir: blátt / blágrátt og svart / hvítt
Verð kr. 29.990,-



TREK 3700 fjallahjól
Stell: Alpha ál
Dempari: RST 191 C6, 63mm
Gírar: 21, keðjuhlíf
Stærðir dömu: 16", 19.5"
Litir: Perluhvítt og grænt / Svart og perluhv.og rautt
Verð kr. 34.990,-



TREK 3700 fjallahjól
Stell: Alpha ál
Dempari: RST 191 C6, 63mm
Gírar: 21, keðjuhlíf
Stærðir herra:16", 18", 19.5", 21", 22.5"
Litir: Perluhvítt og grænt / Svart og perluhv.og rautt
Verð kr. 34.990,-



TREK 3900 fjallahjól
Stell: Alpha ál
Dempari: InSync Grind 1 m/preload, 70mm
Gírar: 24, keðjuhlíf
Stærðir herra: 16", 18", 19.5", 21", 22.5"
Stærðir dömu: 16", 19.5"
Litir: Svart og grátt
Verð kr. 39.990,-



TREK 4300 fjallahjól
Stell: Alpha SL-ál
dempari: RST Gila T6 m/preload, 80mm
Gírar: 24. keðjuhlíf
Stærðir herra: 16", 18", 19.5", 21", 22.5", 24"
Stærðir dömu: Ekki framleitt
litir: Ljósfjólublár og perluhvítt
Verð kr. 49.990,-



TREK Navigator 2.0 götuhjól
Fjöðrun í sæti og breiður hnakkur
Hægindastóll á hjólum fyrir dömur og herra
Gírar: 21, keðjuhlíf
Litir: Rautt / silfur
Verð kr. 39.990,-



TREK Navigator 3.0 götuhjól
Stell: Alpha ál
dempari: RST CT-COM I C5, 50mm
gírar: 24, keðjuhlíf
Stærðir herra: 16.5", 18.5", 21"
Stærðir dömu: 16", 18.5"
Litir: Svart og grátt / grænt
Verð kr. 51.990,-



TREK 7100 götuhjól
Stell: Alpha ál
Dempari: RST CT-COM I C5, 50mm
Gírar: 2, keðjuhlíf1
Stærðir herra: 17.5", 20", 22.5"
Stærðir dömu: 16", 18.5"
Litir: blátt/silfur / nikkel og dökkbrúnt
Verð kr. 49.990. -

SAMA VERÐ UM LAND ALLT
PANTAÐU Á NETVERSLUNINNI
WWW.ORNINN.IS
OG FÁÐU HJÓLIÐ SENT HEIM...
Gildir um land allt nema höfuðborgarsvæðið

fyrir alla fjölskylduna
ÖRNINN
Skeifunni 11d, Sími 588 9890
Verkstæði Sími 588 9891

Visa-, Euro greiðslur
Opið alla laugardaga 10-16
Kíktu á www.orninn.is

KORTER.IS

> **BRJÁLUÐ**

Leikkonan **Jamie Lee Curtis** er brjáluð yfir forsíðunni á tímaritinu **Aarp**. Þar hefur mynd af henni verið breytt til að svo líti út sem hún sé ber að ofan, þegar hún sat í raun fyrir í hlýralausum kjól. Curtis segir að hún myndi aldrei sitja fyrir nakin nú, og sjái mikið eftir myndinni Trading Places, sem hún lék í 21 árs gömul, þar sem hún berar brjóst sín í einu atriði.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Reynsluboltar kynna í Belgrad

Kynnar Eurovision-keppninnar í Belgrad í ár verða þau Jovana Jankovic og Zeljko Joksimovic. Jovana leggur sitt af mörkum með reynslu af störfum í sjónvarpi, en hún er nokkurs konar opinbert andlit sjónvarpsstöðvarinnar RTS, þar sem hún kynnir sjónvarpsþátt á hverjum morgni. Zeljko er hins vegar reynslubolti úr tónlistarheiminum, svo ekki sé meira sagt.

Það hefur áður komið fyrir að fyrrverandi keppendur í Eurovision taki að sér að vera kynnar, en Zeljko á væntanlega vinninginn í þeim efnum. Hann er gríðarlega vinsæll tónlistarmaður á heimaslóðum sínum og var fulltrúi Serbíu og Svartfjallalands árið 2004. Þá lenti hann í öðru sæti með lagið Lane Moje, en Ruslana skaut honum ref fyrir rass og nældi í fyrsta sætið. Árið 2006 samdi hann svo framlag Bosníu og Hersegóvínu til keppninnar, lagið Lejla, sem Hari Mata Hari flutti. Það er hins vegar allsendis ekki allt og sumt. Í ár samdi Zeljko einnig lag sem keppti í undankeppninni í Serbíu. Það ber heitið Oro, og var flutt af Jelenu Tomasevic. Svo fór að Jelena söng sig til sigurs, og því vill þannig til að kynnir Eurovision-keppni ársins, er einnig höfundur framlags Serbíu til keppninnar í ár.



**LAGAHÖFUNDUR KYNNIR** Zeljko Joksimovic er annar kynnanna í Belgrad í ár, en hann er einnig höfundur framlags Serbíu til keppninnar.

EUROVISION **44 DAGAR TIL STEFNU**



**RIFF Í SÓKN** Ólafur F. Magnússon borgarstjóri, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Hrönn Marinósdóttir, stjórnandi RIFF, undirrita samninginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Ríki og borg styrkja RIFF

„Þetta fjármagn leggur frekari grunn að sókn hátíðarinnar sem á að stækka á alþjóðavísu," segir Hrönn Marinósdóttir, stjórnandi RIFF – Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík. Þríhliða samningur milli aðstandenda RIFF, Reykjavíkurborgar og menntamálaráðuneytisins var undirritaður í gamla Miðbæjarskólanum í gær. Samningur þessi tryggir RIFF öruggt fjárframlag næstu þrjú árin upp á alls 48 milljónir króna. Ólafur F. Magnússon borgarstjóri og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra undirrituðu samninginn við Hrönn. „Við viljum fá hingað bestu myndirnar, góða gesti og að þetta verði aðalhátíðin á Norðurlöndunum. Það er hægt ef allir hagsmunaaðilar, stjórnvöld og einkageirinn taka höndum saman," segir Hrönn.

Af þessu tilefni fengu þau Ólafur og Þorgerður afhenta sérstaka Heiðurslundu, en Lundinn er tákn hátíðarinnar.

- shs

# Fyrirsætur fræga fólksins

**Nýjar fyrirsætur bætast stöðugt í hóp þeirra sem fyrir eru, og nýjasta uppskeran virðist aðallega vera komin úr barnaherbergjum fræga fólksins.**

Splunkunýjasta viðbótin í raðir heitustu fyrirsæta dagsins í dag er Dakota Johnson, dóttir Hollywood-stjarnanna Melanie Griffith og Don Johnson. Hún hefur ekki enn lokið gagnfræðaskólagöngu sinni, en hefur þegar skrifað undir samning við módelskrifstofuna IMG models, og mynd af henni mun prýða forsíðu bandarísku útgáfu Vogue innan skamms.

Coco Sumner hefur einnig vakið mikla athygli að undanförnu, en hún er meðal annars nýtt andlit hins virta tískuhúss Burberry, og situr fyrir í auglýsingum fyrir það ásamt ofurfyrirsætunum Agyness Deyn og Lily Donaldson. Coco er dóttir tónlistarmannsins Sting og Trudie Styler, og hefur einnig reynt fyrir sér í tónlist meðfram fyrirsætuferlinum, með hljómsveitinni I Blame Coco.

Daisy Lowe hefur þegar náð góðum árangri í fyrirsætubransanum, en hún á meðal annars að baki samning sem andlit Agent Provocateur, og hefur gengið tískupallana fyrir merki eins og Burberry Prorsum. Lowe er dóttir rokkarans Gavin Rossdale, sem er giftur Gwen Stefani, og Pearl Lowe. Reyndar var það ekki fyrr en nýlega að DNA-prufa skar úr um að Lowe væri dóttir Rossdale, sem þangað til var guðfaðir hennar.

Barnabarn Elvis og Priscillu Presley, og dóttir Lisu Marie Presley, hefur einnig gert góða hluti í bransanum. Hún ber nafnið Riley Keough og birtist fyrst á tískupöllunum aðeins fjórtán ára gömul, þegar hún gekk fyrir Dolce & Gabbana í Mílanó. Hún hefur verið andlit Dior og birst á forsíðu Vogue ásamt mörgum öðrum tískublöðum.

Systurnar Theodora og Alexandra Richards eru svo ellismellirnir í þessum hópi, en þær eru fæddar 1985 og 1986 og eru dætur hins alræmda Keiths Richards úr Rolling Stones og Patti Hansen. Báðar hafa þær setið fyrir fyrir Tommy Hilfiger, en Alexandra hefur þar að auki birst á síðum blaða eins og Vogue, breska Glamour, Harpers Bazaar og Vanity Fair.

Hvort það eru genin sem gera niðjum fræga fólksins svo auðvelt fyrir í bransanum, eða einfaldlega það að þekkt eftirnafn opni fleiri dyr, skal ósagt látið, en svo mikið er víst að það virðist vita á gott að eiga fræga foreldra ef draumarnir snúast um tískusýningarpalla.



**ALEXANDRA OG THEODORA RICHARDS** Dætur Keiths Richards og Patti Hansen, 21 árs og 23 ára. NORDICPHOTOS/GETTY



**COCO SUMNER** Dóttir Trudie Styler og Sting, sautján ára.



**DAKOTA JOHNSON** Dóttir Melanie Griffith og Don Johnson, átján ára.



**DAISY LOWE** Dóttir Gavin Rossdale og Pearl Lowe, nítján ára.



**RILEY KEOUGH** Dóttir Lisu Marie Presley og Danny Keough, átján ára.



**FRÁBÆRAR UNDIRTEKTIR** Óli Hjörtur heldur Djúpu laugar-kvöld á Q bar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Óður til Djúpu laugarinnar

Þeir sem sakna stefnumótaþáttarins Djúpu laugarinnar geta glaðst, því skemmtistaðurinn Q bar blæs til þriggja kvölda í anda þáttarins næstu miðvikudagskvöld. „Þetta verður svona óður til Djúpu laugarinnar, sem tröllreið öllu þegar hún var sýnd á Skjá einum hérna um árið," útskýrir Óli Hjörtur Ólafsson, einn eigenda barsins. „Við byrjum á hommunum, sem eiga kvöldið í kvöld. Eftir viku eru það lesbíurnar, og svo verður lokakvöldið straight. Við vildum halda straight-kvöld líka, þar sem við erum straight-friendly bar," segir hann.

Óli Hjörtur segir viðtökurnar hafa verið framar öllum vonum, og er ekki frá því að stefnumótakvölda á borð við þetta hafi verið sárt saknað. „Miðað við viðbrögðin get ég eiginlega ekki sagt annað. Fólk er alveg æst í að taka þátt, og við höfum ekki undan því að svara tölvupóstum," segir Óli.

Sami háttur verður hafður á og í þáttunum, þar sem þrír keppendur kepptu um hylli eins og sama einstaklings. Kynnar á kvöldunum verða Birna Sif Magnúsdóttir og Haffi Haff, sem er þjóðþekktur eftir frammistöðu sína í Eurovision. Djúpa laugin á Q bar hefst klukkan 20.

- sun






# Kynþokkafyllsta myndband í heimi

„Já, sæll! Eigum við að ræða frumsýninguna eitthvað? Það komust færri að en vildu því allir vildu sjá Stóra G á hvíta tjaldinu," segir Egill Einarsson, eða Stóri G, meðlimur hljómsveitarinnar Merzedes Club. Hljómsveitin frumsýndi nýtt myndband við lagið Meira frelsi á mánudagskvöldið í Laugarásbíói við mikla kátínu viðstaddra. „Miðað við örtröðina sem var fyrir utan, þá er ég að sjá að G-maðurinn þarf að fara full power í kvikmyndirnar," segir Egill ákveðinn en hann hefur hug á að leika í fyrstu íslensku hasarmyndinni. „Mér fannst ég koma gríðarlega vel út á hvíta tjaldinu og á auðvelt með að sjá mig fyrir mér beran að ofan, í action með haglabyssuna að drepa fullt af gæjum."

En aftur að myndbandinu. Það sýnir einhvers konar aðdraganda að kvöldi úti á lífinu þar sem meðlimir sveitarinnar og fleiri koma við sögu. „Þetta er kynþokkafyllsta myndband sem gert hefur verið," fullyrðir Egill. „Ég var búinn að lofa því og stend við það. Það fá allir fiðring sem sjá þetta, karlar og konur. Vanalega eru þessi vídeó nefnilega gerð sérstaklega fyrir rúnkara, en menn geta tyllt sér fyrir framan skjáinn með konunni og horft á þetta. Ég garantera „a good time"," segir Egill. Hann harmar mjög að ekki hafi allir sem vildu komist að á frumsýningunni.

„Það er hægt að fara inn á Gillz.is og horfa á það þar. Ég mæli bara með því að fólk loki hurðinni, dragi fyrir og horfi á þetta myndband."

- shs



**FRAMTÍÐIN?** Gillz á von á því að birtast aftur á hvíta tjaldinu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**HARDCORE** Meðlimir Merzedes Club voru ánægðir með útkomuna.



**WIGGLE WIGGLE** Haffi Haff lét sig ekki vanta og mætti með leikurum úr myndbandinu.

BYLGJAN 989

KYNNIR




# NÝJA LAUGARDALSHÖLLIN
# FIMMTUDAGINN 12. JÚNÍ

## MASTERCARD FORSALA HEFST Í DAG KL. 10:00

## ALMENN SALA HEFST Á MORGUN KL. 10:00

**FRÍTT LAG!**
MEÐ HVERJUM KEYPTUM MIÐA Á MIÐI.IS FYLGIR FRÍTT LAG AÐ EIGIN VALI Á TÓNLIST.IS

www.jamesblunt.com

NÝJA PLATAN 'ALL THE LOST SOULS' KOMIN Í VERSLANIR



MasterCard

*10% afsláttur af öllum viðburðum Concert ef greitt er með MasterCard á sérstökum MasterCard forsöludegi*

Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef tónlistarklúbbs Mastercard, www.borgun.is/klubbar

FORSALA AÐGÖNGUMIÐA
**www.midi.is**
OG ÖLLUM AFGREIÐSLUSTÖÐUM MIÐA.IS

CONCERT




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| DEFINITELY MABY | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | |
| DEFINITELY MABY LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | |
| VANTAGE POINT | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| THE OTHER BOLEYN GIRL | kl. 8 | 10 |
| SHUTTER | kl. 8 - 10 | 16 |
| THE SPIDERWICK CRONICLES | kl. 3.30 - 5.45 | 7 |
| HORTON | kl. 3.30 ENSKT TAL | |
| HORTON | kl. 4 - 6 ÍSLENSKT TAL | |
| SEMI PRO | kl. 10.30 | 12 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 550 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| THE AIR I BREATHE | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| VANTAGE POINT | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| IN BRUGES | kl. 5.45 - 8 - 10.10 | 16 |
| HORTON | kl. 6 ENSKT TAL | |
| THE ORPHANAGE | kl. 8 - 10 | 16 |

AUKAKRÓNUR 5%

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| DOOMSDAY | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| THE OTHER BOLEYN GIRL | kl. 5.30 - 8 | 10 |
| THE EYE | kl. 10.30 | 16 |
| THE SPIDERWICK CRONICLES | kl. 5.50 | 7 |
| HEIÐIN | kl. 10 | 7 |
| THE KITE RUNNER | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 - 8 | 7 |

AUKAKRÓNUR 5%

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| THE EYE | kl. 8 - 10 | 16 |
| VANTAGE POINT | kl. 8 - 10 | 16 |
| THE SPIDERWICK CRONICLES | kl. 6 | 7 |
| HORTON | kl. 6 ÍSLENSKT TAL | |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI — AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó — LAUGARÁSBÍÓ — Sími: 553 2075 - bara lúxus







LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| DEFINITELY, MAYBE | kl. 5.45, 8 og 10.15 | L |
| THE EYE | kl. 8 og 10 | 16 |
| SPIDERWICK CHRONICLES | kl. 6 | 7 |
| HORTON - ÍSLENSKT TAL | kl. 6 | L |
| SEMI-PRO | kl. 8 og 10 | 12 |

SAMbio.is SAMBÍÓIN
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS




ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| FOOL´S GOLD | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 7 |
| FOOL´S GOLD | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | VIP |
| STÓRA PLANIÐ DIGITAL | kl. 6D - 8D - 10:10D | 10 |
| DOOMSDAY | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 16 |
| LARS AND THE REAL GIRL | kl. 10:10 | L |
| 10.000 BC | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| THE BUCKET LIST | kl. 8 | 7 |
| UNDRAHUNDURINN M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| STEP UP 2 | kl. 6 | 7 |

KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| FOOL´S GOLD | kl. 6 - 8 - 10:10 | 7 |
| STÓRA PLANIÐ DIGITAL | kl. 8:10D - 10:10D | 10 |
| HANNA MONTANA 3D-DIGITAL | kl. 6 (3D) | L |
| JUNO | kl. 8 - 10 | 7 |
| UNDRAHUNDURINN M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |

SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| STÓRA PLANIÐ | kl. 8 - 10:10 | 10 |
| LARS AND THE REAL GIRL | kl. 8 | L |
| SHUTTER | kl. 10:10 | 7 |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| FOOL´S GOLD | kl. 8 - 10 | 7 |
| STÓRA PLANIÐ | kl. 8 - 10 | 10 |

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| STÓRA PLANIÐ | kl. 8 - 10 | 10 |
| SEMI PRO | kl. 8 | L |
| JUNO | kl. 10 | L |

DIGITAL


# Cox og Fedde ekki saman


**FEDDE LE GRAND** Spilar á Broadway.


**CARL COX** Spilar á Nasa.

Plötusnúðarnir Carl Cox og Fedde Le Grand munu ekki koma saman fram á Broadway síðar í mánuðinum eins og áformað hafði verið. Cox vildi spila á Nasa og því munu þessir þekktu kappar keppast um hylli dansáhugamanna sama kvöldið. „Cox vildi koma til Íslands og spila á sama stað og GusGus. Síðan töldum við skynsamlegt að sameina þetta Fedde Le Grand-gigginu á Broadway enda óvenjulegt að tveir stórir plötusnúðar spili í Reykjavík sama kvöld. Umboðsmaður hans samþykkti þetta en þegar Cox frétti sjálfur af þessu sagði hann nei. Hann vildi bara spila á Nasa," segir Margeir Ingólfsson hjá Jóni Jónssyni, sem flytja Cox til Íslands.

Tónleikar þeirra Cox og Fedde Le Grand verða miðvikudagskvöldið 23. apríl, daginn fyrir sumardaginn fyrsta. Margeir segir að allt hafi verið í góðu milli skipuleggjenda þegar þetta var ákveðið. Hann segist ekki hafa áhyggjur af öðru en að fólk muni fjölmenna á Nasa til að sjá Carl Cox. „Carl Cox er óumdeilanlega stærsti plötusnúður heims sem hefur ekki enn komið til Íslands þannig að við erum hvergi bangnir."

# Léku fyrir Harold Pinter

**Unnur Ösp Stefánsdóttir og Björn Thors eru nýkomin heim frá Bretlandi eftir fjögurra mánaða dvöl. Þar léku þau í Hamskiptunum við góðan orðstír. Nóbelsverðlaunahafinn Harold Pinter mætti á lokasýninguna.**


**VELHEPPNUÐ BRETLANDSFÖR** Unnur Ösp Stefánsdóttir er komin heim eftir góða törn í Bretlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Við vorum að leika átta sinnum í viku í fjóra mánuði," segir Unnur Ösp Stefánsdóttir leikkona. Hún og maðurinn hennar, Björn Thors, eru nýkomin heim frá Bretlandi eftir fjögurra mánaða útlegð þar sem þau léku í Hamskiptunum eftir Franz Kafka. „Þetta var ógeðslega gaman og líka frábær reynsla að prófa að búa erlendis," segir Unnur Ösp.

Hamskiptin hafa heldur betur farið vel í Breta því uppselt var á hverju kvöldi og sýnt var sem fyrr segir allt að átta sinnum í viku. Þá hefur sýningin einnig hlotið einróma lof gagnrýnenda þar í landi. Unnur og Björn leystu af hólmi Nínu Dögg Filippusdóttur og Gísla Örn Garðarsson og segir hún að gengi sýningarinnar hafi verið framar öllum vonum. „Við byrjuðum á að sýna í mánuð í London og fórum þaðan til sex eða átta borga minnir mig, þetta rennur allt meira og minna saman. Síðan snerum við aftur til London og lékum þar í tvær vikur."

Þetta góða gengi hefur vakið athygli ytra og voru Björn og Unnur í viðtali við BBC á dögunum þar sem fjallað var um þennan mikla áhuga Breta á verkinu. „Það er eins og Bretarnir tengi sig mikið við verkið enda hafa þeir lifað í meiri nálægð við styrjaldir og þekkja stéttaskiptinguna vel," segir Unnur en einu sinni í viku voru umræður um sýninguna að henni lokinni þar sem leikarar ræddu við áhorfendur. Unnur segir að þar hafi þau orðið vör við hve sterk áhrif sýningin hafði á áhorfendur.

Það var margt góðra gesta á lokasýningum Hamskiptanna sem fram fóru síðustu helgi. Þangað mættu meðal annarra menningarmálaráðherra Bretlands, tónlistarmaðurinn Nick Cave og síðast en ekki síst Nóbelsverðlaunahafinn og leikritaskáldið Harold Pinter. „Það var aukin spenna að fá hann á sýninguna, Nóbelsverðlaunahafann. Hann er orðinn töluvert fullorðinn svo við náðum nú ekki að hitta hann eftir sýninguna en hann fór í hádegisverð með leikstjóranum og lagði blessun sína yfir þetta," segir Unnur.


**BJÖRN THORS** Lék með Unni Ösp í Hamskiptunum.

Unnur Ösp og Björn léku á ensku og segir hún það hafa gengið vel. „Það er auðvitað viss áskorun en við vorum með tvo Breta með okkur svo við höfðum samanburðinn. Stundum fór maður í hermikrákuleik til þess að ná hreimnum. Annars gerist verkið á mjög óræðum stað svo hreimur skiptir kannski ekki öllu," segir Unnur. Hún segir það einnig hafa verið gaman að kynnast því að vinna með breskum leikurum. „Þeir eru frekar ólíkir okkur. Við erum meira flippuð, en þeir svolítið íhaldssamir og fastir í hefðinni. Annar þeirra var mikill Shakespeareleikari til dæmis. Þetta kom þó engan veginn niður á samstarfinu enda settum við jafnmikla pressu á þá og þeir á okkur. Við erum öll miklir vinir og annar þeirra er búinn að heimsækja okkur og hinn er á leiðinni," segir Unnur.

Þeim Unni Ösp og Birni Thors fæddist sonurinn Dagur síðasta sumar. Hann fylgdi foreldrum sínum um gjörvallt Bretland. „Við vorum með ömmu hans með okkur til þess að passa, annars hefðum við aldrei getað þetta. Það gekk vel að ferðast með hann og hann dafnar vel," segir Unnur.

soli@frettabladid.is

# Djörf endurkoma Erykuh

Erykah Badu sló í gegn með fyrstu plötunni sinni Baduizm sem kom út árið 1997. Sú plata var með mjúkri djass- og blúsáferð og þótti minna á söngkonur eins og Ninu Simone og Billie Holiday. Næstu tvær plötur, Mama's Gun (2000) og Worldwide Underground (2003) voru fínar, en jöfnuðust þó ekki á við hinn fullkomna frumburð. Fjórða plata Erykuh, New Amerykah: Part One (4th World War) er nýkomin út, heilum fimm árum á eftir síðustu plötu. Og nú dregur til tíðinda.

New Amerykah er hreint mögnuð. Þetta er ein af þessum plötum sem láta frekar lítið yfir sér við fyrstu hlustun, en vaxa og vaxa við nánari kynni. New Amerykah er meðal annars unnin með meðlimum Sa-Ra hópsins og snillingnum Madlib auk þess sem Questlove Thompson, James Poyser, Roy Ayers og fleiri koma við sögu. Tónlistin er fjölbreytt og djörf. Platan byrjar á 70's lituðu fönk-stykki, Amerykahn Promise, og svo tekur hvert meistarastykkið við af öðru. Kraumandi fönkbræðingur, hæggeng souldjass stykki, ferskir hip-hop taktar og svo einhver óræð tilraunastemning sem litar bæði tónlistina og textagerðina. Og allt gengur þetta upp. Platan er tæpar sextíu mínútur og mætti ekki vera mínútu styttri.

New Amerykah: Part One er klárlega ein af plötum ársins það sem af er. Og Erykah er greinilega í miklum ham þessa dagana því að þetta er bara fyrsta platan af þremur sem hún ætlar að gefa út á árinu.

Trausti Júlíusson



**TÓNLIST**

**New Amerykah: Part One (4th World War)**

Erykah Badu

★★★★★

Erykah Badu snýr aftur með sína djörfustu og framsæknustu plötu. Meistaraverk sem vex við hverja hlustun.

FordFocus

Nýtt tákn um gæði

## Láttu töfrana tala við þig í Brimborg í dag
# Prófaðu nýjan, endurhannaðan Ford Focus

Lokaðu augunum. Finndu hvernig töfrarnir tóna í Brimborg í dag. Töfraðu til þín söluráðgjafa. Töfraðu fram einn glæsilegasta bíl ársins. Töfraðu fram sérstakt kynningarverð á nýjum Ford Focus. Nýttu þér töfrana. Nýtt og töfrandi útlit, töfrandi tækni og búnaður eru örfá töfrandi dæmi sem mæla með nýjum, endurhönnuðum Ford Focus. Láttu töfrana tala. Prófaðu nýja tækni – nýjan fjölskyldubíll sem gaman er að eiga, gott að keyra og hagkvæmt að reka. Veldu umhverfishæfan bíl. Veldu núna Ford Focus.

Láttu töfrana tala. Spurðu um verð og gæði. Spurðu um fjármögnun. Ford. Keyrð'einn.

Komdu **í dag**

**frumsýningin**

heldur áfram

í Brimborg

Akureyri, Reykjavík



**Töfrandi kynningarverð: 2.690.000 kr.***

Ford Focus Trend
1,6i 100 hö 150 Nm
5 dyra 5 gíra beinskiptur
$CO_2$ losun 159 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 6,7 l/100 km

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Aukabúnaður á mynd eru álfelgur. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

## > Hækka sektir um fimm hundruð prósent



Knattspyrnusamband Íslands hefur hækkað verulega sektir vegna úrsagna úr mótum frá og með 10. apríl næstkomandi. Á heimasíðu sambandsins er vitnað í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. „Lið, sem dregur sig út úr móti fyrir 10. apríl, skal sæta sekt að upphæð kr. 10.000 í meistaraflokki og kr. 5.000 í öðrum flokkum. Frá og með 10. apríl og þar til keppni hefst eru sambærilegar sektir kr. 50.000 í meistaraflokki og kr. 20.000 í öðrum flokkum.“ Þetta þýðir hækkun upp á fimm hundruð prósent.

**sport**

sport@frettabladid.is

**AÐALSTEINN REYNIR EYJÓLFSSON:** TEKUR VIÐ KVENNALIÐI FYLKIS Í HANDKNATTLEIK

# *Ferilskráin mín er ein sú besta sem sést á pappír*

Aðalsteinn Reynir Eyjólfsson var í gær ráðinn þjálfari kvennaliðs Fylkis í handknattleik. Aðalsteinn hefur undanfarin ár stýrt liði Stjörnunnar með góðum árangri og þar áður liði ÍBV sem hann gerði að Íslandsmeisturum líkt og með Stjörnuna. Aðalsteinn hafði lýst því yfir að hann væri hættur í þjálfun í bili en hefur nú snúist hugur.

„Þetta átti sér langan aðdraganda. Ég var ekki á leið í þjálfun en stjórnarmenn Fylkis voru afar sannfærandi og kynntu fyrir mér áhugavert verkefni þar sem ég fæ að stýra starfinu eftir minni hugmyndafræði. Þetta er spennandi hópur með efnilegum leikmönnum og mikil tækifæri í Árbænum til góðra verka,“ sagði Aðalsteinn Reynir, sem hafnar því að peningar séu ástæðan fyrir því að hann fer til Fylkis.

„Þetta er mín atvinna en ég er ekki að elta peninga og það vita þeir sem hafa ráðið mig í vinnu. Ég þarf samt að eiga ofan í mig og á. Peningar voru ekki stærsti áhrifavaldurinn í þessari ákvörðun. Ég vil ekkert tjá mig um launin en ég er á nokkuð sléttu. Menn verða samt seint ríkir í þjálfun á Íslandi. Ég er meira í þessu af hugsjón en peningum,“ sagði Aðalsteinn.

Hann hefur verið mörg ár í Garðabænum. Var alinn upp þar og er svo búinn að stýra aðalliðinu síðustu þrjú ár. „Ég var kominn á endastöð með þennan hóp. Hef þjálfað margar þeirra síðan þær voru ellefu ára gamlar og hef verið stór þáttur í þeirra íþróttalífi. Samstarfið hefur verið gott en einhvern tímann verður að skera á naflastrenginn,“ sagði Aðalsteinn, sem vildi ekki fara í önnur félög en að vel athuguðu máli ákvað hann samt að taka tilboði Fylkis.

„Stjarnan bauð mér fínt skrifstofustarf en ég er enginn skrifstofukall heldur þjálfari. Mér finnst gaman að byggja upp og ég held að það hafi verið ótímabært að hætta á þessum tímapunkti þar sem ég get enn gefið mikið af mér þar sem ég hef mikla þekkingu og reynslu. Ég á ferilskrá sem er ein sú besta sem sést á pappír,“ sagði Aðalsteinn, sem ætlar ekki að taka með sér leikmenn úr Stjörnunni.





**MIKILVÆGUR** Magnús Þór Gunnarsson, fyrirliði Keflavíkur.

Einvígi Keflavíkur og ÍR:

## Magnús lykill að endurkomu?

**KÖRFUBOLTI** Keflvíkingar þurfa að fá meira frá fyrirliða sínum, Magnúsi Þór Gunnarssyni, ætli þeir að jafna undanúrslitaeinvígið gegn ÍR í Iceland Express-deild karla. Annar leikur liðanna fer fram í Seljaskóla klukkan 19.15 í kvöld.

Magnús Þór klikkaði á 10 af 12 skotum sínum í fyrsta leiknum, sem Keflavík tapaði 87-92 í framlengingu, en hann skoraði þá 7 af 9 stigum sínum í framlengingunni.

Keflavík jafnaði hins vegar einvígið með 72-98 sigri í öðrum leiknum í Seljaskóla þar sem Magnús skoraði 15 stig og hitti úr 5 af 8 þriggja stiga skotum sínum. Keflvíkingar unnu einvígið síðan 3-1 og urðu Íslandsmeistarar. - óój

Keflavík og ÍR mætast í kvöld:

## Nóg að stoppa Tommy?

**KÖRFUBOLTI Það má telja líklegt að ÍR-ingar leggi ofurkapp á að stoppa Keflvíkinginn Tommy Johnson í öðrum undanúrslitaleik liðanna í Seljaskóla í kvöld. Tommy Johnson var aðeins með 8 stig og 27 prósenta skotnýtingu í fyrsta leik ÍR og Keflavíkur.**

**Keflvíkingar hafa tapað öllum fjórum leikjum sínum í vetur þar sem Johnson hefur ekki náð að brjóta tíu stiga múrinn en aftur á móti unnið 21 af 22 leikjum þar sem hann hefur skorað 11 stig eða meira.**

**Tommy var með 19,3 stig að meðaltali og 40,6 prósenta þriggja stiga skotnýtingu í 18 sigurleikjum Keflavíkur í deildinni í vetur en í tapleikjunum fjórum var hann hins vegar aðeins með 9,0 stig og 17,6 prósenta þriggja stiga skotnýtingu.** - óój






# Sjö daga stríðinu lokið

**Liverpool vann sjö daga stríðið gegn Arsenal með mögnuðum sigri, 4-2, í lokaorrustu félaganna. Liverpool er þar með komið í undanúrslit Meistaradeildar Evrópu þar sem það mætir Chelsea, sem vann Fenerbahce örugglega, 2-0.**

**FÓTBOLTI** Tvö ensk félög bókuðu farseðilinn í undanúrslit Meistaradeildarinnar í gær. Liverpool lagði þá Arsenal, 4-2, í mögnuðum leik og á meðan vann Chelsea þægilegan sigur á Fenerbahce, 2-0.

Fyrri hálfleikur á Anfield í gær var stórkostleg skemmtun. Bæði lið mættu gríðarlega grimm til leiks og ætluðu augljóslega að selja sig dýrt. Diaby kom Arsenal yfir með skoti í teignum eftir mjög góða sókn gestanna.

Heimamenn gáfust ekki upp og Sami Hyypiä jafnaði metin með stórkostlegum skalla sem fór í stöngina og inn. Nokkuð hægðist á leiknum í síðari hálfleik eins og búast mátti við. Lítið var um opin færi og leikurinn var algjörlega stál í stál þegar Fernando Torres kom Liverpool yfir með stórglæsilegu marki tuttugu mínútum fyrir leikslok. Hann fékk þá háa sendingu í teiginn, sneri Senderos auðveldlega af sér og hamraði boltann í markhornið fjær.

Theo Walcott átti ótrúlegan sprett upp völlinn sjö mínútum fyrir leikslok. Lék á hvern Liverpool-manninn á fætur öðrum og gaf boltann í teiginn þar sem Adebayor var einn á auðum sjó og lagði boltann auðveldlega í netið.

Leikmenn Arsenal voru enn að fagna þegar Ryan Babel braust í gegnum vörn Arsenal, sem endaði með því að brotið var á honum í teignum. Ákaflega klaufalegt. Steven Gerrard tók vítið og skoraði örugglega úr vítinu. Arsenal setti alla menn í sóknina undir lokin og Liverpool refsaði með langri sendingu á Babel sem stakk varnarmann af og lagði boltann smekklega í netið. „Þetta var líklega ein versta frammistaða mín í Liverpool-búningi en ég hafði samt alltaf trú á því að ég myndi skora úr vítinu,“ sagði Steven Gerrard, fyrirliði Liverpool, eftir leikinn. „Arsenal er með frábært lið sem yfirspilaði okkur á köflum en það vorum við sem stóðum uppi sem siguvegarar,“ sagði Gerrard og bæði hann og Ryan Babel hrósuðu stuðningsmönnum sérstaklega.

Chelsea byrjaði leikinn gegn Fenerbahce með miklum látum en Michael Ballack kom liðinu yfir með góðum skalla eftir aðeins fjóra mínútur.

Þannig stóðu leikar í hálfleik. Frank Lampard gerði svo út um leikinn, og rimmuna, þrem mínútum fyrir leikslok með marki af stuttu færi eftir laglegan undirbúning hjá Michael Essien.

henry@frettabladid.is



**GLEÐI OG SORG** Steven Gerrard og Fernando Torres skoruðu enn eina ferðina fyrir Liverpool. Leikmenn Arsenal voru svo eðlilega svekktir. Hér til hliðar fagna síðan Ballack og Kalou marki þess fyrrnefnda. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



## ÚRSLIT

*Meistaradeild Evrópu:*

**Liverpool-Arsenal 4-2**
0-1 Abou Diaby (13.), 1-1 Sami Hyypia (30.), 2-1 Fernando Torres (69.), 2-2 Emmanuel Adebayor (84.), 3-2 Steven Gerrard, víti (85.), 4-2 Ryan Babel (90.).

**Chelsea-Fenerbahce 2-0**
1-0 Michael Ballack (4.), 2-0 Frank Lampard (87.)

*Enska úrvalsdeildin:*

**West Ham-Portsmouth 0-1**
0-1 Niko Kranjcar (61.)



**MARKI FAGNAÐ** Niko Kranjcar fagnar hér marki sínu í gær með félögum sínum. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Enska úrvalsdeildin:

## Portsmouth lagði West Ham

**FÓTBOLTI** Það voru engir timburmenn hjá leikmönnum Portsmouth í gær þegar þeir mættu West Ham skömmu eftir að hafa tryggt sér sæti í úrslitum enska bikarsins.

Lokatölur 1-0 fyrir Portsmouth en það var Króatinn Niko Kranjcar sem skoraði eina mark leiksins um miðjan síðari hálfleik. West Ham náði aldrei að ógna Portsmouth eftir markið en leikurinn þótti í daufari kantinum.

Hermann Hreiðarsson var í byrjunarliði Portsmouth, spilaði allan leikinn og þótti standa sig vel.

Talsverðar breytingar voru á liði Portsmouth sem byrjuðu án Kanu, Jermain Defoe og Milan Baros. - hbg

Manchester United og Barcelona eru í góðri stöðu til að tryggja sig í undanúrslit Meistaradeildarinnar:

# Slær United met í Meistaradeildinni?

**FÓTBOLTI** Síðustu leikirnir í átta liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu fara fram í kvöld þegar Manchester United tekur á móti Roma og Schalke heimsækir Barcelona.

Leikur United og Roma er fyrir margra hluta sakir áhugaverður. Mikið hefur verið fjallað um seinni leik liðanna í átta liða úrslitunum á Old Trafford fyrir tæpu ári þegar United slátraði Roma 7-1 sem var og er stærsti sigur í sögu útsláttarkeppni Meistaradeildarinnar. United getur hins vegar með sigri í kvöld slegið annað met en liðið hefur nú þegar unnið tíu heimaleiki í röð í Meistaradeildinni, sem er met sem liðið deilir með Juventus.

United stendur vel að vígi fyrir leikinn í kvöld eftir 0-2 sigur á Ólympíuleikvanginum í Róm í síðustu viku en liðið verður án Nemanja Vidic, og Rio Ferdinand er tæpur fyrir leikinn. Knattspyrnustjórinn Sir Alex Ferguson á þó marga möguleika í stöðunni með þá John O'Shea, Gerard Pique, Gary Neville og Mikael Silvestre alla leikfæra.

Roma verður sem fyrr án Francesco Totti auk þess sem Alberto Aquilani er tæpur vegna meiðsla en Simone Perotta kemur aftur í liðið eftir leikbann.

Philippe Mexes, varnarmaður Roma, er ekki tilbúinn að gefast upp.

„Það er aldrei að vita hvað getur gerst í fótbolta og við erum ekkert hættir,“ sagði Mexes.



**SNILLINGUR** Allir munu fylgjast með Cristiano Ronaldo í kvöld en hann skoraði sitt sjöunda mark í Meistaradeildinni í síðustu viku. NORDIC PHOTOS/GETTY

### LEIKIR KVÖLDSINS

Manchester United-Roma
Beint á Stöð 2 Sport kl. 18.45
Barcelona-Schalke
Beint á Stöð 2 Sport 3 kl. 18.45

Schalke á ekki öfundsvert verk fyrir höndum gegn Barcelona á Nývangi eftir 0-1 tap á heimavelli í síðustu viku og sparkspekingar eru sumir þegar farnir að tala um einvígi United og Barcelona.

Samuel Eto'o, framherji Barcelona, er bjartsýnn fyrir leikinn.

„Ég ætla ekki að fara leynt með að möguleikar okkar á að komast áfram eru frábærir en við verðum samt að leggja hart að okkur til þess að svo verði,“ sagði Eto'o í viðtali við heimasíðu UEFA. - óþ

# ALLT AÐ 3 MILLJÓNIR AF!

INGVAR HELGASON
bíla B&L land

## HJÁ OKKUR FÆRÐU FLOTTUSTU BÍLANA Á FLOTTASTA VERÐINU!



**-2.750.000 kr.**

**RANGE ROVER SPORT SUPERCHARGED**
Ekinn 32 þús. ssk. Nýskr. 03/06
Verð áður 9.700.000 kr.
**6.950.000 kr.**

**-1.900.000 KR.**



**TOYOTA LAND CRUISER 120**
Ekinn 23 þús. ssk. Nýskr. 07/06
Verð áður 7.200.000 kr.
**5.300.000 KR.**

**-1.400.000 KR.**



**BMW X5 3.0I**
Ekinn 35 þús. ssk. Nýskr. 12/05
Verð áður 6.250.000 kr.
**4.850.000 KR.**

**-1.650.000 KR.**



**NISSAN MURANO**
Ekinn 25 þús. ssk. Nýskr. 06/06
Verð áður 5.320.000 kr.
**3.670.000 KR.**

**-1.200.000 KR.**



**VOLKSWAGEN TOUAREG**
Ekinn 61 þús. ssk. Nýskr. 07/04
Verð áður 3.950.000 kr.
**2.750.000 KR.**

**-990.000 KR.**



**LAND ROVER FREELANDER D**
Ekinn 12 þús. ssk. Nýskr. 04/07
Verð áður 5.500.000 kr.
**4.510.000 KR.**

**-1.020.000 KR.**



**BMW X5 3.0i**
Ekinn 83 þús. ssk. Nýskr. 01/03
Verð áður 3.970.000 kr.
**2.950.000 KR.**

**-1.400.000 KR.**



**VOLVO XC90**
Ekinn 81 þús. ssk. Nýskr. 03/05
Verð áður 5.250.000 kr.
**3.850.000 KR.**

**-1.550.000 KR.**



**PORSCHE CAYENNE**
Ekinn 55 þús. ssk. Nýskr. 04/04
Verð áður 5.150.000 kr.
**3.600.000 KR.**

**-1.650.000 KR.**



**BMW 745Li**
Ekinn 100 þús. ssk. Nýskr. 03/03
Verð áður 5.550.000 kr.
**3.850.000 KR.**

**-2.950.000 KR.**



**RANGE ROVER SUPERCHARGED**
Ekinn 27 þús. ssk. Nýskr. 07/06
Verð áður 13.300.000 kr.
**10.350.000 KR.**

**INGVAR HELGASON** SÆVARHÖFÐA 2 | 525 8000
**BÍLALAND B&L** GRJÓTHÁLSI 1 | 575 1230

INGVAR HELGASON
bíla B&L land

Með fyrirvara um prentvillur.

ENNEMM / SÍA / NM33052

## > Kim Raver

Raver leikur í þáttaröðinni Lipstick Jungle sem Skjár einn tók nýlega til sýninga en þættirnir eru úr smiðju höfundar Sex and the City. Sjálf hefur Raver leikið í tveimur öðrum stórum sjónvarpsþáttaröðum, 24 og Third Whatch.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON UM EFNI FYRIR BÖRN

# *Vanræktur áheyrendahópur*

Þegar kannanir birtast um áhorfendur og áheyrendur íslenskra útvarpsstöðva, hljóðvarps og sjónvarps, er alla jafna gert mikið úr aldurssamsetningu. Því meiri líkur eru á langlífi þjónustunnar og aðdráttarafli hennar fyrir auglýsendur þess yngri sem njótendur eru, einkum ef þeir standa flestir í hópnum sem neysluglaðastur er á vörur og þjónustu. Eðlilega ná kannanir aldrei niður fyrir tólf ára aldurinn. Velsæmi og lög banna að börn séu spurð út úr um hvað þau horfa mest á og vilja heyra. Enda eru yngstu hópar samfélagsþegnanna í landinu langt fyrir utan áhugasvið þeirra sem stýra dagskrám útvarpsstöðva. Hvernig reynir ríkisútvarpið – Rás 1 – að sinna börnum? Eru dagskrárliðir þeim ætlaðir auglýstir sérstaklega? Óekki. Ætla forráðamenn þar að láta áheyrendahópinn deyja út á þessari öld eða treysta þeir á endurnýjun af sjálfu sér?

Umgengni barna við útvarpað efni ætti að vera öllum fyrirtækjum á þessum vettvangi sérstakt áhugaefni, til þess að tryggja viðgang útvarps, hljóðvarps og sjónvarps í framtíðinni. Núna er víst ein útvarpsstöð sem einbeitir sér að tónlist fyrir krakka – Latabæjarradíóið – og þar á bæ gengur mönnum það helst til að auglýsa aðra vöru. Bylgjuna þarf ekki að ræða. Hvað þá heldur Rás 2. Á Stöð 2 var athugasemdalaust fyrir fáum misserum dregið úr talsetningu og textaðir þættir fóru að sjást á ný. Hvað réði þeirri stefnubreytingu? Hvað gera svo sjónvarpsstöðvar sérstaklega fyrir börn annað en að passa upp á að vara við dagskrárliðum sem ógna öryggi þeirra og gera sér mat úr hræðslu, ofbeldi og óhugnaði? Harla lítið.



**ÚTVARP** Leynifélagið er skemmtilegur þáttur fyrir krakka.

Leynifélagið á Rás 1 er skemmtilegur og lifandi þáttur fyrir krakka. Hlustið á hann í kvöld klukkan 20 með þeim krökkum sem eru á heimilinu.

## EKKI MISSA AF



▶ **18.30** Barcelona-Schalke
STÖÐ 2 SPORT 3



▶ **20.00** The Singing Detective
STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **21.10** Medium
STÖÐ 2



▶ **20.55** Gatan
SJÓNVARPIÐ



▶ **21.50** Lipstick Jungle
SKJÁR EINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Kappflugið í himingeimnum**
**17.55 Alda og Bára**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Alvöru dreki**
**18.23 Sígildar teiknimyndir**
**18.30 Nýi skólinn keisarans**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**

**20.10 Fæðingarheimilið - Í blíðu og stríðu** (Private Practice: Come Rain or Shine) Kynning á bandarískri þáttaröð sem hefst að viku liðinni. Þar segir frá Addison Montgomery, lækni í Grey's Anatomy-þáttunum, sem heimsækir gömul skólasystkini sín til Kaliforníu.

▶**20.55 Gatan** (3:6) (The Street II) Breskur myndaflokkur um hversdagsævintýri nágranna í götu í bæ á Norður Englandi.Fyrri syrpan úr þessum flokki hlaut bæði BAFTA- og alþjóðlegu Emmy-verðlaunin.

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Kiljan** Bókmenntaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.

**23.10 Brúðuheimilið verður til** Frönsk heimildamynd um gerð myndarinnar Brúðuheimilið eftir leikriti Henriks Ibsens sem sýnd verður á sunnudagskvöld.

**00.10 Kastljós**
**00.45 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 The Singing Detective**
**08.00 Pokémon 5**
**10.00 Cheaper By The Dozen 2**
**12.00 Rumor Has It**
**14.00 Pokémon 5**
**16.00 Cheaper By The Dozen 2**
**18.00 Rumor Has It**

▶**20.00 The Singing Detective** Gamansöm söngvamynd með Mel Gibson og Robert Downey Jr.

**22.00 Possible Worlds** Dularfull framtíðarmynd sem vekur upp áleitnar spurningar.

**00.00 Edge of Madness**
**02.00 Hellraiser: Inferno**
**04.00 Possible Worlds**

## STÖÐ 2

**07.00 Camp Lazlo**
**07.25 Ofurhundurinn Krypto**
**07.50 Kalli kanína og félagar**
**08.10 Oprah** (Ask Dr. Oz)
**08.50 Í fínu formi**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 La Fea Más Bella**
**10.35 Extreme Makeover. HE** (17:32)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Neighbours** (Nágrannar)
**13.10 Sisters** (9:24) (Systurnar)
**13.55 Phenomenon** (2:5)
**15.30 ´Til Death** (20:22)
**15.55 Skrímslaspilið** (Yu Gi Oh)
**16.18 Batman**
**16.43 Könnuðurinn Dóra**
**17.08 Tracey McBean**
**17.18 Refurinn Pablo**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours** (Nágrannar)
**18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag og íþróttir**
**19.30 The Simpsons**
**19.55 Friends** (12:24) (Vinir)
**20.20 Tim Gunn´s Guide to Style** (1:8)

▶**21.10 Medium** (3:16) Í þessari fjórðu þáttaröð heldur Allison áfram að liðsinna lögreglunni við rannsókn á flóknum sakamálum og nýtist náðargáfa hennar þar vel. Það er sem fyrr leikkonan Patricia Arquette sem fer með hlutverk Dubois en hún fékk Emmy-verðlaun 2005 fyrir frammistöðu sína

**21.55 Nip/Tuck** (12:14)
**22.40 Oprah** (Dr. Oz: The Latest Secrets To Quit Smoking)
**23.25 Grey´s Anatomy** (13:36)
**00.10 Kompás**
**00.45 Rome** (3:12)
**01.30 Rome** (4:12)
**02.25 Bones** (1:13)
**03.10 Bobby Jones. Stroke of Genius**
**05.15 The Simpsons**
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**
**06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SPORT besta sætið

**07.00 Meistaradeild Evrópu** (Liverpool - Arsenal)
**08.40 Meistaradeildin** (Meistaramörk)
**09.00 Meistaradeild Evrópu** (Chelsea - Fenerbahce)
**13.35 Spænsku mörkin**
**14.20 Meistaradeild Evrópu** (Liverpool - Arsenal)
**16.00 Meistaradeildin** (Meistaramörk)
**16.20 Meistaradeild Evrópu** (Chelsea - Fenerbahce)
**18.00 Meistaradeildin - upphitun**

**18.30 Man. Utd. - Roma Meistaradeild Evrópu** Bein útsending frá leik Man. Utd og Roma í Meistaradeild Evrópu. Sport 3. Barcelona - Schalke.

**20.40 Meistaradeildin** (Meistaramörk) Sparkspekingar fara yfir alla leiki kvöldsins í Meistaradeildinni. Öll mörkin og öll umdeildu atvikin.

**21.00 Meistaradeild Evrópu** Útsending frá leik Barcelona og Schalke í Meistaradeild Evrópu, sem var í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport 3 fyr í kvöld.

**22.50 Augusta Masters Official Film**

**23.45 Meistaradeild Evrópu** Útsending frá leik Man. Utd og Roma.

**01.25 Meistaradeildin** (Meistaramörk)

## SPORT 2 enski boltinn

**07.00 West Ham - Portsmouth**
**15.10 West Ham - Portsmouth**
**16.50 Fulham - Sunderland**

**18.30 Premier League World** (Heimur úrvalsdeildarinnar) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.

**19.00 Coca Cola mörkin** Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.

**19.30 Ensku mörkin** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.

**20.30 4 4 2**
**21.50 Leikur vikunnar**

## SKJÁREINN

**07.00 Skólahreysti** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**15.25 Vörutorg**
**16.25 Snocross** (e)
**16.50 World Cup of Pool 2007** (e)
**17.45 Rachael Ray**
**18.30 Jay Leno** (e)
**19.15 Skólahreysti** (e)

**20.10 Less Than Perfect** (4:13) Bandarísk gamansería sem gerist á fréttastofu bandarískrar sjónvarpsstöðvar þar sem stór egó og svikult starfsfólk kryddar tilveruna.

**20.30 Fyrstu skrefin** (10:12) Að þessu sinni verður fjallað um uppeldi. Hvernig erum við að ala upp börnin okkar og hver elur þau upp? Rætt er við Þráinn Bertelsson afa og uppalanda. Einnig verður fjallað um bókalestur barna.

**21.00 America's Next Top Model** (7:13) Fyrirsætunum er skipt í tvö lið sem eiga að hitta Shoshanna Lonstein, Pamella Roland og Stacey Bendit frá Alice & Olivia. Síðan fara þær með Mr. J í óvenjulega myndatöku á Broadway. Ein stúlkan verður fyrir meiðslun á meðan önnur fær nýtt útlit fyrir myndatökuna.

▶**21.50 Lipstick Jungle** (2:7) Glæný þáttaröð sem byggð er á metsölubók frá höfundi Sex and the City. Aðalsöguhetjurnar eru þrjár valdamiklar vinkonur í New York. Wendy kemst að því að það er búið að skrifa bók um einkalíf hennar með safaríkum smáatriðum. Það hitnar í kolunum hjá Nico og unga ástarpungnum hennar og Victory missir aðstoðarkonu sína og er nú ein á báti í vinnunni.

**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.

**23.25 Boston Legal** (e)
**00.15 Life** (e)
**01.05 C.S.I.**
**01.55 Vörutorg**
**02.55 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


TOYO TIRES SUMARDEKK

PROXES T1R
SPORT

PROXES CF1
ÞÆGINDI

TOYO 350
HAGKVÆMNI



TOYO TIRES
VELDU JAPÖNSK GÆÐI

NESDEKK
Fiskislóð 30
561 4110

Bílabúð Benna
Vagnhöfða 23 • 110 Reykjavík
Sími 590 2000 • www.benni.is

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.20



### Tim Gunn's Guide to Style

Tim Gunn er tískugúrú Bandaríkjanna. Það sem hann segir verður að lögmálum tískunnar. Hér á Íslandi er Tim Gunn hvað þekktastur fyrir það að vera yfirdómarinn og heilinn á bak við hönnunarþættina Project Runway, sem Stöð 2 hefur nú einnig tryggt sér sýningarréttinn á. Eins og nafnið gefur til kynna þá leggur Tim Gunn línurnar í stíl, hönnun og tísku í þessum nýja þætti sínum. Skemmst er frá því að segja að þegar hann var frumsýndur fyrir skömmu vestanhafs sló hann í gegn og er nú orðinn umtalaðasti og vinsælasti tískuþátturinn. Og nú er loksins komið að því að Tim Gunn sýni okkur Íslendingum hvað virkar og hvað ekki.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Man. Utd. - Roma**

**Stöð 2 Sport kl. 18.30**

Seinni leikurinn í viðureign þessara stórliða. United er nú þegar komið með aðra löppina í undanúrslitin eftir góðan útisigur, 2:0, í Rómaborg. Rómverjar verða því að gefa allt í þennan leik en það er ekki á hverjum degi sem liðum tekst að skora tvö mörk gegn United á þeirra eigin heimavelli.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Brot af eilífðinni
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Tónar að nóni
**15.03** Útvarpssagan: Sjosja
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Stefnumót
**21.10** Út um græna grundu
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Söngvarnir frá Písa
**23.00** Gárur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks**
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 Special Unit 2** (16:19)
**17.45 X-Files** (18:24)
**18.30 The War at Home** Hjónin Vicky og Dave halda áfram daglegri baráttu sinni við unglingana á heimilinu. Þar er alltaf líf og fjör enda sjá foreldrarnir ekki hlutina með sömu augum og unglingarnir.
**19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**
**20.00 Special Unit 2** (16:19) Gamansamir bandarískir spennuþættir þar sem við fylgjumst með sérdeild sem rannsakar allra óvenjulegustu málin sem lögreglan þarf að hafa afskipti af, mál sem oftar en ekki eru af yfirnáttúrulegum toga.
**20.45 X-Files** (18:24)
**21.30 The War at Home**
**22.00 Hell's Kitchen** (3:11) Klárasti, kröfuharðasti og kjaftforasti kokkur heims, Gordon Ramsey, er mættur í þriðja sinn í Eldhús helvítis; svæsnustu, flottustu og ferskustu þáttaröðinni til þessa.
**22.45 Shark** (5:16) Stórleikarinn James Woods snýr aftur í hlutverki lögfræðingsins eitilharða Sebastian Stark. Þetta er önnur þáttaröð þessa frábæra og ferska lögfræðikrimma.
**23.30 Extreme. Life Through a Lens** (9:13)
**00.15 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Mér finnst...** Kolfinna Baldvinsdóttir og Ásdís Olsen bjóða upp á spjall í anda samræðna kvenna á kvennaklósetti. Elísabet Jökulsdóttir og Katrín Júlíusdóttir kíkja við ásamt leynigesti.
**21.00 Ármann á alþingi** Ármann Kr. Ólafsson þingmaður ræðir stjórnmál við viðmælanda sinn.
**21.30 Hvernig er heilsan?** Guðjón Bergmann ræðir við gest sinn um heilsu, heilbrigði og lífsviðhorf.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Kontant **10.35** Aftenshowet **11.05** Aftenshowet 2. del **11.25** Himmelporten **11.50** Ha' det godt **12.20** Med andre øjne **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Dawson's Creek **14.00** Hjerteflimmer: Pigerne mod drengene **14.30** Pucca **14.35** Svampebob Firkant **15.00** Amigo **15.30** Shanes verden **15.55** Tjulahop - Sofia **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med vejret **17.30** HåndboldOnsdag **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** En sag for Frost **21.40** Onsdags Lotto **21.45** OBS **21.50** Seinfeld **22.15** Godt arbejde **22.45** Kom igen - der er mere at lære **23.15** SPAM 2008

## NRK 1

**10.40** Brennpunkt **11.30** 4•4•2: Bakrommet: Fotballmagasin **12.00** Jan i naturen **12.15** Presidenten **13.00** Utfordringen **13.30** Fra 7-ende til 8-ende **14.05** H2O **14.30** Fabrikken **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Skispor fra fortiden **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Nysgjerrige Nils **16.15** Dyrestien 64 **16.25** Todds verden **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Forbrukerinspektørene **17.55** Jakten på storrøya **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** Vikinglotto **19.45** Sporløst forsvunnet **20.30** Migrapolis **21.00** Kveldsnytt **21.15** VM svømming kortbane **21.45** The Wire **22.40** Viten om

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Så ska det låta **11.05** Mitt i naturen **12.15** Panik på hotellet **13.30** Andra Avenyn **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Naturnollorna **15.30** Krokodill **16.00** Bolibompa **16.10** Så orättvist **16.20** Lilla röda traktorn **16.30** Hjärnkontoret **16.55** Tyst dumsnut och kyss mig! **17.00** Bobster **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Barnmorskorna **19.30** Morgonsoffan **20.00** The Tudors **20.55** Ledarhund **21.00** Rapport **21.10** Kulturnyheterna **21.25** Häxdansen **22.10** Var fan är mitt band? **22.40** Sändningar från SVT24


Nicotinell®



**Nikótín tyggigúmmí**
**Til að hætta eða draga úr reykingum**

- Stökkt og brakandi yfirborð líkt og á venjulegu tyggigúmmíi
- Frískandi og betra bragð af fjórum bragðtegundum:
  - mintu, ávaxta, lakkrís og Classic
- Mjúkt og gott að tyggja
- Sykurlaust




*Ánægja eða endurgreiðsla!*
*Frá 1. apríl til 31. maí 2008 veitum við fullan skilarétt á Nicotinell tyggigúmmíi. Ef lyfið uppfyllir ekki væntingar þínar, getur þú fengið það endurgreitt.*

*Hægt er að nálgast skilamiða í öllum apótekum sem inniheldur frekari upplýsingar.*

ÁNÆGJA EÐA SKILAMIÐI ENDURGREIÐSLA

Nicotinell nikótínlyf fást án lyfseðils og eru notuð sem hjálparefni til þess að hætta eða draga úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávalt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðlinum með lyfinu. Skammtar eru einstaklingsbundnir og eru ákvarðaðir eftir því hversu mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Þeir sem hafa fengið ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, fengið hjartaáfall nýlega, óstöðuga eða versnandi hjartaöng, alvarlega hjartsláttaróreglu eða heilablóðfall nýlega, eiga ekki að nota Nicotinell nikótínlyf. Börn undir 15 ára aldri, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu ekki nota lyfið nema að læknisráði. Lesið allan fylgiseðilinn áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðs-leyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhraun 12a, 210 Garðabæ.

## GAMLA MYNDIN



*„Þetta er árið sem ég útskrifaðist úr Þjóðleikhússkólanum. Ef ekki væri fyrir hárið hefði ég haldið að þetta væri annar hvor sonurinn. Þessi mjóslegni piltur, nokkuð vannærður eftir erfiðan vetur, er líklega á leið í sumarvinnu til Bolungarvíkur.“*

Arnar Jónsson leikari.

Myndin er tekin í maí 1964.

# Hannes þarf ekki að borga krónu sjálfur

„Söfnunin gengur stórvel. Öll markmið hafa náðst. Í dag [gær] var gert upp við Laxness-fólkið,” segir Friðbjörn Orri Ketilsson.

Hann gengst fyrir fjársöfnun til að standa straum af kostnaði við málaferli Hannesar í því sem Friðbjörn nefnir annars vegar „Málfrelsismálið“ og tengist meiðyrðamáli sem Jón Ólafsson höfðar á hendur Hannesi og hins vegar „Laxnessmálið“ sem snýr að skaðabótum og lögfræðikostnaði í tengslum við frægt skaðabótamál og varðar höfundarrétt.



**FRIÐBJÖRN ORRI** Hannes nýtur víðtæks stuðnings og þegar hafa hundruð manna lagt söfnuninni til stuðnings Hannesi lið.

Að öll markmið hafi náðst þýðir að þegar er búið að safna að minnsta kosti þremur milljónum en skaðabótakrafa til Auðar Laxness hljóðaði upp á 1,5 milljónir og 1,6 í lögfræðikostnað. En líklega hefur safnast talsvert meira fé í söfnuninni. Friðbjörn Orri segist bundinn trúnaði og getur ekki gefið upp neinar tölur. „Þessi pakki er í það minnsta uppgerður. En markmiðið er að styðja við bakið á Hannesi en í málfrelsismálinu hafa þegar verið greiddar 23 milljónir og sjö milljónir eru í skuld,” segir Friðbjörn Orri.

Nú lítur sem sagt allt út fyrir að Hannes Hólmsteinn þurfi ekki að fara í eigin vasa til að greiða fyrir málarekstur og í skaðabætur en það er markmiðið. „Enda fráleitt að menn geti misst allt sitt við að tjá skoðanir sínar á Íslandi. Ég er reyndar gáttaður á því hversu margir vilja koma honum til aðstoðar í þessu máli, fjöldinn skiptir hundruðum sem þegar hefur látið fé af hendi rakna, fólk sem er honum sammála: Allt frá mennskælingum sem leggja til tvö þúsund krónur til þeirra sem betur eru stæðir. Öll flóran. Gríðarlegur stuðningur. En auðvitað ekki frá fjandmönnum hans,“ segir Friðbjörn Orri Ketilsson.

- jbg



**HANNES HÓLMSTEINN** Á góða vini og nú lítur allt út fyrir að hann þurfi ekki að seilast í eigin vasa til að gera upp við lögmenn og borga skaðabætur.



**LÁRÉTT**
**2.** sett **6.** rún **8.** skordýr **9.** tangi **11.** ryk **12.** bersýnilega 14. hégómi **16.** tveir eins **17.** titill **18.** umfram **20.** tímaeining **21.** murra.

**LÓÐRÉTT**
**1.** áfengisblanda **3.** frá **4.** planta **5.** næði **7.** starfræksla **10.** sjón **13.** skarð **15.** ruddi **16.** efni **19.** íþróttafélag.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** lagt, **6.** úr, **8.** fló, **9.** nes, **11.** ím, **12.** skýrt, **14.** snobb, **16.** tt, **17.** frú, **18.** auk, **20.** ár, **21.** urra.
**LÓÐRÉTT: 1.** púns, **3.** af, **4.** glitbrá, **5.** tóm, **7.** rekstur, **10.** sýn, **13.** rof, **15.** búri, **16.** tau, **19.** kr.

KRISTÓFER HELGASON: LIFIR EKKI AF ÚTVARPSLÖGUM EINUM SAMAN

# Landsþekktur útvarpsmaður skotinn með rafbyssu

„Ég er algjör græjufíkill. Og var að flytja inn nætursjónauka og vasaljós meðal annars. Var svo kominn með vasaljós sem lögreglan notar og í framhaldi af því fór mér að bjóðast umboð frá Bandaríkjunum fyrir hitt og þetta meðal annars rafbyssur,“ segir hinn góðkunni útvarpsmaður Kristófer Helgason á Bylgjunni.

Fyrirtæki Kristófers, KHelgason heildverslun, flytur inn ýmis tæki sem lúta að heilsu og heilbrigði, öryggismálum og löggæslutækjum. Kristófer, sem stjórnar Reykjavík síðdegis ásamt Þorgeir Ástvaldssyni, segir fyrirliggjandi að menn lifi ekki á útvarpslögunum einum saman. Og bendir sposkur á að Þorgeir syngi með Ragga Bjarna, Bjarni Ara syngi í brúðkaupum og Ívar Guðmundsson selji orkudrykki og heilsunammi. Hann flytur inn græjur. Meðal þess sem KHelgason flytur inn eru rafbyssur sem lögreglan er nú með til athugunar hvort ekki sé vert að taka til notkunar við löggæslustörf hér á landi.

Rafbyssurnar fara aldrei um hendur umboðsaðilans heldur beint til lögreglu. Kristófer hefur þó kynnt sér þær í þaula. Sjálfur hefur hann meira að segja verið skotinn með slíkri byssu. Og er sprelllifandi til frásagnar eins og útvarpshlustendur þekkja. Kristófer fór í skóla til Bandaríkjanna, til höfuðstöðva Taser International, í Phoenix Arizona. „Þar var ég í nokkurn tíma að læra á tækið og virkni þess. Og hluti námskeiðsins var að vera skotinn til að skilja tækið betur. Þetta var vont, á að vera vont en um leið og lokað var fyrir strauminn var allur sársauki fyrir bý og engin eftirköst.“



**KRISTÓFER HELGASON** Hér með félaga sínum Þorgeiri en hann flytur inn rafbyssur sem lögreglan vill taka í gagnið.



**TASER-BYSSA** Kristófer segir að Taser-rafbyssurnar séu öruggari en flest önnur valdbeitingartæki sem lögreglan notar.

Kristófer segir ótrúlega mikils misskilnings gæta um rafbyssurnar og virkni þeirra. Þeir sem tali mest um byssurnar viti oft minnst og fréttaflutningur af þeim oft beinlínis rangur. „Ég veit ekkert hvenær það liggur fyrir hvort og/eða hvenær lögreglan tekur þessar byssur til notkunar,“ segir Kristófer. Hann bendir á að viðamiklar rannsóknir hafi farið fram og fyrst af Bandaríkjamönnum, The Home Office, og birtu þeir 13 þúsund blaðsíðna skýrslu um umræddar rafbyssur. Bretarnir tóku þetta upp, vildu ekki treysta rannsóknum Bandaríkjamanna og kostuðu milljónum punda í rannsóknir á áhrifum byssnanna á líkamann. Ítarleg rannsókn þeirra sýndi að tækið er öruggt sem valdbeitingartæki, mun öruggara en öll önnur sem eru í notkun lögreglu. „Ekki bara er það öruggara fyrir hina handteknu heldur ekki síður lögreglumenn sjálfa,“ segir Kristófer og bendir jafnframt á þá athyglisverðu staðreynd að slysatíðni meðal lögreglumanna á Íslandi er mest á Norðurlöndunum og þótt víðar væri leitað.

jakob@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Ekki er auðvelt að ná tali af **Ólafi Gunnarssyni** sem er einn þeirra sem neitar að vera með farsíma. Hann fer nú að skila af sér nýrri skáldsögu og sólundar tímanum með því að rúlla á milli bílaverkstæða, fá sér kaffi og kjafta en Ólafur er forfallinn bíladellukarl. Ný skáldsaga frá Ólafi sætir tíðindum en hana hefur Ólafur verið með í smíðum í tvö ár og er bókin á fimmta hundrað blaðsíður. Umfjöllunarefnið er hippatíminn og möndull bókarinnar, sá sem hún snýst um, er heimsókn Led Zeppelin til Íslands. Þeir sem til þekkja segja bókina líkjast mest Vetrarferðinni í höfundarverki Ólafs.





Tökum á gamanþáttaröðinni Ríkinu er lokið en þar koma við sögu margir af fremstu gamanleikurum þjóðarinnar. Leikstjóri er **Silja Hauksdóttir** en meðal leikara sem koma við sögu eru Víkingur Kristjánsson og **Halldóra Geirharðsdóttir**, fóstbræðurnir Sveppi og Auddi og Inga María Valdimarsdóttir. Þá leika Benedikt Erlingsson, Þorsteinn Bachmann og Katla Margrét einnig í þáttunum auk Elmu Lísu Gunnarsdóttur.



- jbg/fgg

# Magni í krísu

Rock-Star hetjan Magni Ásgeirsson hefur vart undan að feta í fótspor stórstjarna í rokkheiminum. Hann bregður sér í líki Mick Jagger þegar margir af fremstu hljóðfæraleikurum landsins leika lög Rolling Stones á föstudaginn á Players í Kópavogi. Og eins og komið hefur fram í fjölmiðlum mun Magni einnig stíga á svið sem Freddy heitinn Mercury í sérstakri söngskemmtun Fjölbrautaskóla Suðurlands en þar verða lög hinnar bresku Queen flutt. „Ég hlýt að vera í einhverri krísu um hver ég er,“ segir Magni léttur þegar Fréttablaðið nær tali af honum.

Magni er ekki í vafa um hvor sé betri, Jagger eða Mercury. „Freddie Mercury hefur sigur þegar kemur að bæði hæfileikum og sviðsframkomu. Hins vegar hefur Jagger vinninginn í töffaraskap,“ segir Magni. Hann fæst aftur á móti ómögulega til að gefa upp hvor hljómsveitin sé betri. „Óneitanlega eru lagasmíðar Queen mun merkilegri og metnaðarfyllri því Stones eru bara að spila þriggja gripa, sóðalegan blús,“ segir Magni, sem setur þessar tvær hljómsveitir á stall með Bítlunum. „Þær eru fremstar í sínum flokki þótt ólíkar séu; Stones og Bítlarnir eru frumkvöðlarnir og eru áhrifamestar enda fundu þær upp nútíma rokk/popp-tónlist.“

- fgg



**MAGNI ÁSGEIRSSON**

# Rafmagnaður trommari í Valhöll

„Þetta gerðist á föstudaginn á Eskifirði. Ég ætlaði að öskra í míkrafóninn hvort allir væru ekki í stuði þegar rafmagnið tók öll völd og ég kastaðist heilan metra aftur á bak. Ég hélt að þetta væri bara mitt síðasta og stóð alls ekki á sama,“ segir Arnar Þór Gíslason, trommuleikari Dr. Spock, sem fékk töluvert raflost á tónleikum sveitarinnar í Valhöll á föstudaginn. Brotin ljósapera reyndist vera sökudólgurinn en hún lá á járni sem Arnar komst í snertingu við með fyrrgreindum afleiðingum. „Mér leið eins og hestur hefði sparkað í brjóstið á mér,“ segir Arnar sem hér eftir verður kallaður Dr. Elektro af félögum sínum í sveitinni. Reyndar stóð Spock-liðum ekki á sama þegar þeir sáu hvað var í gangi og menn töldu sig hafa séð bláa blossa þegar Arnar fékk stuðið beint í æð.

Arnar segist hafa athugað fyrst hvort eitthvað af líkamshárunum mikilvægu hefðu sviðnað af við raflostið. „En sem betur var það ekki raunin þannig að karlmennskan brann ekki yfir,“ segir Arnar sem vann sér inn marga punkta hjá sveittum rokkaðdáendum á Eskifirði í kjölfarið. Því hann var byrjaður að berja bumburnar eftir aðeins nokkurra mínútna hlé.

En raflostið var kannski við hæfi enda skildi trommuleikarinn við ungæðingsháttinn í gær þegar hann fagnaði þrítugsafmæli sínu og var þar með tekinn í fullorðinna manna tölu. Og fleiri stórtíðinda er að vænta á árinu því trommuleikarinn geðþekki á von á sínu fyrsta barni með unnustu sinni, Láru Rúnarsdóttur.

- fgg




**SLAPP VEL** Arnar slapp vel frá raflosti á Eskifirði þótt mönnum hafi nú ekki staðið á sama meðan á því stóð.



KORTIN
ekortin.is
KYNNA MEÐ STOLTI:
PALL ROSINKRANZ
OG
JET BLACK JOE
Í Laugardalshöll þann 16. maí ásamt félögum úr Gospelkór Reykjavíkur undir stjórn Óskars Einarssonar, einnig koma fram KK, Hreimur Örn, Sigga Guðna, Gummi Jónss, & fjöldi gestahljóðfæraleikara.
igher and higher - rain - i know - oh happy day - have i told yo
"e-korthafar fá 25% afslátt af miðum ef bókað er í gegnum ekortin.is"
Forsala miða í fullum gangi á midi.is & í verslunum BT & Skífunnar
Tryggðu þér miða í tíma á þennan einstaka viðburð!
TUBORG
NBC
2B COMPANY
midi.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



GULL BYLGJAN 909




**BAKÞANKAR**
**Þórhildar Elínar Elínardóttur**

## 101 Kalkútta

Ein af klisjunum sem við þorpsbúar yljuðum okkur lengi við var að þrátt fyrir allt ættum við besta vatn í heimi og hreinustu höfuðborgina. Vorum roggin gagnvart útlendingum sem hingað slæddust enda vó hreinleikinn upp á móti því hversu allt var – líka þá – rosalega dýrt. Dálítlum kima þjóðarsálarinnar fannst kannski hrós gestanna eins konar uppreisn æru frá því í gamla daga þegar hingað komu leiðangrar evrópskra menntamanna til að skjalfesta lifnaðarhætti við ítrasta sóðaskap. Trúlega hefur samt snyrtimennska almannafæris Reykjavíkur á seinni hluta síðustu aldar annað hvort verið ofmetin eða tilkomin vegna fólksfæðar. Við vorum einfaldlega ekki nógu mörg til að vera jafn ógeðsleg á malbikinu og áður í torfkofunum.

**SÍÐAN** þá hefur ýmislegt breyst. Í fyrsta lagi erum við orðin fleiri þótt samtals myndum við vel rúmast í úthverfi í Kalkútta. Sem er raunar annað skemmtilegt dæmi um borg þar sem andstæðunum ægir saman þó að í ofurlítið ýktari mynd sé. Þar í borg má til dæmis sjá glæsileg íbúðarhús við hlið hrófatildurs úr spýtnabraki en geitur og kýr á beit á ruslahaugnum á hlaðinu. Skepnurnar eru þannig nokkurs konar náttúruleg endurvinnsla í umhverfi sem ekki hefur burði til skipulagðrar hreinsunarstarfsemi. Svona frjálslegt húsdýrahald væri kannski eitthvað fyrir okkur. Að minnsta kosti er umburðarlyndi gagnvart skítandi hundum umtalsvert í Reykjavík svo nokkrar ruslétandi geitur og kýr yrðu fín viðbót.

**VELSÆLDIN** hefur ekki aukið umgengnisþroskann að ráði. Við sýnum yfirborðslega óþolinmæði gagnvart almannasóðum og megum ekki heyra minnst á viðurlög. Sá sem dirfðist að orða hömlur við sölu á úðabrúsum var umsvifalaust kefladur með fussi og sveii um viðbjóðslega forræðishyggju. Nú þegar við höfum öðlast auð og afl til að ráða umhverfi okkar sjálf kemur misþroskinn enn betur í ljós með draugalegum niðurrifskofum sem eru í hrópandi ósamræmi við sjálfsmyndina.

**ÞAÐ** sem hefur nefnilega ekki breyst er að ennþá er hreinlæti afgangsstærð vegna þess að ekki er hægt að hirða af því tafarlausan hagnað. Enn kennum við börnum virðingarleysi fyrir umhverfinu. Á meðan mamma og pabbi losa úr öskubökkunum út um bílgluggann hlýtur það að vera í fínu lagi.



**GÓÐAN DAG!**
**Í dag er miðvikudagurinn 9. apríl, 100. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.16 | 13.29 | 20.44 |
| Akureyri | 5.55 | 13.13 | 20.34 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


www.toyota.is




**Land Cruiser - Tákn um frelsi**

Land Cruiser sameinar hörku og mýkt, orku og lipurð, áræðni, munað og fullkominn tæknibúnað. Fyrsta flokks innrétting tryggir þægilegan og ánægjulegan akstur. Fáguð og viðbragðsfljót vélin ber þig hvert sem leið liggur og það er stórkostlegt að sitja undir stýri.
Land Cruiser er hlaðinn hátæknibúnaði sem eykur öryggi og þægindi í akstri.

**Reynsluaktu Land Cruiser og upplifðu frelsið**

**Verð frá 5.950.000 kr.**

Verð bíls á mynd með 35" breytingu er 7.230.000 kr.

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070